

ERLINGUR GRÉTAR EINARSSON

Horfir öðruvísi á kvikmyndir en áður

Nánni
allt í MIÐJU BLAÐSINS



IDOL-KEPPENDUR

Fá greitt fyrir erfið

Landsbankinn styrkir sexmenningana
FÓLK 34



SILVÍA NÓTT

Boðið að gera sjónvarpsþátt í Japan

Leggur land hinnar rísandi sólar að fótum sér
FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. mars 2006 — 66. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Doppóttur veruleiki

Enginn kemst í gegnum vorið nema poppa upp fataskápinn sinn með nokkrum doppum.

FÓLK 26



Yndisfríðir ungir knapar

Stórsýningin Æskan og hesturinn verður haldin í sextánda sinn nú um helgina. Sýningar eru fjórar og aðgangur ókeypis.

FÁKAR 16



Í fótspor Finns

Þeir sem muna fráhrarf Finns Ingólfs-sonar úr stjórnmálunum taka skýringar Árna Magnússonar um brotthvarf sitt varla trúanlegar, segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 18




Chelsea úr leik

Barcelona komst áfram í Meistaradeild Evrópu eftir 1-1 jafntefli gegn Chelsea í gærkvöldi. Ronaldinho setti á svið sýningu en Barcelona var einfaldlega mun sterkara en Chelsea og komst verðskuldað áfram.

ÍDRÓTTIR 31



VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVIDRI Í dag verður hæg breytileg átt. Bjart á Norðaustur- og Austurlandi en stöku skúrir og el vestan til. Hiti 1-5 stig í dag.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...
FYLGR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN
Met í kaupum á erlendum bréfum
Safnar bréfum í Cermaq

Útséð með vöxt Marels á Íslandi

Forstjóri Marels segir stefnt að uppbyggingu í Slóvakíu. Tvö hundruð ný störf skapast á ári en ekkert hér. Umfang Marels hér minnkar úr 25 prósentum í sjö.

VIÐSKIPTI Forstjóri Marels, Hörður Arnarson, segir útséð með vöxt á starfsemi fyrirtækisins hér á landi. Starfsmönnum þess fjölgi um 200 á ári vegna um tuttugu prósentna stækkunar þess árlega. Þeim fjölgi hins vegar ekki hér heldur verði starfsemin endurskoðuð, verkefni færð til og sérhæfð.

„Við gætum vaxið jafnmikið hérna og erlendis ef aðstæður væru aðrar,“ segir hann. „Markmið fyrirtækisins er hins vegar að minnka vægi íslensks kostnaðar. Sá kostnaður fyrirtækisins hefur verið um 25 prósent en Marel hefur mótað sér þá stefnu að innan þriggja til fimm ára verði hann sjö prósent. Það þýðir ekki endilega að fyrirtækið dragi saman, en vöxtur þess verður ekki hér.“

Hörður segir Marel vera ókleift að vaxa á Íslandi vegna þess hve hátt gengi krónunnar síðustu þrjú

ár hafi verið og vísbendinga um að það breytist ekki. Einnig hafi kostnaður fyrirtækja hækkað mikið. „Fyrirtækið verður að bregðast við þegar tekjur þess skila sér ekki. Um 98 prósent teknanna koma frá útlöndum og tuttugu prósent af þeim tekjum vantar vegna gengisins.“ Marel hefur gripið til þess ráðs að byggja upp í austurhluta Evrópu.

„Mjög hagkvæmt er að reka fyrirtæki í Slóvakíu. Landið er innan Evrópusambandsins, sem tryggir aðgang að opnum vinnu- markaði og stöðugt rekstrarumhverfi. Skattaumhverfið er líka hagkvæmt og kostnaður mjög samkeppnisfær.“ Þar greiðir fyrirtækið nítján prósentna flatan skatt.

„Við erum komnir með 2.500



HÖRÐUR ARNARSON Forstjóri Marels.

fermetra verksmiðjuhúsnæði og reiknum með að 100 manns vinni þar í árslok. Síðan reiknum við með því að byggja nýja verksmiðju þar á nýju ári sem verður svipað stór og verksmiðjan hér á Íslandi.“

Hörður segir nauðsynlegt að skapa forsendur fyrir Seðlabankann til að lækka vexti. Forsvarsmenn Marels hafi oft komið sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnvöld. „Ég held þau sýni vandamálinu skilning en algjör skortur er á aðgerðum.“

Hörður er varaformaður Samtaka iðnaðarins og segir þau styðja sjónarmið Marels. „Aðalmálið er að ríkið, sveitarfélög og opinber fyrirtæki hagi sér þannig að svigrúm myndist til þess að lækka vexti. Ef það gerist lækkar gengið.“



ALLT Í HUNDANA Þessi hvalpur er alinn upp eftir hugmyndum danska þingmannsins Bjørns Medom Nielsen.

Pingmaður vill breytingar: Vill breytt lög um hundaskít

DANMÖRK Danski þingmaðurinn Bjørn Medom Nielsen vill að dómsmálaráðherra landins beiti sér fyrir nýjum lögum um hundaskít. Samkvæmt gildandi lögum eru landeigendur ábyrgir ef hundaskítur á lóð þeirra veldur skaða. Telur þingmaðurinn að ábyrgðin eigi frekar að liggja hjá eigendum.

Íviðtali við danska ríkisútvarpið í gær sagði hann að hundaskítur væri vaxandi vandamál á dönskum gangstétum, en vonandi myndu ný lög snúa þeirri þróun við.

Jónas Garðarsson:

Sakaður um stórfellt gáleysi

DÓMSMÁL Mál ríkissaksóknara gegn Jónasi Garðarssyni, formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Jónas er ákærður fyrir manndráp af gáleysi en hann er sakaður um stórfellda vanrækslu í skipstjórnarstarfi með því að hafa orðið valdur að því að skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri í Viðeyjarsundi, með þeim afleiðingum að tveir farþegar á bátinum, sem voru vinafólk fjölskyldu Jónasar, létust.

Jónas er í ákæru einnig sakaður um „að hafa ekki gert ráðstafanir til bjargar farþegum“ eftir að báturinn losnaði af skerinu.

sjá nánar síðu 6 / -mh



STJÓRN MÁLIN KVÖDD Áni Magnússon fráfarandi Félagsmálaráðherra kvaddi stjórn málin í gær og lauk ráðherraferli sínum á Bessastöðum þar sem hann hófst fyrir tæpum fjórum árum. Hér sést hann ganga glaður frá verki.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bjarni Magnússon íbúi á Hrafnistu lagði FIDE-meistara á Reykjavíkurskáknotinu:

Ætlaði að rugla mig en mistókst

SKÁK Bjarni Magnússon lagði FIDE-meistarann Róbert Harðarson í fyrstu umferð alþjóðlega Reykjavíkurskáknotsins sem hófst á mánudag. Bjarni er 84 ára frístundaskákmaður, búsettur á Hrafnistu í Reykjavík, en Róbert í hópi sterkustu skákmanna landsins.

Bjarni, sem hafði hvítt og tefldi svokallað Volga-bragð, segir skákina hafa verið strembna. „Já, að mörgu leyti. Ég varð að láta það af hendi en það var dálítið eittrað og ég fékk því betri stöðu. Það endaði svo með því að ég gat smám saman þjarmað að honum.“ Volga-bragð er, að sögn Bjarna, hvasst afbrigði fyrir svartan en um leið vanda-



BJARNI MAGNÚSSON Lagði Róbert Harðarson í fyrstu umferð. Mætti egypskum stórmeistarum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

samt fyrir hvítan. „Hann ætlaði að rugla mig en það mistókst hjá honum. Hann eyddi miklu meiri

tíma en ég og var í hálfgerðri úlfakreppu alla skákina.“

Bjarni hefur teflt síðan hann var barn í Hafnarfirði. Undanfarna ár hefur hann fyrst og fremst teflt við skáktölvu en lengi tefldi hann bréfskák og þá við menn um allan heim. Bjarni hefur gaman af að taka þátt í mótum og reynir að tefla í þeim flestum. „Ég geri það meðan ég hef þrek. Maður safnar reynslu með því en á móti kemur að þrekið fer þverrandi svo þetta jafnast út.“

Bjarni mætti stórmeistararum Ahmed Adly frá Egyptalandi í annari umferðinni í gær en úrslit skákarinnar voru ekki ljós þegar Fréttablaðið fór í prentun.

HEILBRIGÐUR ÚTBOÐS-MARKAÐUR?
Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og Vit 2006
Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is



SPURNING DAGSINS

Haraldur, ertu að hafa ham-skipti?

„Já, ég er ekki lengur í ham.“

Haraldur Ólafsson uppstoppari er hættur að stoppa upp fugla vegna fuglaflensunnar. Hann ætlar að einbeita sér að uppstoppun fiska, en í þeirri grein náði hann heimsmeistarititli atvinnumanna í fyrra.

Reykjavíkurskáknotið:

Óvænt úrslit í fyrstu umferð

SKÁK Mikið var um óvænt úrslit í 1. umferð Alþjóðlega Reykjavíkurskáknotsins.

Færeyingurinn ungi Helgi Dam Ziska vann heim- þekktu stór- meistarara Jan Timman og Hjörvar Steinn Grétarsson vann sterkan FIDE- meistarara frá Kazakstan að nafni Menkeyev. Hinn ungi Guðmundur Kjartansson náði jafntefli við ofurstór- meistarann Harikrishna frá Indlandi.

Óskar Bjarnason gerði jafntefli við serbneska stórmeistar- ann Ivanisevic og sænska skákkonan Christin Andersson vann Stefán Kristjánsson. - shá

Gunnar í Krossinum kærður:

Hæðist að kyn- hneigð fólks

LÖGREGLUMÁL Samtökin '78 hafa lagt fram kærú á hendur Gunnari Þorsteinssyni, forstöðumanni Krossins, fyrir niðrandi ummæli hans um samkynhneigða í blað- grein í febrúar síðastliðnum.

Í umræddri grein talar Gunnar um þá áhættu sem börn sem alast upp hjá samkynhneigðum eru sett í að hans mati og tilgreinir sjö full- yrðingar máli sínu til stuðnings.

Um róg og nið er að ræða að mati Samtakanna '78 enda gripi Gunnar þar fordóma úr lausu lofti og tjái sem sannleik. Er kærar borin fram á grundvelli laga um fjársektir og fangelsi til handa þeim er ráðast með rógi, smánum eða ógnun á mann eða hóp manna vegna kynhneigðar þeirra. - aðe

Iceprótein flutt til Sauðárkróks og starfar í tengslum við þróunarsetur Hólaskóla:

Gæti skapað fimm til tíu störf

RANNSÓKNIR Próteinverksmiðjan Iceprótein tekur til starfa á Sauðár- króki innan tíðar og verður hluti af Verinu - þróunarsetri Háskólans á Hólum á Sauðárkróki. Samningur þar að lútandi var undirritaður við opnun Versins í gær.

Iceprótein er verkefni á vegum Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðar- ins og var áður unnið í samstarfi við HB Granda. Útvegsfyrirtækið FISK Seafood á Sauðárkróki er nýr sam- starfsaðili.

Einar K. Guðfinnsson sjávarút- vegsráðherra er ánægður með samninginn og er vongóður um góðan árangur. „Lykillinn að verk- efninu er samstarf við öflugt



EINAR K. GUÐFINNSSON Fimm til tíu ný störf gætu skapast á Sauðárkróki.

sjávarútvegsfyrirtæki. Rannsókn- arstofnun fiskiðnaðarins getur ekki rekið verkefnið upp á sitt eindæmi og því þarf stuðning frá fyrirtæki,

sem getur falist í fjármagni, aðstöðu og aðgangi að fiski.“

Verkefnið snýst um að vinna prótein úr fiski sem svo nýttist í margvíslegar vörur, til dæmis heilsu- og fæðubótavörur.

Einn starfsmaður vinnur að verkefninu fyrst en sinn en Einar segir líklegt að þeim fjölgi. „Ef allt gengur vel og verkefnið lánast telj- um við að störfum fjölgi og þá erum við að tala um allt að fimm til tíu störf í framtíðinni.“

Að starfsemi Versins koma, auk Háskólans á Hólum, Rannsóknar- stofnun fiskiðnaðarins, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og FISK Seafood. - bps

Jónas ákærður fyrir manndráp af gáleysi

Jónas Garðarsson er ákærður fyrir manndráp af gáleysi eftir að hafa stýrt skemmtibátnum Hörpu, undir áhrifum áfengis, á Skarfasker hinn 10. september í Viðeyjarsundi með þeim afleiðingum að tvennt lést.

DÓMSMÁL Jónas Garðarsson, for- maður Sjómannafélags Reykja- víkur, er ákærður fyrir manndráp af gáleysi en mál Ríkissaksóknara gegn honum var þingfest í Hér- aðsdómi Reykjavíkur í gær.

Jónasi er gefið að sök að hafa sem skipstjóri skemmtibátsins Hörpu verið undir áhrifum áfeng- is hinn 10. september í fyrra, þegar báturinn steytti á Skarf- skeri, á töluverðum hraða, með þeim afleiðingum að Friðrik Ásgeir Hermannsson og Matthild- ur Helgadóttir, farþegar á bátinum og vínafólk Jónasar, létust. Að auki er Jónasi gefið að sök að „hafa ekki gert ráðstafanir til bjargar farþegum eftir að stór- lega laskaður báturinn losnaði af skerinu.“ eins og segir orðrétt í ákæru, og hvorki leitað aðstoðar björgunarliða né siglt bátinum skemmstu leið til lands.

Eiginkona Jónasar og ellefu ára gamall sonur þeirra björguðust naumlega í slysinu.

Jónas Garðarsson vísaði ákærinni á bug við þingfestingu málsins í gær en vildi ekki tjá sig um það efnislega hvaða atriði það væru í ákærinni sem hann gæti ekki fallist á. „Ákæran er röng. Það verður farið nákvæmlega yfir málið við aðalmeðferðina. Meira vil ég ekki segja um málið að svo stöddu,“ sagði Jónas.

Háttsemi Jónasar þykir varða 215. grein almennra hegningar- laga en í henni segir að ef „manns- bani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða allt að sex ára fangelsi“.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson,



JÓNAS GARÐARSSON MÆTIR Í HÉRAÐSDÓM Jónas Garðarsson vísar ákærinni á hendur sér á bug og segir hana í efnisatriðum ranga. Málið verður tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 5. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lögmaður aðstandenda Friðriks og Matthildar, sagði skaða- bótakröfu aðstandenda í málinu nema tugum milljóna. „Ég held að það sé ótímabært að tjá sig um efnisatriði málsins. Það á eftir að koma fram við með- ferð málsins fyrir dómi hvernig atburða- rásin var.“

Bótakröfur í málinu hafa verið settar fram af hálfu sona Matthildar og for- eldra hennar, og sona Friðriks og móður. Gerðar eru kröfur um miskabætur, bætur fyrir missi framfaranda, um greiðslu útfar-

arkostnaðar og um greiðslu á öðru fjártjóni. Heildarupphæð bóta- krafna er í kringum þrjátíu millj- ónir króna. Málið verður tekið til aðalmeðferðar hinn 5. maí í Hér- aðsdómi Reykjavíkur.



JÓNAS ÁSAMT VERJANDA SINUM Fjöldi fólks sat í dómssal í gær þegar málið var þingfest í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hæstiréttur í farbannsmáli:

Staðfesti kröfu lögreglunnar

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að létta farbanni af manni sem reyndi að smygla tæplega einu kíló af amfetamíni og rúmlega þremur kílóum af hassi til landsins í desember.

Maðurinn sætti gæsluvarðhaldi í sex vikur eftir að hann var tek- inn, samkvæmt úrskurði Héraðs- dóms. Það var síðan framlengt. Þegar lögreglan fór fram á frekari framlengingu varð Héraðsdómur ekki við því. Lögreglan kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti kröfu hennar. Maðurinn var úrskurðaður í farbann til 12 apríl. - jss



AUKIN ÁFENGISNEYSLA Meira var drukkið af sterku víni árið 2005 en árin á undan. Sala jókst á léttum vínunum og sérstaklega hvítvíni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Áfengisneysla Íslendinga:

Meira drukkið af sterku víni

ÁFENGI Sala á sterkum drykkjum jókst um fimm prósent árið 2005 samanborið við árið á undan. Þetta kemur fram í nýjasta hefti Hagtíð- inda um áfengisneyslu á árinu 2005. Þetta eru nýmæli því sala á sterk- um drykkjum hefur verið að drag- ast saman á undanförunum árum.

Áfengissala hérlendis var um 21,8 milljónir lítra árið 2005 á móti 20,4 milljónum lítra árið 2004. Salan jókst því um 6,8 prósent. Sala á léttu víni eykst stöðugt og hefur sala á hvítvíni aukist sérstaklega mikið á síðustu þremur árum. - shá

LÖGREGLUFRETTIR

Eftirlit í Borgarnesi Lögreglan í Borg- arnesi stöðvaði í gær töluverðan fjölda fólks sem talaði í farsíma undir stýri án handfrjáls búnaðar. Varðstjóri í lögregl- unni segir nauðsynlegt að sinna eftirliti á þessum atriðum reglulega til þess að lágmarka skaðann sem af símanotkun við akstur getur orðið.

DÓMSMÁL

Grunaður um kynferðisbrot Hæstiréttur staðfesti í gær héraðsdóms þess efnis að epiópískur karlmaður á þritugsaldri skuli sæta gæsluvarðhaldi þangað til dæmt hefur verið í máli hans. Maðurinn er grunaður um kynferðislega áreitni gagnvart tveimur tólf ára gömlum stúlkum.

Erlendar skuldir Íslendinga 829 milljörðum meiri en erlendar eignir:

Viðskiptahalli nær tvöfaldast

VIÐSKIPTI Halli á viðskiptum við útlönd nam samtals 164,1 milljarði króna á síðasta ári samkvæmt bráðabirgðatölum frá Seðlabanka Íslands.

Árið 2004 nam viðskiptahallinn 85,3 milljörðum króna og eykst því um 92 prósent á milli ára.

Á fjórða árshluta var hallinn 53,1 milljarður króna, sem er um átján milljörðum meira en á sama tímabili í fyrra.

Ætla má að viðskiptahallinn á síðasta ári nemi að minnsta kosti sextán prósentum af vergrí lands- framleiðslu en hann var um átta prósent árið 2004. OECD hafði reiknað með 11,6 prósentu halla fyrir nýliðið ár.

Útflutningur vöru og þjónustu jókst um 12,6 prósent á milli ára en innflutningur um 38,2 pró- sent.

Samkvæmt tölum Seðlabank-

ans versnaði hrein staða þjóðar- búsins við útlönd um 163 milljarða á síðasta ári og var neikvæð um 829 milljarða í lok árs. Erlendar eignir námu 2.398 milljörðum króna í árslok en erlendar skuldir voru 3.227 milljarðar króna. - eþa

MEIRA KEYPT EN SELT Íslendingar eru enn að auka skuldir með því að kaupa meira frá útlöndum en við seljum.



Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



1.750.000,-

Sjálfskipt, 1.8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is



SIMPLY CLEVER

Afl og hagkvæmni

TDI

TDI[®] dísilvélin eyðir aðeins
4,9 lítrum*



Skoda Octavia

Skoda Octavia með **TDI[®]** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni þarf ekki að vera mótsögn. Hér er kominn bíll sem sameinar fullkomlega sparneytni og kraft. Vélin er 1,9 lítra, aflmikil og hljóðlát og skilar 105 hestöflum. Þrátt fyrir það er eyðslan ótrúlega lítil, aðeins 4,9 lítrar í blönduðum akstri. Svo er Octavia **TDI[®]** fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sítengdu aldrifi.

Octavia Ambiente **TDI[®]**
2.050.000 kr.

*M.v. 100 km blandaðan akstur



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 7.3.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	66,53	66,85
Sterlingspund	115,53	116,09
Evra	79,19	79,63
Dönsk króna	10,615	10,677
Norsk króna	9,909	9,967
Sænsk króna	8,364	8,414
Japanskt jen	0,5642	0,5676

SDR 95,5 96,06 95,78

Gengisvísitala krónunnar
111,3095

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra Ísraels hyggst skera niður:

Landtökumenn fá minna fé

JERUSALEM, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, lýsti því yfir í gær að flokkur hans, Kadima, myndi skera niður í stórum stíl greiðslur til ísraelskra landtökumanna á svæðum Palestínnumanna. Þess í stað yrði fjármunum varið til svæða í Ísrael þar sem uppbygging hefur setið á hakanum.

Þetta er í fyrsta sinn sem Olmert hefur sagt það fullum fetum að hann ætli að draga úr fjárveitingum til landnámsins, sem hófst fyrir um fjörfu árum og hefur kostað ísraelska ríkið jafnvirði hundruða milljarða króna. Allar skoðanakannanir benda til þess að Kadima muni

hljóta langmest fylgi í þingskosningunum sem haldnar verða í Ísrael hinn 28. mars.

„Það er ekkert leyndarmál að við munum ekki fjárfesta á næstu árum fyrir sömu upphæðir og við fjárfestum áður fyrir í byggingum og samgöngukerfi á svæðum handan við grænu línuna,“ sagði Olmert í ræðu sem hann hélt í Tel Aviv. Með grænu línunni á hann við landamæri Ísraels fyrir stríðið árið 1967.

Olmert tók við af Ariel Sharon, bæði sem forsætisráðherra og leiðtogi Kadima-flokksins, þegar Sharon fékk alvarlegt heilablóðfall í ársbyrjun.



EHUD OLMERT Ætlar að draga verulega úr fjárfingum til ísraelskra landtökumanna. MYND/AP

Ólafsfjörður og Siglufjörður:

Samkeppni um nafn sveitarfélags

SVEITASTJÓRNARMÁL Nafnanefnd sameinaðs sveitarfélags Ólafsfjarðar og Siglufjarðar óskar eftir tillögum að nýju nafni á sveitarfélagið.

Úr tillögnum verða valdar allt að fimm hugmyndir sem sendar verða örnefnanefnd til umsagnar.

Samhlöða sveitarstjórnarkosningunum í maí verður gerð skoðanakönnun þar sem valið stendur á milli þeirra nafna sem komist hafa í gegnum nálarauga örnefnanefndar. Það verður í verkahring nýrrar sveitastjórnar hins nýja sveitarfélags að ákveða nafnið.

Skilafrestur tillagna er til 24. mars. - bps



RANNSÓKN Lögreglan rannsakar enn búgarð bresks auðkýfings í tengslum við stóra ránið sem framið var í Kent í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stóra Securitas-ránið:

Fleiri milljónir punda finnast

LONDON, AP Breska lögreglan tilkynnti fyrir í vikunni um frekari fund á milljónum punda sem talin eru tengjast stóra ráns málinu frá Securitas-fyrirtækinu í Tonbridge í lok febrúar.

Þegar hafa yfir ellefu milljónir punda fundist af þeim 53 milljónum sem stolið var. Þar af fundust yfir níu milljónir punda á bifreiðaverkstæði í London, að sögn lögreglu. Fimm manns hafa verið ákærðir í tengslum við málið, en sautján hafa verið handteknir.

Lögregla hefur gert um 3.500 gripa upptæka vegna málsins og yfirheyrt yfir 300 vitni. - smk

Yfirmaður vegamála á Írlandi:

Vegakerfið er ómögulegt

DUBLIN, AP Um það bil níutíu prósent írskra ökumanna fara yfir hámarkshraða, samkvæmt því sem yfirmaður vegamála á Írlandi, Harry Cullen, segir, en eftirliti lögreglunnar er ábótavant.

Hann segir jafnframt nauðsynlegt að hanna vegina betur, ekki síst vegna þess hve oft hættu skapast af því þegar ekið er fram úr á hlykkjótum tvíbreiðum vegum landsins. Írar ættu í þessum efnum að draga lærdóm af löndum á borð við Ástralíu, Svíþjóð og Bandaríkin. - gb

Hættu við Bauhaus og sömdu við BYKO

Talsmaður Bauhaus segir að fyrirtækinu hafi verið lofað að það sæti eitt að lóðinni í Garðabæ. Samningaviðræðurnar um byggingarréttinn hafi gengið vel og í sátt við bæjaryfirvöld þar til Ásdís Halla Bragadóttir varð forstjóri BYKO.

LÓÐAÚTHLUTUN Þrátt fyrir heimsóknir bæjarfulltrúa Garðabæjar til Bauhaus í Þýskalandi og orð lóðaeigenda um að keppinautar fengju ekki byggingarréttinn í Urriðaholti, svo samkeppni á byggingarmarkaði yrði tryggð, keypti Byko réttinn. Það gerðist aðeins degi eftir að forsvarsmönnum Bauhaus var tilkynnt að margra mánaða viðræðum væri slitið. Þetta segir yfirmaður þróunarsviðs Bauhaus-byggingarfyrirtækisins, Helmut Diewald.

„Við gerðum allt til þess að fá lóðina en þegar kom að þeim tímamótum að bæjarstjórnin í Garðabæ varð forstjóri BYKO varð kúvendur í samningaviðræðunum við eigendur lóðarinnar.“



HELMUT DIEWALD Yfirmaður þróunarsviðs Bauhaus.

Diewald segir nýja bæjarstjórnann, Gunnar Einarsson, hafa vitað ástæðu þess að viðræðunum lauk: „Ég sendi honum afrit af tölvupóstum milli okkar Jóns Pálma,“ segir hann og sýnir blaðamanni póstana til staðfestingar. Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafi allan tímann stutt komu Bauhaus til bæjarins. Gunnar staðfestir það og segir bæjarfulltrúa hafa farið til Þýskalands til að skoða lausnir á bæjarskipulagi hverfa. Framkvæmdastjóri Urriðaholts hafi einnig boðið þeim í heimsókn til Bauhaus. „Við vorum spennt að



BYKO BAUD BETUR Í URRIÐAHOLTÍ Helmut Diewald segir Bauhaus aldrei hafa reynt eins til þrautar að fá lóð eins og þá í Garðabæ. „Við lögðum mikla vinnu í viðræðurnar, vorum með sérfræðinga frá fjórum löndum, alls um fimmtán manns. Viðræðurnar stóðu í fimm mánuði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stórfyrirtæki eins og Bauhaus eða önnur kæmu í bæinn. Við komum hins vegar ekki að því hverjir byggji hverfið heldur hvernig.“

Jón Pálmi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Urriðaholts, sagði í Fréttablaðinu í gær að Bauhaus hafi misst áhuga á lóðinni og því hafi verið samið við BYKO.

Diewald segir að Bauhaus hafi teygst sig úr 240 milljónum í 280 eftir að Jón Pálmi hafi sagt að BYKO vildi greiða 300 milljónir fyrir byggingarrétt á lóðinni. „Þetta var aldrei spurning um hvað BYKO byði í lóðina því Jón Pálmi breytti hverju einasta umsömdu atriði frá fyrri fundi á þeim næsta.“ Nefnir Diewald að Bauhaus hafi verið boðnar fleiri

lóðir á svæðinu en síðar hafi eigendurnir fallið frá því. „Þannig gekk það í ágúst, september og fram í miðjan október. Þá settum við eigendunum stólinn fyrir dyrnar og sögðum að við borguðum aðeins umsamið verð og ekkert annað. Ef þeir vildu eitthvað annað gætum við ekki mætt þeim kröfum.“ Skömmu síðar hafi hann fengið tölvupóst frá Jóni Pálma þar sem Urriðaholt sleit samningaviðræðunum: „Við fengum á tilfinninguna að þeir væru að leita að ástæðu til þess að slíta viðræðunum án þess að missa virðingu sína með því að setja fram kröfur sem þeir vissu að við gætum ekki fallist á.“

Ekki náðist í forstjóra BYKO.

gag@frettabladid.is

Námsstyrkur í boði í Brighton:

Skilyrði að heita Peyton

ENGLAND, AP Forráðamenn eins besta einkaskóla Breta, Brighton College, eiga við einkennilegan vanda að stríða þessa dagana. Þá vantar nema á aldrinum 13 til 18 ára sem ber nafnið Peyton.

Ástæðan er sú að fyrrum nemandi skólans, David Wakehurst Peyton, sem lést árið 2002, arfleiddi skólann að hundruð þúsunda punda sjóði sem á að standa straum af kostnaði við skólavist nemandar. Þau skilyrði fylgdu að neminn verður að heita Peyton.

Skólafyrirvöld hafa á árangurs haft samband við 600 Peytona í Bretlandi í leit að unglingi sem hefur áhuga á skólavist og leita nú landi ljósi út fyrir landsteinana. - smk



Á FERÐALAGI Kastrup-flugvöllur var nýlega kosinn besti flugvöllur Evrópu fimmta árið í röð. GETTY IMAGES

Alþjóðleg flugvallakönnun:

Kastrup bestur í Evrópu

DANMÖRK Fimmta árið í röð er Kastrup-flugvöllur í Kaupmannahöfn valinn besti flugvöllur Evrópu en í ár deila Danirnir fyrsta sætinu með flugvöllinum í Brussel.

Þetta er niðurstaða alþjóðlegrar könnunar sem hundruð þúsund farþegar tóku þátt í. Kastrup-flugvöllur er stærsti flugvöllur Norðurlanda en um völinn fara um tuttugu milljónir farþegar á ári. Aðeins flugvöllirnir í Kuala Lumpur og Dubai þóttu betri í öllum heiminum en sá danski og belgíski. - ks


VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

VINDLAUST Í DAG
Veður dagsins er bara hið besta. Bjart í veðri á austurhluta landsins en vestan til verður skjáð og summsstaðar skúrir eða él. Vindur verður í hægagangi og er það kærkomin hvíld frá honum eftir lætin síðustu tvo daga. Á morgun fer vindur heldur vaxandi á ný vestan til og úrkomusvæði kemur yfir sunnan og vestanvert landið.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Hæg breytileg átt. Skýjað með köflum og stöku skylduél. Hiti 1-4 stig, frýstir í kvöld.



Kaupmannahöfn	0°C hálfskýjað	Paris	12°C skúrir	Alicante	20°C heiðskirt
Osló	-1°C heiðskirt	Berlín	1°C heiðskirt	Milano	9°C skúrir
Stokkhólmur	-1°C heiðskirt	Frankfurt	3°C skúrir	New York	7°C léttskýjað
Helsinki	-7°C heiðskirt	Madrid	17°C hálfskýjað	San Francisco	14°C hálfskýjað
London	12°C skúrir	Barcelona	16°C heiðskirt	Orlando/Florida	24°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Verk og vit 2006

Stórsýningin Verk og vit

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni.

16.-19. mars 2006


Misstu ekki af glæsilegri sýningu

verkogvit.is

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar hagnaður!

– við erum í sjöunda himni!

Ánægja viðskiptavina



Samkvæmt **Ánægjuvög Gallup** eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir ánægðustu af viðskiptavinum bankakerfisins sjöunda árið í röð. Við lögum okkur að þörfum einstaklinga og einbeitum okkur að því að veita persónulega og góða þjónustu. Við erum í sjöunda himni og þökkum viðskiptavinum okkar kærlega fyrir!

Starfsfólk Sparisjóðsins



SPARISJÓÐURINN
– fyrir ánægjuna



KJÖRKASSINN

Er eftirsjá að Árna Magnússyni af Alþingi?

Já	40%
Nei	60%

SPURNING DAGSINS Í DAG
Ertu flughrædd(ur)?

Segðu skoðun þína á visir.is



Rannsókn á morði Jóns Ólafssonar og Brendu Jovel:

Einn maður liggur undir grun

SAKAMÁL Fyrirtækið T.J. investigadores privados y seguridad privada í El Salvador, sem er í eigu ættingja Brendu Salinas Jovel sem var myrt í síðasta mánuði ásamt Jóni Þór Ólafssyni, er nú að ljúka við rannsókn sína á morðinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einn maður sterklega grunaður um verknadinn. Talið er að rannsókninni ljúki innan fjögurra daga.

Lögreglan í San Salvador gefur hins vegar ekki upplýsingar um gang mála í rannsókn hennar.

Íslenskir starfsmenn Enex eru komnir aftur til starfa í El Salvador að sögn Jose Salvador Chiquillo,

upplýsingafulltrúa La Geo, en Enex sem Jón Þór starfaði fyrir vinnur að jarðvarmaverkefni fyrir fyrirtækið.

„Við erum í góðu samstarfi við forsvarsmenn Enex og erum alltaf tilbúnir að ræða alla fleti málsins með þeim. Þrátt fyrir allt saman er útlit fyrir að verkeið verði tilbúið á tilsettum tíma,“ segir Chiquillo.



JÓN ÞÓR ÓLAFSSON



AF VETTvangi Fyrirtæki sem er í eigu ættingja Brendu er nú á lokastigi með rannsókn á þessu voðaverki sem framið var í síðasta mánuði.

Íslendingur í haldi í Burnley:

Situr enn í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður er í haldi lögreglunnar í Burnley á Englandi vegna ítrekaðra heimsóknna fjórtán ára gamallar stúlku á hótélhergi hans í bænum.

Áður en til heimsóknanna kom hafði maðurinn rætt við stúlkuna í gegnum tölvu og kynntust þau þannig.

Sigurður Arnarsson, sendiráðsprestur Íslands í London, vildi ekki tjá sig um stöðu málsins þegar Fréttablaðið óskaði eftir því í gær. Að sögn lögreglunnar í Burnley stendur rannsókn málsins yfir en ekki er ljóst hvernig samskiptum Íslendingssins og stúlkunnar var háttað.



MOHAMED ELBARADEI Yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á fundi í Vínarborg í gær.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin: Áfram fundað um mál Írana

AUSTURRÍKI, AP Aðaltalsmaður Írana sagði þá vera tilbúna að fresta stórfelldri auðgun úrans í allt að tvö ár. Virðist þetta tilboð vera síðasta tilraun Írana til að fríða stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, sem nú fundar um kjarnorkuáætlun þeirra í Vín.

Ali Larjani lét þessi orð falla í Moskvu á föstudag með þeim skilyrðum að Íranar héldu áfram auðgun úrans í litlum mæli. IAEA og Bandaríkin hafa farið fram á að Íranar gefi upp alla auðgun á úrani á heimavelli, en Rússar hafa lagt til að Íranar fái að hefja vinnslu aftur í litlum mæli eftir átta ár. Ólíklegt virðist þó að sú lausn verði samþykkt af stjórn IAEA.

- smk

Jóhannes M. Gunnarsson:

Yfirlýsing

Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, hefur beðið Fréttablaðið að birta eftirfarandi yfirlýsingu vegna ummæla um aðkomu unglækna að notendahópum til undirbúnings byggingar nýs spítala:

Beðist er velvirðingar á óheppilegum ummælum undirritaðs varðandi aðkomu unglækna að starfshópum er vinna að undirbúningi skipulags nýs spítala, sem framkvæmdastjórn skipaði að fengnum tillögum sviðsstjóra.

Framundan er löng vegferð áður en það skipulag er fullmótt.

Aðkoma unglækna verður nauðsynlegri eftir því sem verkinu vindur fram og munu þeir verða kallaðir til þessara starfa í vaxandi mæli. Annað hefur aldrei staðið til.

7. mars 2006,

Jóhannes M. Gunnarsson
framkvæmdastjóri lækninga

VESTUR-AFRÍKA

Innflytjendur drukna Minnst 45 manns sem reyndu að flytja ólöglega frá Vestur-Afríku til Spánar drukkuðu í tveimur bátsslysum á laugardag og mánudag, að sögn yfirvalda í Míritaníu. Fiskibátar björguðu minnst 26 manns úr hafinu og sautján manns er saknað. Fólkið reyndi að róa kanóum 1.000 kílómetra vegalengd frá Míritaníu til Kanaríeyja. Líklegt þykir að slæmt veður hafi valdið slysunum.



RÍKISRÁÐSFUNDUR Á BESSASTÖÐUM Siv Friðleifsdóttir tók á ný sæti í ríkisstjórn í gær og ber nú ábyrgð á ráðuneytinu sem frekast er til fjárins.

Ríkisstjórn óbreytt fram yfir kosningar

Siv Friðleifsdóttir tók við lykklavöldum úr hendi Jóns Kristjánssonar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að loknum ríkisráðsfundi í gær. Jón sest í stól félagsmálaráðherra. Iðnaðarráðherra áttaldi þingmann fyrir orð hans í garð Árna.

STJÓRN MÁL Siv Friðleifsdóttir tók við embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ríkisráðsfundi sem haldinn var á Bessastöðum laust fyrir hádegi í gær. Á sama fundi kvaddi Árni Magnússon ríkisstjórnina og baðst lausnar frá embætti félagsmálaráðherra. Jón Kristjánsson tók við embættinu af Árna um leið og hann afhenti Siv lykklavöldin að heilbrigðisráðuneytinu.

„Ég held ekki að þetta hafi nein sérstök áhrif á stjórnarsamstarfið. Ég hef góða reynslu af samstarfinu við Siv Friðleifsdóttur,“ sagði Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, eftir ríkisráðsfundinn. Hann kvaddi ekki sjá fyrir sér frekari breytingar á ríkisstjórninni fyrir þingkosningarnar vorið 2007.

Halldór Ásgrímsson, formaður

Framsóknarflokksins, vísaði á bug röksemdum um að brotthvarf Árna veikti flokkinn og brotthvarf hans úr stjórnmalunum hefði ekki verið rætt á fyrri stigum. „Við ræddum þetta fyrst síðastliðinn föstudag.“

Forsætisráðherra gerði Alþingi grein fyrir ráðherraskiptunum í upphafi þingfundar í gær og Sólvéig Pétursdóttir, forseti Alþingis, las upp lausnarbréf Árna Magnússonar, sem hættir þingmennsku um leið og hann stígur upp úr ráðherrastóli.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, kvaddi sér hljóðs og kvad eftirsjá af Árna úr stjórnmalunum. Hann sagðist hafa orðið hugsí yfir nýju starfi Árna sem tengdist fjárfestingum á sviði orkumála. „Ég fæ ekki betur skilið en að þetta sé annað heiti á raforkugeiranum og vek athygli á því

að fyrir Alþingi liggja frumvörp frá ríkisstjórninni um að hlutafélagavæða og einkavæða raforkufyrirtækin í landinu. Þetta er þörf áminning til þingsins um að fjármálaheimurinn bíður spenntur eftir því að geta fengið almanna-eignir til ráðstöfunar. Almanna-eignir sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru í þann mund að færa þeim til ráðstöfunar. Þetta eru hin pólitísku skilaboð,“ sagði Ögmundur.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra ávitti Ögmundur og sagði orð hans ótrúlega óviðeigandi. „Það sem bíður fráfarandi félagsmálaráðherra í Íslandsbanka varðar allt annað en háttvirtur þingmaður talaði um í sinni ræðu. Ræðan sem hann hélt var honum til minnkunar,“ sagði Valgerður.

johannh@frettabladid.is

Ríkisstjóri Suður-Dakóta herðir lög:

Bannar allar fóstureyðingar

BANDARÍKIN, AP Mike Round, ríkisstjóri Suður-Dakóta, samþykkti lög á mánudag sem banna allar fóstureyðingar í ríkinu, nema líf móðurinnar sé í hættu. Engar undantekningar eru gerðar vegna þungana af völdum nauðgana eða sífjaspella, og læknar sem framkvæma fóstureyðingar geta átt von á allt að fimm ára fangelsi og hárrí sekt.

Lögin eiga að taka gildi 1. júlí, en líklegt þykir að málaferli muni fresta gildistöku þeirra. Starfsmenn einu fóstureyðingamiðstöðvar Suður-Dakóta lýstu því yfir að þeir myndu spyrna við nýju lögunum með málaferlum eða undirskriftalistum, og lofuðu

að miðstöðinni yrði ekki lokað.

Ríkisstjórnin sagði lögunum ætlað að neyða Hæstarétt Bandaríkjanna til að endurmeta úrskurð sinn frá 1973 sem sagði fylkisstjórnir ekki hafa umboð til að banna fóstureyðingar, en margir telja tvo nýja dómara hæstaréttarins, John Roberts og Samuel Alito, líklega til að herða bandarísk lög um fóstureyðingar. Stjórnir nokkurra annarra ríkja íhuga að herða sín lög og líklegt þykir að niðurstaða þessa máls muni hafa mikil áhrif þar um.

Um 800 fóstureyðingar eru framkvæmdar á ári hverju í Suður-Dakóta.

- smk



RÍKISSTJÓRA ÞAKKAÐ Níu ára drengur í fylgd móður sinnar þakkar ríkisstjóra Suður-Dakóta fyrir ný lög sem banna fóstureyðingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ICELANDIC COURSES NEW PROGRAM

- ▶ Courses for beginners and advanced students.
- ▶ Courses divided in 2 categories, grammar/written expression and oral expression.

EXCELLENT TEACHERS – TOP CLASS COURSES

Applications are due March 16th.

See further on: www.endurmenntun.is.
Application forms also available at our office.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Endurmenntun Háskóla Íslands • Dunhaga 7 • 107 Reykjavík
Sími 525 4444 • Bréfsími 525 4080 • www.endurmenntun.is

ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ BREYTT OG BETRA NÁM

- ▶ Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.
- ▶ Námskeiðunum er skipt í tvo flokka, með áherslu á málfraeði annars vegar og talmál hins vegar.

ÚRVALS KENRARAR – FRÁBÆR NÁMSKEIÐ

Umsóknarfrestur til 16. mars.

Sjá nánar á: www.endurmenntun.is.
Einnig fást umsóknareyðublað á skrifstofu EHI.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Endurmenntun Háskóla Íslands • Dunhaga 7 • 107 Reykjavík
Sími 525 4444 • Bréfsími 525 4080 • www.endurmenntun.is

Ferðanýjung ársins!

Wannaris og Tímeler sumarið 2006

Tyrkland

Fagurt og framandi - fyrir þig!

Upplifðu hið fullkomna sumarfrí fjölskyldunnar:

- Glæsilegir gististaðir
- Vikulegt leiguflug frá 23. maí
- Ótrúlegt verðlag
- Iðandi mannlíf
- Einstök gestrisni
- Stórkostleg náttúrufegurð
- Óteljandi menningarperlur
- Spannandi skoðunarferðir

Forum

Stórar, glæsilegar
íbúðir með 2 svefnherb.

39.800*

á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn,
2ja-11 ára, í íbúð m/2 svefnherbergjum
í 7 nætur, 27. júní.

Faber

Nýtt og notalegt
íbúðahótel

42.600*

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn,
2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi
í 7 nætur, 18. júlí.

Vinsælir gististaðir
að seljast upp.
Bókaðu strax!

*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

VISA


MasterCard
Jörð og Tími

Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsingum á hótélum
er að finna á www.urvalutsyn.is

Úrval-Útsýn, Lágmúla 4: 585 4000 - Akureyri: 460 0600 - Vestmannaeyjum: 481 1450



NISSAN PATROL



ENDIST ENDALAUST

Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá **3.990.000 kr.**

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI Sálfræðingar eiga að aðstoða við að bæta andrúmsloftið í skólanum.

Deilurnar í Menntaskólanum á Ísafirði:

Sálfræðingar leysi vandann

MENNTAMÁL Tveir sálfræðingar héldu fund með starfsmönnum Menntaskólans á Ísafirði í fyrradag.

Fékk hver starfsmaður sinn tíma með sálfræðingunum og eru fundirnir liður í að jafna ágreining sem hefur verið í skólanum.

Kennarar sem Fréttablaðið ræddi við segja óryggi ríkja innan skólans á meðan óljóst sé hverja menntamálaráðuneytið skipi sem næstu stjórnendur skólans. Skólastjóri, áfangastjóri og aðstoðarskólastjóri hverfa sem kunnugt er frá störfum eftir vorönnina.

- gag



TVÍBURATURNARNIR HRYNJA Miðborg New York var eins og vígvöllur eftir að tveimur flugvélum var flogið á Tvíburaturnana á Manhattan.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Fara fram á dauðadóm

Réttarhöld eru hafin yfir eina manningu sem ákærður hefur verið vegna hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Sumir telja þó að Zacarias Moussaoui sé eingöngu blóraböggull.

BANDARÍKIN, AP Saksóknarar í máli Zacarias Moussaoui, eina mannsins sem hefur verið ákærður fyrir aðild að hryðjuverkaárásunum í Bandaríkjunum 11. september 2001, fara fram á að hann verði tekinn af lífi. Við upphaf réttarhaldanna á mánudag benti verjandi hans vegar á að yrði Moussaoui tekinn af lífi gæti það gert hann að píslarvætti og hetju. Búist er við að réttarhöldin standi í allt að þrjú mánuði, en ljóst þykir að Moussaoui bíður annað hvort lífs-tíðarfangelsi eða dauðadómur.

Moussaoui, sem er franskur ríkisborgari af marokkóskum uppruna, var handtekinn í ágúst 2001, tæpum mánuði fyrir árásirnar sem urðu 2.972 manns að bana. Í apríl síðastliðinn játaði hann hollustu við Osama bin Laden og al-Kaída hryðjuverkasamtökin, sem og að hafa skipulagt hryðjuverk sem fremja átti síðar. Hann neitar hins vegar allri aðild að hryðjuverkunum sem gerð voru hinn 11. september 2001 og segist þá hafa enn verið í þjálfun.

Mikill viðbúnaður er við dómshúsið í Alexandríu í Virgíníuríki. Fjölskyldumeðlimir hinna látnu sitja á hæðinni fyrir ofan dómsalinn og fylgjast með framför málsins á sjónvarpsskjám, en fyrir utan húsið standa svartklæddar leyniskyttur Bandaríkjahers vörð. Í samtali við fréttamenn sögðust sumir fjölskyldumeðlimirnir vera orðnir langþeyttir á biðinni eftir að einhver væri gerður ábyrgur fyrir árásunum.

Saksóknarar héldu því fram að



TEIKNING ÚR RÉTTARSAL Zacarias Moussaoui er einn ákærður fyrir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin í september 2001.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hefði Moussaoui sagt frá fyrirætlunum al-Kaída við handtökuna hefði bandaríska alríkislögreglan getað komið í veg fyrir árásirnar. Þeir ásökuðu hann jafnframt um að hafa „logið, svo morð gætu fylgt í kjölfarið“.

Aðalverjandinn hélt því fram á móti að Moussaoui hefði ekkert vitað um árásirnar, hann væri hálfgerður trúður sem meðlimir al-Kaída héldu viljandi utan við alvarlegar umræður og gæfu engar upplýsingar. Hann minnti kvíðdómendur á að það sem Moussaoui þráði mest væri að vera al-Kaída hetja, og það væri á þeirra ábyrgð að sjá til þess að sá draumur yrði ekki uppfylltur. Jafnframt sakaði verjandinn lögregluna um að hafa einfaldlega hunsað þær viðvaranir sem upp hefðu við handtöku Moussaoui, og bandaríska ríkisstjórnina um að hafa ekki tekið ábendingar um yfirvofandi hryðjuverk alvarlega.

smk@frettabladid.is

www.icelandexpress.is/stokkholmur




Nóg að gerast!

- 3.-6. júní
 - » Stockholm Marathon
 - 1.-6. júní
 - » The Restaurants' Day
 - 18.-22. júlí
 - » Stockholm Jazz Festival
 - 31. júlí-6. ágúst
 - » Stockholm Pride
 - » MAMMA MIA!
- Söngleikur eftir Björn og Benny

STOKKHÓLMUR

Lifandi, skemmtileg og einstaklega hugguleg



Eins og flestir Íslendingar vita er Stokkholmur á austurströnd Svíþjóðar. Yndisleg borg sem teygir sig út á ellefu eyjar.

» Að ganga um miðbæinn er dásamlegt og þröngar götur Gamla Stan eru eins og sögusvið ævintýris. Heimamenn sækja mikið út í Skerjagarðinn og skal engan undra því hann er steinsnar frá miðborg Stokkholms og þar er að finna fjölda lítilla eyja með notalegum sumarhúsum sem hægt er að leigja með lítilli fyrirhöfn og kostnaði.

MEÐ EXPRESS FERÐUM:

19.-26. maí, 30. júní-2. júlí og 11.-13. ágúst

Stórkostlegi Stokkholmur!

Skoðunarferðir, góður matur og góður félagskapur. Íslensk fararstjórn. Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir
Sími: 5 900 100


Verð frá: **7.995 kr.***

Barnaverð: **5.995 kr.***

Iceland Express

www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum



ARGUS / 06-01 20

„Búið þér við fullt frelsi?“

Barátta Íslendinga fyrir frelsi í viðskiptum hefur staðið í hundruð ára. Þróunin hefur verið afar jákvæð en draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



ANNARS KONAR FERÐAMÁTAR Hestvagn og fóststíginn farþegavagn ferðast um New York. Sífelld fleiri fóststignir farþegavagnar birtast á götum Manhattaneyjunnar og íhuga borgaryfirvöld nú að setja lög og reglur þar um. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra kannast ekki við hótanir um að rekstri verði hætt í Straumsvík:

Ræddi við álforstjóra í fyrra

STÓRIÐJA Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kannast ekki við neinar hótanir af hálfu forsvarsmanna Alcan um að loka álverinu í Straumsvík verði stækkun þess ekki heimilud.

Halldór upplýsti í fyrirspurnartíma á Alþingi að hann hefði átt fund með einum af forstjórum Alcan á síðasta ári.

„Engar dagsetningar komu fram í þessu samtali og engar hótanir voru settar fram. En það liggur í hlutarins eðli að ef fyrirtæki geta ekki þróast miðað við framtíðarkröfur og breyttar aðstæður þá hefur það áhrif á þau,“ sagði Halldór. Ögmundur Jónasson,

þingmaður Vinstri grænna, sem var málshefjandi, var á öðru máli en forsætisráðherra.

„Auðvitað eru fólgnaðir í því hótanir þegar sagt er við ríkisstjórn Íslands að fari hún ekki að vilja árlisans þá komi hugsanlega til þess að álverinu verði lokað,“ sagði Ögmundur. Hann spurði forsætisráðherra hvort hann túlkaði þetta ekki sem alvarlega áminningu til Íslendinga um að verða ekki of háðir stórum auðhringum. „Verður ríkisstjórninni stillt upp vegna mengunarmálanna líka?“ spurði Ögmundur og sakaði Halldór um að taka á málinu af léttúð og alvöruleysi. - jh



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Engar hótanir og engar dagsetningar um hugsanlega lokun, segir forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ferðaskrifstofa varar við SAS:

Margar ferðir falla niður

DANMÖRK Bandaríska ferðaskrifstofan American Express Business Travel hefur varað við skiptavini sína við að eiga viðskipti við SAS flugfélagið vegna þess hve algengt sé að ferðum þess sé aflýst.

Orsökin er sögð sú að veikindi flugmanna séu algengari hjá SAS en öðrum flugfélögum og þess vegna sé aukin hætt á að þeir sem ferðist með þeim lenti í vandræðum fyrr en síðar. SAS hefur undanfarna daga og vikur þurft að aflýsa að meðaltali fimm til tíu flugferðum á dag sökum veikinda flugmanna og áhafnar-meðlima. - aðe

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þriggja bíla árekstur Þrjú bílar rákust saman við Litlu kaffistofuna í fyrirkvöld. Engin slys urðu á fólki en lögregla sagði umferðina hafa gengið illa vegna veðurs. Krap var á veginum og hálka mikil.

Réðst ölvaður á lögreglu Maður á fimmtugsaldri réðst á lögreglumenn sem handtóku hann fyrir ölvunarakstur í fyrirkvöld. Maðurinn ók á Cheerokejeppa um Sæbraut í Reykjavík og var áberandi ölvaður. Lögregla segir manninn hafa orðið óðan við handtökuna. Hann gisti fangageymslu.

PAKISTAN

Óeirðir Yfir hundrað uppreisnarmenn úr röðum talibana og al-Kaída eru sagðir hafa fallið í átökum við hersveitir í Pakistan undanfarna daga. Þúsundir íbúa í Wasiristan hafa neyðst til að flýja heimili sín vegna átakanna og algjört útgöngubann hefur tekið þar gildi.

Eltingarleikur við öikumann:

Ók stolnum bíl og klessti á Seðlabankann

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík veitti bifreið eftirför aðfaranótt mánudags. Bílnum hafði verið stolið af bílastæði við Bifreiðastöð Íslands.

Lögreglan fékk tilkynningu um málið um klukkan eitt og brugðust lögreglumenn skjótt við útkallinu.

Urðu þeir varir við bifreiðina í Bankastræti en ökuður sinni ekki boðum um að stöðva bílinn. Veitti lögregla bifreiðinni eftirför á töluverðum hraða um Bankastræti, Lækjargötu, Sæbraut og

inn Skúlagötu. Þar missti ökuðurinn stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann skall á húsi Seðlabankans.

Lögreglan handtók manninn á staðnum en hann þurfti á lækni- aðstoð að halda vegna eymsla og var fluttur á slysadeild.

Eftir að hafa fengið bót meina sinna var maðurinn, sem er á þrítugsaldri, fluttur í fangageymslu lögreglunnar.

Hann er grunaður um að hafa ekið bílnum undir áhrifum einhvers konar lyfja. - mh



NEMENDUR Í ÖSKJU Rúmlega níu þúsund nemendur stunda nám við Háskóla Íslands. Mikill meirihluti þeirra, um sex þúsund, er konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjármagn er skorið við nögl

Háskóli Íslands kemst vart í hóp hinna bestu í heimi á næstu árum, að mati eins deildarforseta við skólann. Slíkt tekur langan tíma en jákvætt er hins vegar að skólinn setji sér takmark.

MENTAMÁL „Að mínu viti er sjálf-sagt að skólinn setji sér slík markmið og ég er ánægður með að rektor skuli hafa tekið af skarið,“ segir Stefán B. Sigurðsson, deildarforseti læknadeildar Háskóla Íslands. Hann fagnar þeirri stefnu sem Kristín Jóhannesdóttir rektor hefur markað með ætlun sinni að koma Háskólanum í hóp eitt hundrað bestu háskóla heims á næstu árum.

Flestir deildarforsetar sem Fréttablaðið hefur rætt við telja markið ekki sett of hátt miðað við að skólinn hefur lengi verið í fjárvælti og undir það tekur Stefán. „Fyrir liggur að fjármagn hefur verið skorið við nögl lengi. Það er í raun okkar akkilesarhæll að nokkru leyti þar sem skólanum



STEFÁN B. SIGURÐSSON

ÓLAFUR Þ. HARÐARSON

hefur tekist vel upp þrátt fyrir það og á það eru stjórnmálamenn fljóttir að benda þegar farið er fram á meiri fjárveitingar. Ég tel engu að síður að þessu marki getum við náð með samvinnu og að mínu viti yrði til bóta ef Háskólinn sérhæfði sig meira og legði áherslu á þær deildir sem þykja standa framarlega, því þar sem úrval háskólastofnana hefur aukist mikið er ekki lengur þörf á allri

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VILL Í FREMSTU RÖÐ

þeirri breidd sem skólinn býður upp á í dag.“

Ólafur Þ. Harðarson, deildarforseti félagsvísindadeildar, fer varlegar í sakirnar. „Að mínu mati er þetta ekki raunsætt næstu fimm árin en vissulega er þarna um skýrt markmið að ræða og nokkuð sem við eigum að ráða við hvað svo sem langan tíma það tekur. Helsti styrkur okkar er frábært og vel menntað kennaralið og rannsóknarstarf skólans í heild er með ágætum. Veikleikinn er viðvarandi fjárskortur. Samkvæmt skýrslum er Háskóli Íslands rekinn fyrir helming þess fjármagns sem sambærilegir erlendir háskólar á Norðurlöndunum fá og það verður að laga ef við ætlum að ná árangri á heimsvísu. Bág fjárhagsstaða endurspeglar fyrst og fremst í því að hlutfall nemenda á hvern kennara er skelfilegt en það er einmitt eitt af þeim viðmiðum sem notuð eru við að meta gæði háskóla. Doktorsnám við skólann er enn sem komið er í skötulíki og namar hafa litla sem enga aðstöðu. Ef vel á að vera verður að taka upp bandaríska kerfið og hafa doktorsnema í fullu starfi. Þangað er enn langur vegur.“ - aðe/bs



Það fær enginn að vita hverju þú svarar ef þú tekur þátt í Launakönnun VR og Fyrirtæki ársins. Niðurstöðurnar eru hinsvegar öflugt vopn sem mun gagnast öllum félögum VR í baráttu þeirra fyrir betri kjörum og lífsgæðum. Þín þátttaka skiptir miklu máli.

10 Heppnir fá miða til Evrópu fyrir tvo

LAUNAKÖNNUN VR og FYRIRTÆKI ÁRSINS

Skilafresturinn hefur verið framlengdur til 14. mars.

Virðing Réttlæti

VR

risaSMÁR

risaSMÁR

risa-SMÁR L það sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu. Sbr. nýr Yaris.



ÍSLENNA AÐGÆTUNGAFÖRMANNA LÍD 2007-022008

Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Yaris er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi.

Yaris er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.


Verð frá **1.359.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Svona erum við

Fjöldi smáskilaboða (sms) úr farsímum



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ALDREI FLEIRI HLOTIÐ ÍSLENSKAN RÍKISBORGARARÉTT

Flestir frá Póllandi

Eigi er langt síðan 300 þúsundasti íbúi Íslands fæddist hér á landi samkvæmt tölum Hagstofu Íslands og aldrei hefur landsmönnum fjölgað meira að meðaltali en síðastliðin ár. En þeim fjölga einnig mikið sem fæddir eru erlendis en kjósa ýmissa hluta vegna að sækja um íslenskan ríkisborgararétt og setjast hér að til langframa.

Hversu margir fengu ríkisborgarétt 2005?

Alls urðu 872 einstaklingar íslenskir ríkisborgarar á síðasta ári. Hafa þeir aldrei verið fleiri og þeim hefur fjölgað mikið síðustu ár. Árið 1997 var fjöldi nýrra ríkisborgara aðeins um 200 talsins. Af þeim sem öðluðust ríkisborgarétt á liðnu ári voru 694 fullorðnir og 178 börn.



Hvernig öðlast fólk ríkisborgarétt?

Flestir fá hann með veitingu frá dómsmálaráðherra á grundvelli laga um íslenskan ríkisborgarétt, alls um 650 á síðasta ári. Alþingi veitti 35 einstaklingum ríkisborgarétt en aðrir hlutu hann vegna annarra greina í íslenskum lögum.

Hvaðan kemur fólk?

Langflestir, alls 187 talsins, koma frá Póllandi. Frá Serbíu og Svartfjallalandi komu 66, 63 frá Bandaríkjunum og um 50 frá bæði Taílandi og Filippseyjum. Annars kemur fólk víða að úr heiminum, meðal annars frá Túnis, Kasakstan, Albaníu, Namibíu og Grænhöfðaeyjum.

SPURT & SVAR

RÁÐHERRASKIPTI

Hressandi aðgerð

Ráðherraskipti innan Framsóknarflokksins eru nýafstaðin. Árni Magnússon hefur horfið til starfa í Íslandsbanka, en Jón Kristjánsson sest í stól hans. Siv Friðleifsdóttir hefur tekið við heilbrigðisráðuneytinu.

Hvað telur þú að felist í þessum breytingum?

Þó að ljóst sé að hvatinn að þeim sé persónulegur, þá er tækifærið notað til að reyna að hressa upp á Framsóknarflokkinn.

Með hverju? Með því að fá Siv inn á ný. Hún er öflugur stjórnmálamaður. Ég vann með henni í bæjarmálum á Seltjarnarnesi á sínum tíma. Þá er Jón færður frá áberandi ráðuneyti. Þótt hann sé ágætur þá er hann fremur dauflegt andlit flokksins. Þetta er upphressandi aðgerð.

Telur þú að þetta verði flokknum til framdráttar? Ég efast um það, þegar til lengri tíma er litið.

Leysa þessar breytingar einhvern vanda innan flokksins? Já, þær hleypa út þeirri óánægju og gremju sem grafið hefur um sig innan hans. En spurningin er svo hvort um einhverja lækningu sé að ræða. Framkoma flokksforystunnar að undanförmu hefur verið þannig að þeir hópar sem eru óánægðir sættast ekki endilega við þessa aðgerð.

GUNNLAUGUR ÁSTGEIRSSON
MENNTASKÓLA-
KENNARI

Ákvörðun sem veitir frelsi

„Ég lagði fram ásamt dómsmálaráðherra aðgerðaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi til umræðu en ekki afgreiðslu í ríkisstjórninni. Frá því í október höfðum við stefnt að því að gera það í þessum tímamarki og ég er mjög ánægður með að það skuli hafa verið mitt síðasta verk sem félagsmálaráðherra að koma því áfram.“

Þetta sagði Árni Magnússon, fráfarandi félagsmálaráðherra, þegar hann gekk út af sínum síðasta ríkisstjórnarfundum í gærmorgun. „Tilfinningin sem fylgir því að kveðja stjórnmálin er auðvitað blendin. Ég finn til söknudar og trega. En þetta er ákvörðun sem ég hef tekið að yfirlögðu ráði og er sáttur við. Þeirri ákvörðun fylgir líka frelsi.“

Árni hefur brátt störf sem framkvæmdastjóri á alþjóðasviði Íslandsbanka. „Þetta kom til á síðustu dögum og ég er vitanlega mjög ánægður með að fá þetta tækifæri í bankanum.“

Ömenguð ákvörðun

Árni hefur mjög verið orðaður við formannsstól Framsóknar-



ÁRNI MAGNÚSSON FYRRVERANDI FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Árni kvaddi samstarfsfólk sitt í félagsmálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

flokksins þegar Halldór Ásgrímsson stendur upp úr honum og jafnvel verið kallaður erfðaprins. „Þessi umræða hefur verið uppi um nokkurt skeið. Halldór er traustur foringi og hefur leitt flokkinn lengi. Ég veit ekki til þess að hann sé á þeim buxunum að hverfa af vettvangi. Ég vona ekki, því Framsóknarflokkurinn þarf á honum að halda. Þetta er mín persónulega ákvörðun eftir að hafa farið yfir þetta með fjölskyldu minni. Það er ekkert annað sem blandast inn í mína ákvörðun en það.“

Árni yfirgefur ekki aðeins ríkisstjórn og þing heldur má búast við að hann dragi sig að einhverju leyti í hlé frá flokksstarfinu í höfuðborginni þar sem flokkurinn á við fylgisvanda að stríða. „Framsóknarmenn eru ekkert óvanir

því að finna mótbyr á miðju kjörtímabili. Við höfum reynt það æ ofan í æ, meðal annars fyrir síðustu þingkosningar. Mig minnir að í skoðanakönnun Fréttablaðsins hafi fylgi flokksins mælst um átta prósent við upphaf kosningabaráttunnar. Við fengum tæp átján prósent. Ég á ekki von á öðru en að þannig verði þetta í vor og í þingkosningunum eftir rúmt ár. Okkar fólk mun spila vel úr þessu.“

Forsætisráðherra undrandi

Ákvörðun Árna um að yfirgefa stjórnmálin kom óvænt og átti sér stuttan aðdraganda. „Forsætisráðherra varð undrandi þegar ég kynnti honum ákvörðun mína. Ég ætla ekkert að draga úr því. En hann tók því ágætlega. Þegar menn taka ákvörðun af þessum

toða er sjálfsagt ekkert annað að gera en að virða hana. Við vorum sammála um að best væri fyrir mig, flokkinn og ríkisstjórnina að gera þetta sem fyrst.“ Árni neitar því afdráttarlaust að hann og Halldór hafi rætt mögulegt brott-hvarf hans úr stjórnmálum fyrr en rétt fyrir síðustu helgi.

„Auðvitað munu einhverjir telja að ég sé að stökkva frá hálfkláruðu verki og ég verð bara að biðja hina sömu afsökunar,“ segir Árni Magnússon.

Siv skoðar öldrunarmál

Siv Friðleifsdóttir tók við lykjavöldum í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu á hádegi í gær, strax að loknum ríkisráðsfunni. Dagurinn var annasamur. Hún ræddi við starfsfólkið í ráðuneytinu en heimsótti svo barnaspítala Hringins og heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu. „Í ráðuneytinu ætla ég að skoða öldrunarmálin sérstaklega. Meðalaldur þjóðarinnar hækkar og nefnd er að störfum sem gerir á þessu úttekki og skilar tillögum. Margt gott hefur verið gert en ég ætla að skoða þetta sérstaklega.“

Almannatryggingakerfið hefur sætt nokkurri gagnrýni og skilvirki þess hefur verið véfengd af sérfræðingum sem og stjórnmálamönnum. Siv ætlar ekki að taka ákvörðun á næstu dögum um stjórnsýsluúttækt á Tryggingastofnun, en kveðst ætla að kynna sér málið vel.

Sivjar biða önnur stór verkefni í ráðuneyti sem soga til sín fjörutíu prósent útgjalda ríkissjóðs. „Ég er full bjartsýni. Verkefnið er stórt og mikilvægt og snertir hvert heimili og hvert mannbarn í landinu,“ segir Siv Friðleifsdóttir.



BROSMILDIR RÁÐHERRAR Vel fór á með þeim Jóni Kristjánssyni og Siv Friðleifsdóttur þegar þau tóku við nýjum ráðherraembættum í gær. Siv tók við af Jóni í heilbrigðisráðuneytinu og Jón flutti sig yfir í félagsmálaráðuneytið sem Árni Magnússon hefur stýrt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

johann@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

DÆMDUR Í ÁRS FANGELSI FYRIR
VÖRSLU Á BARNAKLÁMIBarnaklámsmaður
þjálfar
ungmenni í
korfubolta

HEFUR LEITAD MEDFERÐAR VIÐ SJÚKLEGGRI KLÁMFÍKN

Rannsóknir bandarískra vísindamanna um næsta sólblettatímabil:

Búist við öflugum sólstormum

LOS ANGELES, AP Vísindamenn í Bandaríkjunum halda því fram að næsta sólblettatímabil verði mun öflugra en það síðasta, sem náði hámarki árið 2001. Samkvæmt tölvulíkönunum sem þeir hafa gert má búast við að virknin verði á milli þrjátíu og fimmtíu prósentum meiri en síðast.

Enn fremur mun tímabilið hefjast ári síðar en reiknað var með, síðla árs 2007 eða snemma árs 2008. Hápunktur mun það ná árið 2012, að því er Mausumi Dikpati frá rannsóknastofu í Boulder í Colorado skýrði frá.

Þessi spá stangast á við fyrri

spár, sem gáfu til kynna að næsta sólblettatímabil yrði mun væg-ara en það síðasta.

Fjöldi sólbletta nær hámarki á um það bil ellefu ára fresti. Þeim fylgja sólstormar sem geta valdið ýmsum truflunum hér á jörðinni á raforkuflutningi, útvarpsendingum og gervihnattasamskiptum, auk þess sem norðurljósin verða meira áberandi á himni.

Vísindamenn hafa fylgst með sveiflum sólbletta áratugum saman en þó ekki náð þeim árangri að geta spáð nákvæmlega fyrir um tímasetningu þeirra.



SÓL Í ÁSTRALÍU Sólin hafði hægt um sig í gær en eftir fáein ár má búast við hún láti hressilega til sín taka með sólstormum sem valda ýmsum truflunum hér á jörðu niðri.

MYND/AP



SVIFKAFBÁTUR Þessi haganlegi kafbátur getur heimilað vísindamönnum að rannsaka sjávardjúp án þess að þurfa að yfirgefa skrifstofur sínar. Á ráðstefnu haffræðinga í Honolulu í gær var mikið rætt um kosti kafbátanna, sem geta svifið mannláusir langt á haf út og kafað ofan í dýpin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðherra í tæp þrjú ár



Tæpum þremur árum eftir að Árni Magnússon var kjörinn á þing tilkynnti hann um afsögn sína.



DESEMBER 2003

HJÁ SAMHJÁLPI Árni fær sér að borða í höfuðstöðvum Samhjalpar á Hverfisgötu.



OKTÓBER 2004

Á ÁRSFUNDI ASÍ Árni sat ársfund Alþýðusambands Íslands ásamt Ögmundi Jónassyni, þingmanni Vinstri grænna.



ÁGÚST 2005

Í LEIKFIMI Félagsmálaráðherra og Ellert B. Schram á Ingólfstorgi síðasta sumar þegar Bjarki Birgisson og Guðbrandur Einarsson luku hringferð sinni um landið, sem nefndist Haltur leiðir blindan.



OKTÓBER 2005

PREYTTIR RÁÐHERRAR Árni og Valgerður Sveinisdóttir sitja í ráðherrastólum inni í þingsal Alþingis.



MARS 2006

ÁRNI KVEÐUR Árni Magnússon veifar bless áður en hann stígur upp í ráðherrabílinn að loknum þingflokksfund Framsóknarflokksins á sunnudaginn þar sem hann tilkynnti brotthvarf sitt úr stjórnarmálum.

Áunnin réttindi aukin um 5%

miðað við árslok 2005

Efnahagsreikningur (í þús. kr.)	31.12.2005	31.12.2004
Verðbréf með breytilegum tekjum	16.164.640	11.091.465
Verðbréf með föstum tekjum	22.739.948	20.575.082
Veðlán	1.352.109	1.096.828
Bankainnistæður	626.855	485.773
Kröfur	495.533	358.615
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	3.733	12.110
	<hr/>	<hr/>
	41.382.818	33.619.873
Skuldir	-36.338	-28.009
	<hr/>	<hr/>
	41.346.480	33.591.864

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Iögjöld	1.981.778	1.597.795
Lífeyrir	-415.760	-357.748
Fjárfestingartekjur	6.266.835	4.230.870
Fjárfestingargjöld	-33.937	-27.125
Rekstrarkostnaður	-44.300	-53.533
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	7.754.616	5.390.259
Hrein eign frá fyrra ári	33.591.864	28.201.605
	<hr/>	<hr/>
	41.346.480	33.591.864

Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	8.210.000	5.176.000
	23,9%	17,3%
Eignir umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum	3.795.000	-1.090.000
	6,0%	-2,0%

Kennitölur

Hrein raunávöxtun	13,3%	10,1%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	6,9%	4,5%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	6,4%	5,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	7.517	7.206
Fjöldi lífeyrisþega	3.731	3.132
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,12%	0,17%
Eignir í íslenskum krónum	78,2%	81,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	21,8%	18,6%

Ávöxtun séreignardeildar 2005

Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 14,1% eða 9,5% raunávöxtun. Hækkunir á hlutabréfamörkuðum innanlands hafa góð áhrif á ávöxtun beggja deilda. Heildareignir deildarinnar eru 268 milljónir í árslok 2005.

Sjóðfélagar

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum sem eiga ekki kjarasamningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

Hann getur því verið góður kostur fyrir ýmsa aðila sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Traustur sjóður, trygg framtíð

Ársfundur 2006

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 25. apríl, kl. 16.00

Í stjórn sjóðsins eru

Baldur Guðlaugsson formaður, Hrafn Magnússon varaformaður, Arnar Sigurmundsson, Gunnar Gunnarsson, Halldór Björnsson, Þorgeir Eyjólfsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri er Sigurbjörn Sigurbjörnsson

RISA

Örfá sýnishorn:

MMC Lancer 1,6
ek. 40.000 árg. 04
Verð **1.160.000 kr.**
verð áður 1.380.000 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 77.000
verð **850.000 kr.**
verð áður 1.060.000 kr.

VW Polo 1,2
árg. 04 ek. 63.000
verð **850.000 kr.**
verð áður 1.000.000 kr.

VW Caddy
árg. 03 ek. 54.000
verð **640.000 kr.**
verð áður 880.000 kr.

Skoda Fabia
ek. 95.000 árg. 01
Verð **450.000 kr.**
verð áður 670.000 kr.

Skoda Octavia 2,0
árg. 04 ek. 32.000
verð **1.180.000 kr.**
verð áður 1.490.000 kr.

MMC Pajero Sport
árg. 04 ek. 59.000
verð **1.990.000 kr.**
verð áður 2.320.000 kr.

VW Golf Highline 4Motion
árg. 04 ek. 45.000
verð **1.350.000 kr.**
verð áður 1.690.000 kr.

VW Golf Highline 1,6
árg. 03 ek. 37.000
verð **1.180.000 kr.**
verð áður 1.460.000 kr.

Toyota Corolla
árg. 00 ek. 133.000
verð **350.000 kr.**
verð áður 650.000 kr.

**ÓTRÚLEGT
ÚRVAL BÍLA**

**100%
FJÁRMÖGNUN
á völdum bílum**



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

ÚTSALA Á KLETTHÁLSI

Við efnum til risaútsölu á notuðum bílum.
Fáránlegur afsláttur, ótrúlegt úrval af glansandi
fínum kerrum og fáheyrð greiðslukjör.

komdu strax og gerðu frábær kaup!

Opíð frá kl. 9 til 19 í dag

Einnig risaútsala hjá:
Söluumboði HEKLU Reykjanesbæ, sími 420 5000
og Höldi Akureyri, sími 461 6020

ALLT AÐ
550 ÞÚS.
KY. AFSLÁTTUR

HAGSTÆÐIR
VEXTIR

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11
sími 590 5040
www.bilathing.is

Bónus Holta görðum gengur í gegnum algera endurnýjun!

Tæmum búðina!

30% afsláttur við kassann

ALLAR VÖRUR
í versluninni
verða seldar með
30% afslætti
í dag og á morgun!
(MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG)

**EKKERT
BRUÐL**

Gjörbreytt verslun
verður opnuð
föstudag 24. mars.
www.bonus.is



Vissir þú?

Landssamband hestamanna-
félaga (LH) eru heildarsamtök
46 hestamannafélaga með yfir
níu þúsund félagsmenn.
Heimild: www.lhestar.is

fákar

og fólk



REIÐSKJÓTARNIR VIBRABÍR Þessar hressu stúlkur, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sigríður Birna Björnsdóttir, voru að viðra sig og hesta sína í góðviðrinu nýverið. Unga fólkíð lætur æ meira til sín taka í hestamennskunni frá ári til árs og þær stóllur eru þær engir eftirbátar annarra.



FÖGUR FLJÓÐ Þessar ungu stúlkur tóku þátt í Æskan og hesturinn í fyrra. Vöktu þær mikla lukku þar sem þær riðu í söðli í fallegum þjóðbúningum.

Yndisfríðir ungir knapar

Æskunni verður seint of mikið hampað. Það vita aðstandendur stórsýningarinnar Æskan og hesturinn sem haldin verður í sextánda sinn næstu helgi í Reiðhöllinni í Víðidal.

Á sýningunni Æskan og hesturinn koma saman ríflega 250 börn og unglingar og sýna listir sínar á hestbaki. Þessi sýning hefur vaxið og dafnað og er nú einn stærsti viðburður hestamennskunnar ár hvert. Að sýningunni standa hestamannafélögin Andvari, Fákur, Sörli, Hörður, Gustur, Sóti og Máni, en aðalstyrktaraðili er Landsbankinn.

Í hverju félagi er haldin úrtaka um hverjir komist á sjálfa sýninguna en mikil spennan er meðal barnanna að fá að vera með. Hvert félag æfir síðan atriði með tilteknu þema sem sýnt verður um helgina stóru. Sem dæmi má taka að krakkar úr Andvara verða með ABBA þema, Silvía Nótt svifur yfir

vötum í atriði yngri Gustskrakka og hinn útsjónarsami njósnari James Bond kemur í bæinn með krökkunum úr Mána.

Nokkrir landsfrægir skemmtikraftar ætla að koma fram, til dæmis söngkonan Heiða sem er flestum að góðu kunn úr Idolkeppninni og Eurovision-undankeppninni nú fyrir stuttu. Þá ætla Addi og Gunni úr þættinum Strákarnir á Stöð 2 að fá gesti til að hlæja. Síðast en ekki síst ætla alheimsfegurðardísinn Unnur Birna að taka nokkra hringi á vellinum.

Eitt skemmtilegasta atriðið ár hvert er grímureiðin. Þar taka yngstu knaparnir þátt en þeir eru allt niður í fjögurra ára. Pollarnir og hestar þeirra eru í búningum og riða nokkra hringi í höllinni. Er það mikið augnayndi að sjá þessa stuttfaettu knapa stjórna stórum og loðnum vinum sínum af festu.

Lokaatriði sýningarinnar er glæsilegt. Þar sýna Íslandsmeistarar barna og unglinga listir sínar en skemmtilegt er að geta þess að stór hluti þessara meistara



ÆSKA OG YNDI Grímureiðin er árvís sýningaratriði. Þar koma yngstu knaparnir í sínu finasta þússi sem prinsessur, álfar og tröll.

höfu feril sinn í grímureið á Æskunni og hestinum fyrir nokkrum árum.

Sýningin verður haldin helgina 11. og 12. mars. Tvær sýningar eru hvorn dag, sú fyrri klukkan 13.00 og sú síðari klukkan 16.00. Aðgangur er ókeypis en vegna mjög góðrar aðsóknar síðustu ár er mælt með að fólk mæti tímanlega til að fá sæti því undanfarin ár hafa um fimm þúsund áhorfendur mætt í reiðhöllina hverja sýningarhelgi. solveig@frettabladid.is

HESTAMAÐURINN: ÞORVALDUR ÁRNI ÞORVALDSSON

Kommuslagur á hverju móti

„Þetta er kommuslagur á hverju móti,“ segir Þorvaldur Árni Þorvaldsson, sem stendur nú hæstur eftir fyrsta mótið í Meistaradeild VÍS, sem haldið er í Ölfushöll. Þrír efstu eru Þorvaldur með 10 stig, Sigurbjörn Bárðarson með 8 stig og Sigurður Sigurðarson með 6 stig.

„Það er kominn fiðringur í mig, ég neita því ekki,“ segir Þorvaldur Árni sem var ekki búinn að ákveða í gær hvaða hross hann myndi mæta með til leiks í töltkeppni Meistaradeildarinnar annað kvöld. Hann sagði tvo stóðhesta koma til greina, Þokka frá Kýrholti eða Rökkva frá Hárlaugsstöðum.

„Það er ekki til neins að vera að draga út vara-



skeifur á svona mót,“ bættir hann við og kveðst aðspurður vera með mikið af góðum hrossum í hesthúsinu hjá sér. Þar eru nú 45 hross á járnnum og Þorvaldur Árni temur og þjálfar af kappi við fjórða mann.

„Stærsti hlutinn eru stóðhestar og hryssur, en kynbótasýningarnar eru ekki endilega vettvangurinn fyrir sum þeirra í vor. Sumt fer í gæðingakeppni en annað í kynbótadóm.“

Það er til mikils að vinna í mótariðinni í Meistaradeild VÍS. Sigurvegari hvers móts fær 100 þúsund krónur og sá sem er stíghæstur eftir öll mótin fær 500 þúsund.

ÞORVALDUR OG ÖR Þorvaldur Árni og Ör frá Prestsbakka, sem er sex vetra, nældu í 10 stig á fjörgangsmótinu.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Stjórnvöld þurfa að bregðast hratt við óskum Samtaka iðnaðarins um samstarf við uppbyggingu hátækniíðnaðarins.

Höldum hugvitinu heima

Ekki eru tíðindin góð sem Fréttablaðið flytur af Marel í dag. Að sögn Harðar Arnarsonar, forstjóra Marels, mun umfang félagsins hér á landi dragast stórlega saman á næstu árum, í öfugu hlutfalli við aukin alþjóðleg umsvif þess. Í stað þess að hinn íslenski hluti starfseminnar haldi áfram að vaxa og dafna í réttu hlutfalli við aukin umsvif Marels á heimsvísu stefnir félagið nú að því að hér verði aðeins um sjö prósent af heildarumfangi þess í stað tuttugu og fimm prósent eins og staðan er núna.

Eins og margir kollegar hans hjá íslenskum hátækni fyrirtækjum segir Hörður hátt gengi krónunnar undanfarin ár hafa reynst fyrirtæki sínu þungur baggi og í raun koma í veg fyrir að Marel geti haldið áfram að stækka innanlands.

Spjótin beinast að stóriðjustefnu stjórnvalda, en miklum framkvæmdum á því sviði má að minnsta kosti að hluta til kenna um óvenjusterkt gengi krónunnar. Margt annað spilar þó inn í þegar kemur að framtíð íslensks hátækniíðnaðar.

Lítum á næstu verkefni sem Hörður nefnir að séu fram undan hjá Marel í útlöndum, en félagið er með starfstöðvar og dótturfyrirtæki um allan heim og er leiðandi á alþjóðavísu í þróun og smíði á tækjum fyrir matvælaíðnaðinn. Hörður nefnir að félagið sé nýbúið að taka í notkun nýja verksmiðju í Slóvakíu og hyggist opna aðra þar í landi á næsta ári.

Ætla má að Marel sé fremur á höttunum eftir ódýru vinnuafli við framleiðslustörf í Slóvakíu en hámenntuðu fólki í þróunar- og rannsóknastörf.

Lítill ástæða er fyrir íslenskt atvinnulíf að óttast ef þetta er réttur lestur á stöðu Marels. Ísland á ekki að standa í samkeppni við önnur lönd um ódýrt vinnuafli. Þeim mun meiri áhyggjur ber hins vegar að hafa af störfunum við þróunarvið félagsins. Þar liggja mestu verðmæti hátækni fyrirtækja á borð við Marel.

Samtök iðnaðarins hafa um nokkurt skeið kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um stefnumótun um uppbyggingu hátækni á Íslandi. Samtökin hafa þegar bent á ýmis atriði sem þarfnast tafarlausra lagfæringa svo samkeppnisstaða hátækniíðnaðarins verði ekki síðri en í ýmsum nágrannalöndum okkar.

Þar á meðal eru tillögur um breytingu á skattaumhverfi fyrirtækja, einmitt til þess að halda hér á landi rannsóknar- og þróunarstörfum á borð við ádurnefnd störf hjá Marel.

Í ritstjórnargrein Íslensks iðnaðar síðastliðinn janúar bendir Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, á hugmyndir um að fyrirtæki sem standi fyrir viðurkenndum rannsóknar- og þróunarverkefnum fái ákveðnar skattaávilnanir eins og tíðkast til dæmis í Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og víðar.

Full ástæða er til að taka þessum óskum og tillögum af mikilli alvöru og bregðast hratt við. Ekki dugar að sýna þeim „skilning“ eins og Hörður Arnarson, forstjóri Marels, kemst að orði í Fréttablaðinu í dag ef þeim fylgir „algjör skortur á aðgerðum“ eins og hann segir líka.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eru til krónprinsessur?

Alþingi er eins og hver annar vinnustaður; fólk kemur og fólk fer og um það er rætt á göngunum eða yfir kaffibolla. Árni Magnússon kvaddi ríkisstjórnina og Alþingi í gær og er hættur í stjórnárum, sáttur að eigin sögn. Lífið á Alþingi heldur áfram. Jóhann Ársælsson, Samfylkingunni, hélt áfram sinni löngu ræðu um vatnalög, sem hófst í fyrradag. Á annan tug þingmanna beið þess að komast að og ræddi vendingar í ríkisstjórninni: Merkilægt að Árni er annar krónprinsinn í Framsóknarflokknum sem stigur út úr stjórnárumum í tíð Halldórs Ásgrímssonar, sagði einn þeirra. Fyrst var það Finnur Ingólfsson sem hvarf á braut yfir í Seðlabankann árið 1999. Og nú er það Árni Magnússon. Já. Finnur var í pólitík í um níu ár en Árni



bara í þrjú ár, sagði stjórnarandstæðingur og bætti við: Var ekki Óssur Skarphéðinsson að skrifa á vefsíðu sína að Björn Ingi Hrafnsson mundi staldra stutt við í borgarstjórn, velta Jónínu Bjartmarz í prófkjöri í Reykjavík suður innan árs, komast á þing og verða þriðji krónprinsinn, arftaki Halldórs? Látum okkur sjá, sagði stærðfræðilega þenkjandi þingmaður. Ef Finnur Ingólfsson var níu ár í pólitík og Árni Magnússon aðeins um þrjú þá er rökrétt að Björn Ingi, verðandi krónprins, verði aðeins eitt ár í pólitík áður en hann fer til starfa í fjármálagiranum. Þetta er bara venjulegur lógariþmi, sagði þingmaðurinn og bætti við glottandi: Skyldu ekki vera neinar krónprinsessur í Framsóknarflokknum?

Eignarhaldsvandinn

Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, ræddi frumvarp um vatnalög

af miklum móð í fyrradag og hélt áfram ræðu sinni í gær. Sjálfsagt þykir þingmönnum langar ræður um eignarhald á vatni, vatnsréttindi og fleira í þeim dúr heldur leiðigjarnar. En það þurfa þær ekki að vera þegar hlustað er með tilhlyðilegri athygli. Katrín Júlíusdóttir, flokksystir Jóhanns, benti til dæmis á skemmtilegan kafla í ræðu Jóhanns í fyrradag. Hann hafði talað lengi og innblásið þegar Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, greip fram í. Jóhann staldraði við eitt andartak og sagði alvarlegur í bragði eitthvað á þessa leið: „Það er augljóst og efast enginn um að háttvirtur þingmaður á sjálfur vatnið sem hann er með í glasinu. Öðru máli gegnir um eignarhaldið þegar hann er búinn að skila því aftur frá sér.“

johannh@frettabladid.is



Í fótspor Finns

Hverjum þeim sem man viðskilnað Finns Ingólfssonar við pólitíkina og flokkinn sinn hlýtur að fyrirgefast þótt hann trúi ekki einu orði af skýringum Árna Magnússonar við brottför sína af hinum pólitíska vettvangi inn í hlýjuna í Íslandsbanka. Finnur sagðist í fyrsta lagi vera svolítið sloj og engum fannst þá aðfinnsluvert að hann tæki að sér starf seðlabankastjóra, enda löngum viðgengist að menn með skerta starfsorku fengju það hlutverk að stýra þeirri mikilfenglegu stofnun.

Í öðru lagi notaði Finnur tækifærið til að hreyta skætingi í fjölmiðla, sem legið hefðu á því lúla-lagi að gagnrýna sig með ósanngjörnum hætti og fór þar að dæmi Nixons, þegar hann hætti afskiptum af pólitík hið fyrri sinni með þeim ummælum að fjölmiðlar gætu nú fundið sér einhvern annan til að sparka í.

Í þriðja lagi var hann orðinn svolítið þreyttur á pólitíkinni og því mikla álagi sem henni væri samfara og orðinn hvíldarþurfi.

Það kann að vera að Finnur hafi verið með skerta starfsorku þá stuttu stund sem hann stóð við í Seðlabankanum en þá var hann þeim mun ötulli við þau raunverulegu störf sem honum höfðu verið falin á fullu kaupni hjá skattgreiðendum landsins, en þau voru „að framsóknarmenn fengju í helmingaskiptum sinn hlut við einkavæðingu ríkisbankanna, og endurheimtu jafnframt VÍS úr klóm Landsbankans og Kjartans Gunnarssonar“, eins og ég sagði í grein á þessum stað 1. júní 2005.

Ríkisbankarnir voru uppistaðan í því stjórnárumum, sem komst á með kosningasigrum Framsóknarflokksins 1927 og festist í sessi á kreppuárunum. Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn drottuðu yfir bönkunum, þótt A-flokkarnir fengju þar að fljóta með einkum þegar fram í sótti. Nú var einkavæðing bankanna framundan og báðum

Í DAG
VALDASTÖÐ AÐ
BRESTA

ÓLAFUR HANNI-
BALLSSON

Báðum ríkisstjórnarflokkun-
um fannst öllu skipta að eftir
einkavæðinguna héldu þeir
bönkunum sem bakhjarli í
valdakerfi sínu.

ríkisstjórnarflokkunum fannst öllu máli skipta að þeir héldu bönkunum sem bakhjarli í valdakerfi sínu eftir einkavæðinguna.

Gallinn var sá að viðskiptafor-
kólfar Framsóknarflokksins voru
mjög sundraðir. KEA myndaði
eignarhaldsfélagið Kaldbak með
Þorsteini Má í Samherja, sem
hafði unnið sér það til óhelgi að
vera aðili að Orca-hópnum, sem
reynði að sölsa undir sig Íslands-
banka í grimmilegri baráttu við
Davíð, eins og Agnes Bragadóttir
rakti á sínum tíma í greinaflokki
sínunum í Morgunblaðinu. Akureyr-
ingarnir voru því settir utangarðs
í þessari baráttu um bankana.
Aðrir á vettvanginum voru helstir
Þórólfur Gíslason með Kaupfélag
Skagfirðinga og Fiskidýna á Saud-
árkróki á bak við sig og í slagtopi
með VÍS, eignarhaldsfélaginu
Samvinnutryggingum, Skinney/
Þinganesi og Hesteyri (eignar-
haldsfélagi í eigu fjölskyldu Hall-
dórs Ásgrímssonar m.a.). Ólafi
Ólafssyni í Samskipum tókst
smám saman að fylkja á bak við
sig Olúfufélaginu (Keri h.f.), Mundli
h.f., Samtökum framleiðenda
(eignarhaldsfélagi um hlutabréf í
SÍF) og Samvinnulífeyrissjóðnum.

Fleiri félög (flest eignarhaldsfélög
um hlutabréf í fyrrum fyrirtækjum
SÍS og kaupfélaganna) komu
þarna við sögu á ýmsum stigum
málsins.

Þessi hópur, sem kallaður var
S-hópurinn, var í sjálfum sér
sundurleitur og miklar ýfingar
milli helstu forystumanna. Gerðu
þessir forkólfar harða hríð að
Halldóri Ásgrímssyni og Valgerði
Sverrisdóttur um að fá Búnaðar-
bankann, en þau visuðu þessu frá
sér á þeim forsendum að málið
væri á borðum einkavæðingar-
nefndar og forsætisráðherra en
lögðu jafnframt að öllum þessum
aðilum að hlíta leiðsögn Finns
Ingólfssonar. Niðurstaðan varð svo
sú, sem öllum er kunn, að S-hópur-
inn náði undirtökum á Búnaðar-
bankanum - sem strax sameinað-
ist Kaupþingi í KB banka. Jafnframt fóru fram mikil upp-
skipti á yfirráðum í fyrrum fyrir-
stjórn SÍS og loks kom Finnur út
á toppnum, sem forstjóri VÍS.
Allir rökuðu þeir aðilar, sem við
þessa sögu komu, að sér ofsagróða
með þessum aðgerðum út á stjórn-
araðstöðu hins fylgigrúna flokks
og láta hann væntanlega njóta
þess í framtíðinni.

Það er í þessu ljósi sem verður
að skoða ákall Staksteina Morgun-
blaðsins 7. mars um að Finnur snúi
heim í pólitíkina á ný: „Framsókn-
armenn standa frammi fyrir
alvarlegri forystukreppu. Þeir
ættu að íhuga vandlega, hvort
Finnur Ingólfsson er ekki maður-
inn til að leysa þann vanda.“ Því að
vandi Framsóknarflokksins við
flötta erfðaprinsanna út í við-
skiptalífið hvers á fætur öðrum er
náttúrulega ekki síður tilvistar-
vandi íhaldsins. Er valdastoðin
sjálf að bresta - samtímis því að
Sjálfstæðisflokkurinn hefur náð
nýjum hæðum í skoðanakönnun-
um? Skynsemdarskepnur flýja
sökkvandi skip. Skyldi Árni ekki
vera að feta í fótspor Finns og fara
að þeirra dæmi?

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og
upptökur þegar þér hentar



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRN: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRN: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



DÍSILBÍLAR UMHVERFISVÆNNI EN TVINNBIÐAR

Þróunarstjóri Volkswagen segir útblásturslög í Kaliforníu einu ástæðu fyrir framleiðslu tvinnbíla.

BÍLAR 2



SYNGJANDI BAVÍANAR

Jóhanna E. Sveinsdóttir fór til Egyptalands með Bændaferðum í október og gisti um borð í skemmtiferðaskipi á ánni Níl.

FERÐIR 5

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[FERÐIR NÁM BÍLAR]

Ljósmyndasýningin Litir landsins stendur nú yfir í Listasal Mosfellsbæjar. Þema sýningarinnar er náttúra Íslands en hópurinn sem stendur á bak við sýninguna kallast Ljósbrót.



Tölvunámskeið Stefna fyrir byrjendur hefst næsta mánudag. Síðasti skráningardagur er 10. mars en allar upplýsingar er hægt að nálgast hjá Láru í síma 464-2288 eða gegnum tölvupóst á lara@stefna.is.

Útivist stendur fyrir jeppaferð á Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul um helgina. Lagt er af stað frá Hvolsvelli kl. 10.00 og gist verður í skála Útivistar á Fimmvörðuhálsi. Ferðin kostar 3.400 kr. fyrir félagsmenn en 4.000 kr. fyrir aðra.



Erlingur Grétar Einarsson lærir ensku og kvikmyndafræði í Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 8. mars, 67. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.11	13.39	19.07
Akureyri 7.58	13.23	18.50

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Horfir öðruvísi á kvikmyndir en áður

Erlingur Grétar Einarsson er nemandi í ensku og kvikmyndafræði við Háskóla Íslands. Kvikmyndafræði var kennd sem aukagrein til þrjátíu eininga í fyrsta skipti í háskólanum vetur.

Erlingur er langt kominn með námið og býst við því að klára BA-gráðu um næstu júl. „Eftir þessa önn á ég ekki eftir nema fimm einingar í hvoru,“ segir hann.

Erlingur segir að enska og kvikmyndafræði fari mjög vel saman. „Ég einbeiti mér svoltið að bókmenntafræðihlutunum í enskunni og það samræmist kvikmyndafræðinni mjög vel. Kvikmyndafræðin er náttúrlega eins og bókmenntafræði fyrir utan það að maður horfir á myndir á staðinn fyrir að lesa bækur.“

Kvikmyndafræði er nýtt nám í Háskóla Íslands. „Það hafa verið kenndir nokkrir áfangar í kvikmyndafræði undir bókmenntafræði síðustu ár en í vetur var hún kennd í

fyrsta skipti sem aukagrein til þrjátíu eininga.“

Erlingur segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á kvikmyndum og hefur bæði gaman af gömlum og nýjum myndum. „Ég horfi mikið á gamlar myndir ef ég kemst í þær og við erum látin horfa á mikið af þeim í háskólanum.“ Hann segir að í kvikmyndafræðinni horfi þau á margar ólíkar myndir. „Myndirnar sem við horfum á eru allt frá algjörlega abstrakt myndum yfir í Hollywood-formúlumyndir.“

Erlingur segist horfa öðruvísi á myndir eftir að hann byrjaði í kvikmyndafræði. „Ég er alltaf ómeðvitað að greina allt sem ég horfi á og skilgreiningin á því hvað er skemmtilegt breytist.“

Erlingur er mjög ánægður með námið sem hann valdi sér og segir að bæði enskan og kvikmyndafræðin séu góður grunnur fyrir þau störf sem hann gæti hugsað sér að vinna í framtíðinni. „Mig langar að vinna við fjölmiðla og kennslu og námið myndi nýtast mér í hvoru tveggja.“ emilia@frettabladid.is

Klassískur lúxusbíll



Jagúar Mk. VII Saloon árgerð 1955

6 strokka með tveim yfirliggjandi kambásum, 3,44 l, 160 hö. Bíllinn var gerður upp og sprautaður árið 1984 en þarfnast smá lagfæringa. Bíllinn er til sýnis og sölu hjá Bílabúð Benna notuðum bílum.

Tilboð óskast



Klár í snjóinn! MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar:

SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bísalan Ös - Akureyri Sími 462 1430



Opið virka daga 10-18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is





Sköfurnar eiga eftir að koma sér vel eitthvað lengur. Veturinn er ekki búinn og það getur alltaf gerst að það þurfi að grípa til sköfunnar á morgnana.

NOTUÐ TÆKI



MAN 19-463 - Rafskiptur Dráttarstóll, loftfjöðrun aftan árg.1998 - ekinn 432.000



Daily sendibíll 35S13V
12m2 vörurými - rennihúð b/v árg.2000 - ekinn 117.00



Iveco EuroCargo 120E23
Kassi og lyfta árg.1997 - ekinn 253.000



Iveco EuroCargo 120E23
Kassi og lyfta árg.1997 - ekinn 225.000



Iveco EuroCargo 150E23
Gámagrind og lyfta árg.1999 - ekinn 305.000



Iveco Stralis 11/2004
AS440S48TP Dráttarstóll - ekinn 34.500



VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

HVAÐ ER... KVEIKJUKERFI?

Allir bíleigendur ættu að vera alvanir að skipta um bæði kerti og kertapræði í bílum sínum, að minnsta kosti ef þeir eiga þá í einhverni tíma.

Þessir lítilfjörlegu hlutir virðast kannski ekki til mikils megnugir en eru þó ómissandi hlekkir í þeirri margbrotnu keðjuverkun sem kveikjakerfi bensínmotora er.

Hlutverk kveikjakerfis er, eins og nafnið gefur til kynna, að kveikja í bensínblönduðu lofti og framkalla þannig sprengingar sem snúa mótörnum.

Kveikjakerfi „gengur“ fyrir rafmagni. Til að skilja betur virkni þess skulum við skoða einfalt og sigilt kveikjakerfi.

Kveikjan sendir taktfastan lágstraum inn á háspennukefli. Í hvert sinn sem straumurinn

rofvar sendir keflið frá sér háspennan rafmagnspúls til baka inn í annan hluta kveikjunnar, kveikjulokið. Þar fer púlsinn í gegnum kveikjuhamarinn, sem snýst í hringi. Í hverjum hring snertir hann platínur sem eru jafnmargar strokkum mótorsins. Við hverja snertingu hleypur fyrrgreindur rafpúls á milli.

Nú kemur að þeim hluta sem flestir bíleigendur þekkjá. Við kveikjulokið eru kertapræðirnir tengdir, einn við hverja platinu. Þeir leiða púlsinn frá kveikjulokinu að kertunum, sem eru skrúfuð niður í strokkanana, þangað sem bensínblönduða loftinu er dælt. Þegar púlsinn fer í gegnum neðsta hluta kertisins myndast neisti sem kveikir í loftblöndunni og fyrrgreind sprenging á sér stað.

Í dag leysa rafrænar kveikjur þetta kerfi af hólmi í flestum tilfellum. Grunnhugmyndin er þó sú sama, og engum dylst að kveikjur eru mikil völundarsmíð. Nákvæmni sem þarf til að allar tíma-setningar í ferlinu standist er mikil og ljóst að allir þættir verða að vera í toppstandi til að mótörinn afkasti eins og hann á að gera. Því er mikilvægt að muna eftir því að skipta reglulega um kerti og kertapræði!



Nokkur lítil en margbrotn kerfi mynda bílvél. Kveikjakerfið er eitt þeirra.

NÝI ÖKUSKÓLINN

**Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri**

Nýi ökuskólinn húsinu Klettagördum 11
S: 588-4500 www.et.is



Þróunarstjóri Volkswagen vill leggja meiri áherslu á sparneytnar dísilvélar en tvinnvélar. Hann segir tvinnbíla ekki minnka útblástursmengun.

Dísilbílar umhverfisvænni en tvinnbílar

Wilfried Bockelmann, þróunarstjóri Volkswagen, segir útblásturslög í Kaliforníu einu ástæðuna fyrir framleiðslu tvinnbíla.

Wilfried Bockelmann, þróunarstjóri Volkswagen, er óvenju beinskýttur í viðtali við tímaritið Automotive Engineering International. Hann segir að tvinnbílar (bílar knúin bæði bensín-/dísilvél og rafmagnsmotor) séu blekking og væru ekki til ef ekki væru í gildi heimskuleg lög um útblástur bíla í Kaliforníuríki.

„Það væri ekki nokkur maður að þæla í tvinnbílum yfirleitt ef ekki væru í gildi þessi heimskulegu lög um útblástur í Kaliforníu,“ segir Bockelmann, „en við neyðumst víst til að vera með tvinnbíl til að geta yfirleitt selt bíla í Kaliforníu frá og með áramótunum 2008-2009.“

Bockelmann fjallar síðan um þá tvinnbíla sem nú eru í umferð og segir að í því sambandi að draga úr útblástursmengun séu þessir bílar að langmestu leyti

þýðingarlausir við flestar aðstæður nema ef vera skyldi í Tókýó og París þar sem umferð er mjög þétt og hæg. Ekki einu sinni í þéttbýlustu borgum Bandaríkjanna séu þeir til nokkurs gagns - borgum eins og Los Angeles og Detroit.

Þar aka menn að meðaltali 30-40 mínútur til vinnu. Þar af er fimm til tíu mínútna akstur í mjög þéttu umferð í lok akstursins. Kostir tvinnbílanna vega ekki upp galla þeirra, segir Bockelmann. Gallarnir eru fyrst og fremst að þeir eru þyngri og mun dýrari í framleiðslu.

Vilji menn í alvöru draga úr eldsneytisbruna bíla liggi beinast við að leggja áherslu á nýjustu dísilvélar, sem eru mun eyðslugrenni en samsvarandi bensínvélar, en gagnvart Volkswagen standi þar einmitt hnifurinn í kúnni. Innan mengunarlagu og regluverks í Kaliforníu og fleiri ríkjum Bandaríkjanna sé einfaldlega ekki rúm fyrir nýjustu TDI-dísilvélar Volkswagen. Auk þess sem erfitt sé að nálgast dísilólú í miðríkjum Bandaríkjanna.

(Af www.fib.is)

Skipt um bremsuklossa

Reglulega þarf að skipta um bremsuklossa á bílum og telst í raun brýn nauðsyn. Skipting á þeim er auðveld í framkvæmd en kostnaðarsamt er að fresta henni of lengi.

Bremsuklossar eru fremur einfalt fyrirbæri og virka á afar skilvirknan hátt. Bremsuklossarnir sinna því einfalda verkefni að klemmast um bremsudiskinn þegar stigið er á bremsuna og hægja þannig á bílnum. Sannarlega verðugt starf. Bremsuklossar spænastrá þó upp með tímanum sökum núnings og þá er ekkert annað að gera en að skipta um þá.

Yfirleitt gefa bremsuklossarnir það sjálfir upp hvenær tímaþætt er að skipta um þá. Það gera þeir með því að senda frá sér ægilegt ískur þegar stigið er á bremsuna. Sú þumalputtaregla gildir að um leið og skruðningur heyrst þegar bremsað er skal skipt um bremsuklossana. Passa þarf þó upp á að rugla þessu skruðningshljóði ekki við hljóðið sem oft heyrst í bremsum þegar blautt er úti. Einnig getur viðvörunarkerfi í mælaborði um lítinn bremsuvökva gefið til kynna að of mikill vökvi sé kominn í leiðslurnar sem þýðir að lítið er eftir af bremsuklossunum.

Sé ekkert að gert verður ískurs- hljóðið alltaf meira og meira auk þess sem virkni hemlanna minnkar töluvert. Að lokum eyðist bremsuklossinn alveg og þá fer járníð sem heldur sjálfum bremsu-



Bremsuklossar eru lítil en knáir og þjóna afar mikilvægu hlutverki. FRÉTABLAÐIÐ/E.ÖL

klossanum að strjúkast utan í bremsudiskinn með þeim afleiðingum að hann rispast. Ef bremsudiskurinn er mjög rispauður mun hann ekki gera annað en að spæna næstu bremsuklossa upp til agna. Þá þarf einnig að skipta um bremsudiskinn og það getur verið nokkuð dýrt spaug. Ekki þarf heldur að tíunda þá gríðarlegu hættu sem skapast þegar bíllinn er orðinn nær bremsulaus.

Að skipta um bremsuklossa er hins vegar ekki dýr athöfn. Þeir kosta fáeina þúsundkalla og hvaða bifreiðaverkstæði sem er á að geta skipt um þá á örskotsstundu. Það er heldur ekki mikið mál að skipta um þá sjálfur. Dekkið er einfaldlega tekið af og þá má sjá smá einingu sem er um bremsudiskinn. Sú eining er einfaldlega opnuð, gömlu klossarnir teknir og þeir nýju settir í staðinn.

Skipta þarf um bremsuklossa báðum megin í hvert skipti sem skipt er um klossa.

allt matur

Alla föstudaga

Dásamlegur bíll fyrir fjölskylduna

Valur Freyr Einarsson leikari á stóra fjölskyldu og þarf því á stórum bíl að halda. Í desember síðastliðnum keypti hann sér Volkswagen Sharan sem að sögn hans er „agalega rúmgóður“.

„Mig vantaði góðan bíl fyrir jóla og ég var svo ótrúlega heppinn að vera að lesa inn á auglýsingar fyrir Volkswagen á sama tíma,“ segir Valur. Hann var ekki lengi að nýta sér þetta góða tækifæri og eftir að hafa blikkað sölumenn Heklu fallega fékk hann Volkswagen Sharan á mjög góðu verði.

Valur segist ekki vera bíladdellukall og að ef eitthvað komi fyrir bílinn sé hann ekki maður í að skella sér í samfesting, leggjast á hjólabretti og rúlla sér í smurólíuna. „Ég get ekki átt gamlan bíl sem stöðugt bilar. Ég verð að eiga einhvern góðan,“ segir Valur.

Svo virðist vera sem Valur eigi einmitt einn góðan núna. „Sharan er frábær bíll alveg hreint og afar þægilegur. Það eru hreinar línur að ég fer ekki aftur í druslurnar eftir þennan bíl,“ segir Valur. „Ég er reyndar ekki búinn að eiga bílinn lengi þannig að það er komin lítil reynsla á hann, en enn sem komið er er þetta dásamlegur bíll sem þægilegt er að keyra.“

Þessa dagana er Valur mikið á ferðinni á bílnum. Auk þess að



Valur Freyr Einarsson við sjálfrennreið sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

leika í Borgarleikhúsinu þarf hann að læra línurnar fyrir þýska kvikmynd sem hann mun leika í í vor og svo er hann einnig að undirbúa enduruptöku á Forðist

okkur. „Það voru bara svo margir sem ekki komust að vegna þess að það var alltaf uppselt. Þess vegna langar okkur endilega að halda áfram með sýninguna. Við erum

líka að vinna að því að koma henni á stóra leiklistarsýningu í Þýskalandi og þetta er liður í þeim undirbúningi,“ segir Valur.

tryggvi@frettabladid.is



Nú geta söngelskir Íslendingar loksins keypt Idol-útgáfuna af Volkswagen Golf.

Golf í Idol-útfærslu

Átta hátalarar, rafstýrð sóllúga og 16“ álfelgur.

Volkswagen Golf, söluhæsti bíllinn í Evrópu árið 2005, býðst nú í sérstakri Idol-útfærslu hjá Heklu. Meðal staðalbúnaðar má nefna rafstýrða sóllúgu, 16“ álfelgur, armpúða milli framsæta, samlita lista og hurðarhúna og leðurpakka.

Golf hefur hlotið fimm stjörnur í Euro-NCAP og meðal staðalbúnaðar er ABS-hemlakerfi, aftengjanleg ASR-spólvörn, sex öryggis-púðar, Isofix-festingar fyrir barnabílstóla, rafrænt hraðatengt aflstýri, styrktarbitar í hurðum, Volkswagen-hljómtæki og geisla-spilari, átta hátalarar og fjarstýrðar samlæsingar.

eldsneyti }

Lífrænt eldsneyti

ÞÝSKI BÍLAÍÐNAÐURINN VILL AÐ LÍFRÆNT ELDSNEYTI VERÐI TÍUNDI HLUTI ALLS BÍLAELDSNEYTIS.

Samtök þýska bílaiðnaðarinnar fundu nýlega með helstu leiðtogum og fræðimönnum innan greinarinnar um notkun lífræns eldsneytis í nánustu framtíð. Rætt hefur verið um það innan Evrópusambandsins að rækta olíuríkar plöntur til framleiðslu eldsneytis fyrir bíla og vélar en aðrir vilja frekar styrkja nýtækni og rannsóknir á aðferðum við eldsneytisframleiðslu með ensíumum en að hefja stórfellda olíuræktun.

Á fundinum í Þýskalandi var komist að þeirri niðurstöðu að hlutfall notkunar á lífrænu bílaeldsneyti skyldi aukið um minnst tíu prósent fram til ársins 2010. Evrópusambandið hefur sett það markmið í þessum efnunum að auka lífræna notkun um 5,75 prósent en forsvarsmönnum í þýskum bílaiðnaði fannst það ekki nóg. Frétt fengin af www.fib.is.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

HLÍFÐU BÍLNUM



Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldir gerðir bíla:

Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover
Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru
Suzuki · Toyota · Volkswagen

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



HYUNDAI 170W
árg. 2004 - Vst. 2.400



JCB 3CX
árg.1999 - Vst.5.100



JCB JS330 LC
árg.1999 - Vst.9.400



JCB 3CX
árg.1996 - Vst.9.400



Bobcat 328
árg. 2000 - Vst.1.600



VÉLAVER HF

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

06-010 KC

allt

nám o.fl.

Nesti skólubarna verður að vera hollt og gott þar sem þau eru oft lengi í skólanum og þurfa almennilega næringu. Það er ágætt að hafa það fyrir reglu að hafa alltaf einn ávöxt eða grænmeti með í nestispakkanum.



Konur í landbúnaði

Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi við Lífandi landbúnað, Bændasamtök Íslands og fleiri aðila bjóða nú upp á örnámskeið um landbúnað í gegnum fjarnámsvef skólans.



Hvanneyri.

Námskeiðið er í tengslum við Evrópuverkefnið Byggjum brýr (Building Bridges) fyrir konur í landbúnaði.

Námskeiðið byggir á því að sendir eru út spurningalistar um afmörkuð viðfangsefni; jarðrækt og fódurrækt, nautgriparrækt, sauðfjárrækt, ferðaþjónusta og hlunnindi og framþróun og nýsköpun, auk annars fróðleiks.

Auk spurningalistanna fara

fram vikulegir umræðufundir um allt land þar sem leitast er við að fá fræðimenn og reynslumikla einstaklinga til að fjalla um efni vikunnar.

Þátttakan er góð og eru 65 til 80 konur víðs vegar að skráðar á námskeiðið. ■

Læsismiðstöðin

Parabakka 3, 3. hæð, Mjódd • s. 893 3961
Netfang : aukri@ismennt.is



Greiningar á lestrar- og ritunarerfiðleikum
Ráðgjöf og kennsla fyrir einstaklinga og skóla

Auður B. Kristinsdóttir, M.Ed.
Sérkennsluráðgjafi

**"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með
...margfalt meiri skilning."**

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

**"...held ég sé á góðri leið með að ná inntöku-
prófinu í læknadeild í vor. Takk fyrir mig."**

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyrngið, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið **13. mars**

Akureyri - 16. mars - þriggja vikna hraðnámskeið

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

ENSKUNÁM Í ENGLANDI fyrir 12-16 ára



Hvað segja foreldrar? "Okkur foreldrum langar að þakka þér og þínu fólki kærlega fyrir þessa frábæru ferð til Broadstairs. Hún sagði okkur að það hafi verið "allt gaman" kennslan, kenning, farastjórar, frjálsi tíminn á daginn og á kvöldin. Ég tala nú ekki um þá frábæru krakka sem hún kynntist. Að þau hafi allir verið svo góðir vinir. Ég held að hún hafi alveg viljað vera í skólanum í mánuð. Hún var að auki mjög ánægð með þá fjölskyldu sem hún dvaldist hjá. Að vísu fannst henni "tedrykkjan" með morgunmatnum og kvöldmatunum ekki sérlega góð. Hún hafði nú bara gott af kynnst annari matarmeningu. Við erum þakklát að hún fékk tækifæri á að kynnst betur enskri tungu (okkur finnst hún núna töluvert öruggari í talmálinu og lesskilningnum), annarri menningu og fá að vera svolítið sjálfstæð fjarri foreldrum sínum."

enskafyriralla.is



Skráning er hafin í vinsælu námsferðina fyrir 12-16 ára, 3 vikur í ágúst.
Uppl. og skráning í síma 8917576 og erlaara@simnet.is

Foreldrar sjá um skólastarfið í Þorlákshöfn einn dag á ári

Þegar kennarar í grunnskóla Þorlákshafnar halda starfsdag eiga nemendur ekki fri eins og í mörgum skólum heldur taka foreldrar þeirra yfir starfsemi skólans í heilan dag. Þá fá krakkarnir að kynna þeim ýmsu störfum sem vinna má í sveitarfélaginu og víðar.

Í rúman áratug hafa kennarar við Grunnskólann í Þorlákshöfn brugðið undir sig betri fætinum einn dag á ári og haldið í ferð út fyrir bæjarmörkin til að kynna sér starfsemi annarra skóla eða þá líkt og þeir gerðu síðastliðinn föstudag, að skella sér á tölvunámskeið í borginni.

Nemendur sitja ekki auðum höndum á meðan heldur taka foreldrar yfir skólastarfið og skipuleggja allsherjar starfskynningardag í skólanum. Þá fá þeir til liðs við sig ýmsa vinnustaði í Þorlákshöfn sem koma og kynna starfsemi sína.

„Þetta er í bland starfskynning og leikur," útskýrir Jón H. Sigurmundsson aðstoðarskólalastjóri. „Starfskynningin er frekar í efri bekkjum en yngri börnin fá að skoða slökkvibíla og annað skemmtilegt," segir Jón, sem telur að krakkarnir læri töluvert á því að fá til sín vinnandi fólk úr sveitarfélaginu. Að þessu sinni komu í skólann björgunarsveit, landhelgisgæslan og slökkviliðið. Golf var kynnt fyrir krökkunum auk þess sem hársnyrtir, förðunarmeistari, rafvirki og tölvunarfræðingur komu og fræddu krakkana út á hvað starf þeirra gengi. Mikið er leitað til foreldra og fyrirtækja í Þorlákshöfn og hefur að sögn Jóns gengið mjög vel að fá fólk til að koma. Á síðust árum hafa meðal annars kokkar, þjónar, flugfreyjur og ýmsir aðrir lagt málefnið lið.

Jón veit ekki til þess að síður dagur sé haldinn víðar á landinu en telur uppátækið mælast vel fyrir hjá börnunum. „Öll svona tilbreyting og hvíld frá okkur kennurum mælist vel fyrir hjá krökkunum," segir Jón glettinn. Allt að þrjú foreldrar fylgja hverjum bekk á þessum skóladegi, sem ávallt er haldinn á föstudegi og stendur til hálf eitt. „Foreldrar eru mjög duglegir að hjálpa," segir Jón ánægður og býst við að dagurinn verði haldinn um ókomna tíð í grunnskólanum sem telur 250 nemendur og var nýlega útnefndur reyklaus skóli.

solveig@frettabladid.is



Hluti af tíunda bekk grunnskólans í Þorlákshöfn. Krakkarnir hafa gott af því að kynna ýmsum starfsgreinum áður en þeir taka ákvörðun um starf eða áframhaldandi nám eftir útskrift.



Í skólanum eru 250 nemendur. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu sem reyklaus skóli.

Safnað fyrir Gambíu

Nemendur og starfsmenn Fossvogsskóla voru dugleg að safna skólagögnum fyrir nemendur í Gambíu.

Nemendur og starfsfólk við Fossvogsskóla í Reykjavík stóðu fyrir söfnun skólagagna 9. og 10. janúar síðastliðinn sem senda á til nemenda í skólum í Gambíu. Þetta er framhald af söfnun sem þau stóðu fyrir í desember en mikill skortur er víða í þróunarlöndunum, meðal annars á skólavörum.

Í lok febrúar fræddust nemendur skólans um Gambíu þegar tveir starfsmenn sem starfað hafa í Gambíu á vegum Rauða Krossins komu og kynntu fyrir þeim landið, menninguna og hvernig ástandið er á þessum slóðum í dag. Skólavörurnar sem söfnuðust verða sendar út á vegum Rauða krossins í Reykjavík um miðjan mars. ■



Skólábörn í Gambíu njóta góðs af söfnun barna í Fossvogsskóla.

HEILSUSETUR
ÞÓRGUNNU




Fornám í svæða- og viðbragðsmeðferð

Föstudagana 17. mars, 31. mars,
7. apríl og 28. apríl 2006.
Frá kl. 16:00-19:00

Námið hefst þriðjudaginn 9. maí
og er frá kl. 17:00-19:00.

Nánari upplýsingar á vefnum:
www.heilsusetur.is, í síma:
552 1850 og GSM: 896 9653





Fyrir utan Abu Simbel.

Syngjandi bavíanar

Jóhanna E. Sveinsdóttir er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem aðalbókari hjá LOGOS lögmansþjónustu. Hún fór til Egyptalands með Bændaferðum í október í fyrra.

Stóran hluti af ferðinni var gisti í fimm stjörnu skemmtiferðabát á ánni Níl með sundlaug um borð og framúrskarandi þjónustu. „Það var yndislegt að gista á bátinum. Þetta eru nokkurs konar prammur sem líða áfram eftir ánni án þess að maður finni fyrir hreyfingu. Á meðan á siglingu stóð gat maður séð vítt og breitt til allra átta, skoðað mannlífið og fallett landslagið. Einnig gat maður legið í sólbaði eða svamlað í sundlauginni.“

Á hverjum degi var farið í skoðunarferðir frá skipinu. „Farið var mjög snemma af stað í ferðirnar til að vera komin til baka fyrir klukkan tvö en þá skellur mesti hitinn á. Við vorum því orðin vön að vakna klukkan hálf fjögur á nóttinni,“ segir Jóhanna en hópurinn var með egypskan leiðsögumann sem hét Noha. „Hún vissi allt, kunni allt og allir hlýddu henni, hvort sem það voru hermenn, lögreglumenn, eða vagnstjórar á litlum hestvögnum. Hún var eins og yfirvald sem enginn þorði að mótmæla til að eiga ekki á hættu að fá hana upp á móti sér“ Segir Jóhanna kímín um Nohu.

„Hápunktur ferðarinnar var heimsóknin til Abu Simbel sem Ramses II reisti fyrir 3.500 árum.



Sundlaug var á bátinum.

Við fórum á fætur fyrir þrjú um nóttina og fengum snarl með okkur frá bátinum. Við flugum frá Aswan til Abu Simbel. Eyðimörkin sem við flugum yfir var dimm en tunglið, sem var nær fullt, skein hátt á lofti og kastaði dularfullum blæ yfir þessar suðlægu slóðir. Við fórum í rútu frá flugvellið, sem ég myndi halda að væri frá 1950. Þegar við örkuðum af stað var himininn orðinn rós-gulur og allt í einu heyrðust undarlegir skrækir eða fuglasöngur og stóðu yfir í kringum eina mínútu.

Noha sagði okkar þá að eitt af því sérkennilega við Abu Simbel væru bavíanar sem hefja upp raust sína og „syngja“ alltaf stuttu fyrir sólarupprás. Í næstu andrá benti hún okkur á sólina og nú upplifðum við stórkostlega sólar-

upprás þar sem sólin var fyrst eins og hvítur hnöttur sem varð síðan rauður og á einni mínútu rauk sólin upp á himinhvolfið.“

Jóhanna er þakklát því að hafa haft svo góðan fararstjóra því annars hefðu þau aldrei heyrt í bavíönunum né séð þessa mögnuðu sólarupprás.

„Þessi ferð var ótrúlega yfirgripsmikil, vel skipulögð og segja má að við höfum náð að skoða næstum níutíu prósent af merkuðu fornminjum Egyptalands á þessum dögum,“ segir Jóhanna, sem hafði átt þá ósk lengi að geta skoðað sig um í Egyptalandi.

Um páskana stefna Jóhanna og eiginmaður hennar á golf ferð til Spánar til að njóta þess að spila golf með vinafólki í frábæru veðri við kjöraðstæður.

jenny@frettabladid.is



Jóhanna í Egyptalandi.

Kvennaferð til Parísar

Kvennaferð á vegum Icelandair verður farin til Parísar 10. til 14. apríl.

Kvennaferðir.is og Icelandair bjóða upp á fjögurra daga dömuferð til Parísar dagana 10. til 14. apríl. Fararstjórn verður í höndum Helgu Brögu Jónsdóttur, Eddu Björgvinsdóttur og Evu Daggar Sigurgeirsdóttur og gisti verður á Holiday Inn République sem er fjögurra stjörnu hóteli í hjarta Parísar.

Ferðin snýst eingöngu um dekur og lystisemdir þar sem áhersla er lögð á veitingahús, búðir, söfn og góðan hlátur í skemmtilegum félagsskap.

Frekari upplýsingar má fá á www.icelandair.is/serferdir.

Íslenskar konur munu hertaka París um miðjan apríl, hlæja saman og skemmta sér á vegum Kvennaferða.is og Icelandair.



Tallinn og Pétursborg
Beint flug vorið 2006 frá Keflavík og Akureyri

Miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi eða hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi
Flugið beint til Tallinn og heyrir þaðan til Pétursborgar

Frá Keflavík: 8. - 15. apríl 15. - 20. apríl	Pétursborg upptætt 59.050 kr.	Tallinn upptætt 57.500 kr.	Aðalsins gefa sæti eftir frá Akureyri 12. - 16. apríl.
Frá Akureyri: 12. - 16. apríl 13. - 17. apríl	Pétursborg 57.700 kr. upptætt	Tallinn 55.500 kr. upptætt	

Aukaflog 27. apríl - 1. maí frá Akureyri
Innifalið: Flug, skattar, áttel, reiðfjórir og öskubar ferðagjafi.
Trans - Atlantic ehf • Sími 588 8900 • Símbref 588 8950 • www.transatlantic.is

Reykjavík – Billund:

Bjóðum flug frá Reykjavíkflugvelli til Billund á Jótlandi.

Flugið til Billund alla mánudaga og til Reykjavíkur alla föstudaga frá 03. apríl til 20. júní. Frá 25. júní til 12. ágúst er svo flugið frá Reykjavík til Billund mánudaga, miðvikudaga og laugardaga og frá Billund til Reykjavíkur alla daga nema fimmtudaga og laugardaga. Millilenti í Færeyjum.

Í tengslum við þennan nýja ferðamöguleika bjóðum við frábær fjölskyldutilboð í páskafríinu:

Flugið mánudaginn 10. apríl til Billund og til Reykjavíkur 14. apríl (föstudaginn langa). Verð á mann miðað við 4 í bíl og gistingu í sumarhúsi frá 50.100,- krónum

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, bíll í C-flokki og gisting í sumarhúsi í sumarhúsabyggð við Løjt á Suður-Jótlandi eða í nágrenni Silkeborgar.

Samskonar verðdæmi í júní (mánudag til föstudags): 48.200,-

Aflsláttur fyrir börn innan 12 ára: 12.500,-

Billund er vel í sveit sett á miðju Jótlandi og þaðan liggja leiðir til allra átta. Hringið og leititið nánari upplýsinga og frekari tilboða.

FERDASKRIFSTOFA
GUDMUNDAR JÓNASSONAR EHF.
Borgartúni 34, sími 511 1515
netfang: outgoing@gjtravel.is
heimasiða: www.gjtravel.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA
KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG PARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

8-18
11-16



Ford F-250 CrewCab Lariat, skrd. 06/2003 ek. 68.000 km, 6000 cc, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 3.350.000 kr. Tilboð 2.890.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Suzuki Grand Vitara, skrd. 06/2001 ek. 99.000 km, 2000 cc, beinskiptur. Ásett verð 1.390.000 kr. 1.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Daihatsu Terios, skrd. 09/1998, ek. 103.000 km, 1300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.




Hyundai Starex, skrd. 05/1999, ek. 96.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Opel Vectra, skrd. 04/1999, ek. 106.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 670.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Til sölu Volvo FH12 460 hö 6x4 m.kassa nýskráður 05.03.99 Verð kr.2,2 millj. án vsk. Upplýsingar hjá Brimborg 515 7000 eða 894 2049.



Citroen Xsara, skrd. 03/2003 ek. 54.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr. Tilboð 1.050.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Fiesta, skrd. 03/2003, ek. 48.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.070.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Volvo V70, skrd.11/2003, ek. 35.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.350.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Peugeot Partner, skrd. 09/2002 ek. 95.000 km, 1400 cc, beinskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Focus Trend, skrd.01/2004, ek. 32.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Til sölu Volvo FL610 180 hö 4x2 m.kassa nýskráður 08.06.2000. Verð kr.2,3 millj. án vsk. Upplýsingar hjá Brimborg í síma 515 7000 eða 894 2049.



Ford Escape XLT, skrd. 12/2004, ek. 7.000 km, 3000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.790.000 kr. Tilboð 2.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Toyota Corolla, skrd. 06/2000, ek. 100.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Focus Trend, skrd.09/2004, ek. 32.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.550.000 kr. Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.




Mazda 323F, skrd.05/2001, ek. 62.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 960.000 kr. Tilboð 860.000 kr. 100% lán mögulegt. S.515 7000.



Volvo V70, skrd.10/2001, ek. 84.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.000 kr. Tilboð 2.190.000 kr. 100% lán mögulegt. afb.ca 43.800 kr. S. 515 7000.



Til sölu Hyundai R95 hjólagrafa árg. 2003, 3000 vinnustundir, 3 st.skóflur fylgja með. Verð kr.3,9 millj. án vsk. Upplýsingar hjá Brimborg í síma 515 7000 eða 893 4435.



Ford F-250 Lariat CrewCab, skrd. 03/2004, ek. 49.000 km, 6000cc, dísel, sjálfskiptur, ásett verð 3.990.000 kr. Tilboð 3.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



VW Golf Highline, skrd. 09/2002, ek. 85.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.




Fiat Stilo, skrd. 09/2002, ek. 44.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Expedition XLT Sport, skrd. 07/2004, ek. 15.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.570.000 kr. 100% lán mögulegt. S.515 7000.



Ford Focus Trend, skrd.12/2003, ek. 36.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.420.000 kr. Tilboð 1.260.000 kr. 100% lán mögulegt. afb.ca 25.200 kr. S. 515 7000.



Til sölu Volvo FH12 460 hö 6x4 nýskráður 28.12.2001 (skýring mynd Volvo VN286) Einstaklega vel útbúinn og vel með farinn dráttarbil. Ekinn 135 þús. Verð kr.5 milljónir án vsk. Upplýsingar hjá Brimborg í síma 515 7000 eða 893 4435



Volvo S60, skrd. 03/2004, ek. 24.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Focus "Five", skrd. 01/2000, ek. 136.000 km, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Ford Focus Trend, skrd. 07/2004, ek.31.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr. Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Toyota Corolla, skrd.06/2000, ek.100.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is



Gott til síðasta dropa

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 8. mars 2006 – 9. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Óeining í stjórn
Í stríðum
Straumi



10

Íslenskir fjárfestar í Danmörku
Kaupa þar sem þeir
þekkjast til



12-13

Mannauðsstjórnun
Gúrú kennir
Íslendingum



18



KB banki selur í Baugi

KB banki hefur selt allan hlut sinn í Baugi Group en bankinn átti 8,75 prósent. Kaupendur bréfa eru Fjárfestingarfélagið Gaumur, eignarhaldsfélag Bónusfjölskyldunnar, og Eignarhaldsfélagið ISP, sem er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur.

Við yfirtöku og afskráningu á Baugi árið 2003 eignaðist bankinn fimmtungshlut. KB banki innleysir 3,3 milljarða hagnað vegna sölunnar.

- eþa

Íbúðalánasjóður lækkar vexti

Íbúðalánasjóður hefur ákveðið að lækka útlánsvexti íbúðalána úr 4,7 prósentum í 4,65 prósent í kjölfar 1. áfanga útboðs íbúðabréfa á þessu ári. Vaxtaþreitingin tekur gildi á morgun.

Alls bærust tilboð að nafnvirði 14,92 milljarðar króna í bréfin og var ákveðið að taka tilboðum í íbúðabréf að nafnvirði 4,4 milljarða króna, að því er fram kemur í tilkynningu frá Íbúðalánasjóði til Kauphallarinnar.

Þá segir jafnframt að með reglugerð sé Íbúðalánasjóði heimilt að bjóða viðskiptavinum sínum að taka íbúðalán með því að greiða sérstakt uppgreiðsluálag. Hafi stjórn Íbúðalánasjóðs ákveðið að bjóða viðskiptavinum að taka íbúðalán með sérstöku uppgreiðsluálagi, sem verði með 0,25 prósentu lægri vöxtum en vextir hefðbundinna lána eru, þ.e. 4,4 prósent.

- jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Selja Skeljung | Hagar hösluðu sér völl í sérvörverslun á nýjan leik með kaupum á fimm verslunum í Kringlunni og hafa selt rekstur Skeljungs til Fons.

Kaupir more | Strax-samstæðan hefur keypt þýska dreifingaraðilann More International og tvöfaldast við það velta samstæðunnar.

Ekki lykilatriði | Dagsbrún ætlar að gefa út fríblað í Danmörku hvort sem verður af kaupum í norsku fjölmiðlasamsteypunni Orkla Media eða ekki.

Hafna ásökunum | Eigendur Saxhóls vísa á bug ásökunum um að félagið hafi fjármagnað kaup annarra aðila á stofnfjárlutum í SPH.



Magnús felldur | Magnús Kristinsson, varaformaður Straums, var óvænt felldur úr embætti á fyrsta fundi stjórnar þar sem hún skipti með sér verkum.

Kaupir CCP | Brú Venture Capital, fjárfestingafélag í eigu Straums - Burðaráss, hefur selt 38 prósentu hlut í tölvuleikjafyrirtækinu CCP til Novators, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Ríkið truflar | Lítil útgáfa ríkisvíxla vinnur á móti vaxtahækkunum Seðlabankans. Ríkissjóður á noga peninga og Lánasýslan gefur því ekki út víxla nema til að halda í horfinu.

Styrkir sig | Íslandsbanki hefur keypt riflega helmingshlut í Union Group, leiðandi fyrirtæki í sölu, ráðgjöf og samsetningu viðskipta með atvinnuhúsnæði í Noregi.

Met í kaupum á erlendum bréfum

Met var slegið í kaupum íslenskra fjárfesta á erlendum verðbréfum í janúar. Með kaupunum fæst æskileg áhættudreifing.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Kaup á erlendum verðbréfum hafa ekki verið meiri en í janúar síðastliðnum síðan kerfisbundið var farið að safna upplýsingum um slík kaup árið 1994. Með verðbréfum er átt við hvers konar framseljanleg skuldabréf og hlutabréf og aðrar kröfur sem hafa ígildi peninga, svo sem víxla.

Samkvæmt tölum Seðlabankans námu nettókaup innlendra fjárfesta í erlendum bréfum í janúar 33,5 milljörðum króna. Í janúar í fyrra nam upphæðin tæpum 1,5 milljörðum króna. „Ásókn innlendra fjárfesta í erlend verðbréf hefur stigmagnast frá árinu 2001, var mjög mikil árið 2005 og nú er spurning hvort álíka sókn verði á árinu 2006,“ segir tölfræðisvið Seðlabankans.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir erfitt að spá fyrir um hvort ásókn í erlend verðbréf verði jafnmikil áfram. „Það fer eftir þróun krónunnar og verðþróun hér heima,“ segir hún, en miklu getur munað milli mánaða á kaupum í erlendum bréfum. „Okkur sýnist reyndar líka að mikil velta sé með verðtryggð

skuldabréf og að stórir fjárfestar séu að kaupa meira í þeim en verið hefur. En þegar svo miklar sveiflur eru milli mánaða er varhugavert að draga of miklar ályktanir af mánaðartölum, þótt auðvitað sé gaman að rýna í mettölur.“

Aukinni ásókn í erlend bréf veldur sterk króna og tiltölulega hátt verð á verðbréfum hér heima segir Edda Rós. „Kaupmáttur okkar er mikill í útlöndum meðan krónan er svona sterk. Síðan er eins og aðeins sé komin óvissa í kerfið og þá bregðast menn kannski svona við,“ segir hún og bætir við að þessi þróun verðbréfaþinga sé mjög góð. „Æskilegt er að menn dreifi áhættunni og gott fyrir svona skuldsetta þjóð að menn eigi eignir erlendis sem skili okkur tekjum í framtíðinni, þannig að þetta er bara hið besta mál.“

Í mati greiningardeildar Landsbankans segir að langstærstan hluta kaupanna megi rekja til hlutabréfaþinga í einstaka fyrirtækjum, en þau hafi í janúar numið 28,2 milljörðum króna. „Kauf á erlendum hlutabréfum hafa aukist gífurlega á síðustu misserum,“ segir þar og bent á að í fyrra hafi þau numið 71,2 milljörðum króna, fimmfalt hærri upphæð en árið 2004.

VERÐBRÉFAKAUP Í ÚTLÖNDUM*



* í milljörðum króna

Safnar bréfum í Cermaq

Íslandsbanki orðinn þriðji stærsti hluthafi í norskum fódurframleiðanda. Mikil verðhækkun á eldisfélögum vegna væntinga um samruna og yfirtökur.

Íslandsbanki hefur verið að auka hlut sinn jafnt og þétt í norska eldis- og fódurframleiðandanum Cermaq. Að sögn Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, eru bréfin keypt fyrir hönd viðskiptavina bankans. Hlutur bankans er nú tæp fimm prósent og virði hans um 3,7 milljarðar króna.

Cermaq er næststærsti laxeldisframleiðandi heimsins á eftir Marine Harvest og því öllu stærra en Fjord Seafood og Pan Fish sem eru fyrir á norska hlutabréfamarkaðnum. Cermaq er annar stærsti fódurframleiðandi fyrir fiskeldi á eftir Skretting.

Stærsti eigandinn í Cermaq er norska ríkið, sem á um 43,54 prósentu hlut. Fyrirtækið hefur nærri tvöfaldast í verði frá því það var einkavætt og sett

á markað í október. Frá áramótum nemur gengishækkunin um 55 prósentum.

Góður gangur hefur verið hjá norskum laxeldisframleiðendum að undanförunum. „Í fyrrasumar hækkaði afurðaverð mikið og afkoma laxeldisfélaga batnaði verulega í kjölfarið. Flestir greinendur spá því að laxaverð haldist áfram hátt á þessu ár,“ segir Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka. Hann bendir á að fyrirtækin hafi um leið stækkað með yfirtökum og lækkað kostnað við framleiðslu með betri tækni og stærri einingum.

John Fredriksen, aðaleigandi Pan Fish, hefur selt fimmtungshlut í Fjord Seafood til Pan Fish og sjálfur eignast allt hlutfé í Marine Harvest. eru taldar sterkar líkur á því að fyrirtækin þrjú sameinist í stærsta laxeldisframleiðanda heims.

- eþa

Góð
ávöxtun
og lítil
áhætta

Peningabréf eru
áhættuminni sjóður
Landsbankans. Lágmarkskaup
eru 5.000 kr. og hægt er að vera
lískrift að sjóðnum. Gengi
sjóðsins hefur síðari lækkað á
milli daga og því hentar hann
þeim sem fjárfesta til
stærms tíma og vilja
lítla áhætta.

10,5%

reklamasáttun á langvarandi
frá 9. janúar - 1. febrúar 2006.

Peningabréf
Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluáðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	1%	14%
Alfesca	-4%	-2%
Atorka Group	0%	-5%
Bakkavör Group	-3%	2%
Dagsbrún	2%	14%
Flaga Group	-1%	-18%
FL Group	-3%	36%
Íslandsbanki	-3%	17%
KB banki	-3%	25%
Kögun	0%	8%
Landsbankinn	0%	13%
Marel	0%	5%
Mosaic Fashions	2%	-6%
Straumur	-1%	22%
Össur	-3%	-3%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Útlendingar stórauka umsvif sín

Umsvif erlendra fjárfesta á innlendum hlutabréfamarkaði hafa vaxið verulega á síðustu miss-erum.

Útlendingar áttu 22-28 prósent hlutfjár í árslok 2005 samanborið við níu prósent í árslok 2004 og sjö prósent lok árs 2003. Bilið skýrist af safnreikningum sem ekki er vitað í hverra eigu eru. Aukningin á milli ára er því að minnsta kosti 144 prósent.

„Það sem skýrir einkum þessa aukningu eru annars vegar kaup útlendinga á innlendum hlutabréfum og hins vegar stórar yfirtökur á síðasta ári. Við þær yfirtökur



ÚTLENDINGAR KAUPA ÍSLENSK BRÉF Derek Lovelock, forstjóri Mosaic, er meðal stærstu erlendra fjárfesta í Kauphöll Íslands. Hlutur hans í Mosaic er yfir fjórir milljarðar að verðmæti.

fengu eigendur erlendra félaga oft greitt í íslenskum hlutabréfum,“ segir Þórhður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. „Þar fyrir utan er ljóst að það er vaxandi áhugi erlendis frá á íslenskum hlutabréfum. Við munum áreiðanlega á næstu misserum fá mun fleiri erlenda fjárfesta inn á markaðinn okkar.“

Tvö erlend félög skráðu bréf sín á markað á síðasta ári, Mosaic Fashion og Atlantic Petroleum. Atlantic reiknast ekki með í þessum útreikningum þar sem bréf félagsins eru skráð hjá dönsku verðbréfaskráningunni. - eþa

Kaupin á EJS gengin í gegn

Undirritaðir hafa verið endanlegir samningar á kaup Skýrr á 58,7 prósent eignarhlut í EJS hf. eftir að áreiðanleikakönnun var lokið á mánudagskvöld.

EJS verður með þessu dótturfélag Skýrr, sem aftur er í eigu Kögunar. Á aðalfundi EJS á morgun, fimmtudag, verður kosin ný stjórn fyrir félagið.

Í fyrra nam velta EJS um 3,6 milljörðum króna, en hjá samstæðunni starfa um 150 manns. Skýrr velti á sama tíma um 2,3 milljörðum króna og er með um 200 starfsmenn. - óká



FRÁ UNDIRRITUN SAMSTARFSSAMNINGA Í UNGVERJALANDI Béla Szanyi frá Hercules/Vulcan, Ferenc Utassy, heidurskónull Íslands í Ungverjalandi, Lilja Tryggvadóttir hjá Enex, Lárus Elíasson Enex, György Szucs hjá MOL, Attila Kujbus MOL, Attila Holoda MOL, Charles Morgan Hercules/Vulcan, Clair Birgin, sendiherra Ástralíu í Ungverjalandi, Stephen Keenihan Hercules/Vulcan og Kántor Sándor MOL.

Enex virkjar í Ungverjalandi

Bara byrjunin á jarðvarmavirkjunum þar, segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Íslenska orkufyrirtækið Enex, ungerska olú- og gasfélagið MOL og ástralska fjárfestingarfyrirtækið Hercules/Vulcan hafa skrifað undir samning sem markar upphafið að byggingu fyrstu jarðvarmastöðvar í Ungverjalandi sem ætluð er til raforkuframleiðslu. Samkvæmt upplýsingum Enex verður stöðin þrjú til fimm megavött að stærð.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins nemur um 18,3 milljónum evra, tæpum einum og hálfum milljarði íslenskra króna. Hlutur Enex í fjárfestingunni er sagður vera 32 prósent.

„Enex lítur á samstarfið við sterkan ungerskan aðila og sér-

hæfðan alþjóðlegan fjárfesti sem mikilvægt skref í að virkja jarðvarma í Ungverjalandi til raforkuframleiðslu. Þetta er aðeins upphafið en gert er ráð fyrir að virkja megi um 100 til 500 MW af raforku úr jarðvarma í Ungverjalandi á næstu árum,“ segir Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri Enex.

MOL á um 8.000 borholur í Ungverjalandi og hefur verið í samstarfi við Enex frá 2003. Hercules er sérhæft ástralskt fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfestir í orkulindum víðs vegar um heiminn. Vulcan kft. er svo ungerskt dótturfélag Hercules.

- óká

Fjölmennt í Icelandic Group

Yfir 20 þúsund litlir hluthafar bættust í hópinn.

Hluthöfum í Icelandic Group, sem áður kallast SH, fjölgaði allhressilega á föstudaginn þegar hluthafar í Straumi - Burðarási fengu hlutabréf í Icelandic í arð.

För eigendafjöldinn úr 250 aðilum í 22.359, sem er um 8.900 prósentu auking. Icelandic Group er því orðið eitt fjölmennasta almenningshlutafélag landsins en aðeins Landsbankinn og KB banki munu hafa fleiri hluthafa innan sinna vébanda. Þetta mun vera í samræmi við þá stefnu stjórnar félagsins að fjölga hluthöfum í Icelandic. Samkvæmt reglum Kauphallar skal eignarhald í skráðum félögum á aðallista



GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON STJÓRNARFORMAÐUR Icelandic er orðið eitt fjölmennasta hlutafélag landsins eftir að Straumur greiddi hluthöfum sínum arð í formi bréfa í Icelandic.

dreifast á 300 almenna fjárfesta og fjórðungur hlutabréfa vera í þeirra eigu. Hver hluthafi í Straumi fékk þó mjög lítinn hlut í Icelandic í sinn hlut þar sem aðeins 350 milljónir að markaðsvirði skiptust á milli hluthafa Straums í samræmi við eignarhluta hvers og eins. Sá sem á eina milljón króna að markaðsverði í Straumi fékk bréf í Icelandic fyrir rétt um 1.800 krónur að markaðsverði.

Tíu stærstu hluthafarnir eiga um 88 prósent hlutfjár í Icelandic eftir innkomu nýrra eigenda. Hlutafélagið ISP er stærst með um þriðjungshlut en félagið er í eigu Sunds og TM. - eþa

Mótmæla verksmiðju SVN á Hjaltlandseyjum

Íbúar í námunda við verksmiðjuna óttast lyktarmengun og fjölgun fugla við flugvöll í nágrenni hennar.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar


Síldarvinnslan (SVN) í Neskaupstað hefur uppi áform um að reisa fiskimjölsverksmiðju í Sella Ness á Hjaltlandseyjum. Verksmiðjan mun kosta um 10,8 milljónir punda, jafnvirði rúmra 1,2 milljarða íslenskra króna, og miða áætlanir við að hún noti um 100.000 tonn af hráefni, aðallega kolmunna, til framleiðslu á mjöli og lýsi. Að sögn Jóhannesar Pálssonar, framkvæmdastjóra landvinnslu hjá Síldarvinnslunni, munu nokkur störf skapast með tilkomu verksmiðjunnar á Hjaltlandseyjum. Það sé þó árstíðabundið en þegar mest láti muni fimmtán manns fá störf í verksmiðjunni. Færri starfi þar á öðrum tímum. Yfirvöld á eyjunum hafa verið hlýnt framkvæmdunum og lýst yfir vilja til að verja sex milljónum punda, jafnvirði tæpra 700 milljóna íslenskra króna, til stækkunar hafnarinnar í Sella Ness í tengslum við verksmiðjuna.

Jóhannes segir að um stórt verkefni sé að ræða á Hjaltlandseyjum og hafi Síldarvinnslan átt gott samstarf við bæði yfirvöld á eyjunum og heimamenn. Hafi fyrirtækið farið í staðarval fyrir væntanlega verksmiðju í samráði við alla aðila.

„Út úr staðarvalinu kom ákveðin niðurstaða og málið fór í eðlilegt ferli. Við skiluðum inn umhverfismatsskýrslu í desember og hefur hún verið auglýst. Þá eru athugasemdir komnar við hana frá opinberum aðilum og almenningi. Skipulagsyfirlöð eru að fara yfir skýrsluna og vonumst við til að úrskurður yfirvalda falli í apríl eða maí,“ sagði Jóhannes og bætti við að Síldarvinnslan tæki ákvörðun um framhald framkvæmdarinnar eftir að úrskurður úr umhverfismatinu lægi fyrir. Fram að þeim tíma gerðist ekki mikið.

Í vefútgáfu dagblaðsins Shetland Marine News í síðustu viku kom hins vegar fram að tafir gætu orðið á því að Síldarvinnslan reisti fiskimjölsverksmiðjuna í Sella Ness. Er ástæðan sögð mótmæli nokkurra heimamanna sem búi í nágrenni við væntanlegt verksmiðjusvæði. Kemur fram að ítarlegri upplýsinga hafi verið krafist um ýmsa umhverfispætti, s.s. hvernig komið verði í veg fyrir mengun af völdum frárennslis frá verksmiðjunni auk þess sem óttast er að lykt og úrgangur frá verksmiðjunni laði fugla að henni, en flugvöllur Sella Ness er í námunda við væntanlega fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Hjaltlandseyjum. Geti því stöðjað hætta að fuglum á svæðinu.

Vegna þessa er búist við að tafir verði á að Síldarvinnslan reisi verksmiðjuna á Hjaltlandseyjum, að sögn blaðsins, og muni fram-



HLIÐ AÐ VÍKINGAHÁTÍÐ Á HJALTLANDSEYJUM Þar stendur að allir séu velkomnir og kjörorð eyjanna fylgja með.

kvæmdir ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi í sumar bregðist forsvarsmenn fyrirtækisins við öllum óskum þeirra sem skilað hafa inn athugasemdum við umhverfismatið.

Blaðið hefur eftir Alec Miller, talsmanni mótmælenda, sem býr í námunda við væntanlega fiskimjölsverksmiðju, að hann telji verksmiðjuna óhagstæða á allan hátt og vonist til að frekari áætlanir um byggingu hennar verði endanlega slegnar út af borðinu.

Jóhannes segir það eðlilegt að einhverjir séu mótfallnir framkvæmdum á borð við fiskimjölsverksmiðju. Allir aðilar hafi hins vegar skilað inn athugasemdum við umhverfismatið og bíði forsvarsmenn Síldarvinnslunnar í Neskaupstað úrskurðar skipulagsyfirlöð á Hjaltlandseyjum. Verður í framhaldinu tekin ákvörðun um hvort af framkvæmdum verður eður ei.

9,00%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*12 mánaða nafnávöxtun m.v. tímabilið 28. feb. 2005 til 28. feb. 2006



ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athylli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóður hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum um verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útbólýsingu og útlætti úr útbólýsingu sem nálgast má hjá íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekin af Reklarfréttunum verðbréfasjóði ÍV.

Ekki bara spari að spara!


Verðbréfasjóðir eru alltaf að verða stærri partur af sparnaði okkar Íslendinga. Með því að fjárfesta í verðbréfasjóðum er dregið úr áhættunni sem fylgir kaupum á einstökum bréfum.

Sérfræðingar í Eignastýringu SPRON Verðbréfa hafa sett saman þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu. Leiðirnar endurspeglar verðbréfasjóði SPRON Verðbréfa. Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift. Í boði eru þrjú sparisöfn:

Örugga safnið

Áherslan er á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Áherslan er á innlenda og erlenda skuldabréfasjóði eða 75% á móti 25% fjárfestingu í hlutabréfasjóðum.


24,18% ávöxtun.



Hefðbundna safnið

Áherslan í Hefðbundna safninu er að ná góðri ávöxtun og áhersla lögð á áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar.


39,3% ávöxtun.



Ávöxtunarsafnið

Áherslan í Ávöxtunarsafninu er að fjárfesta að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.

54,42% ávöxtun.



Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.08.2005–01.02.2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.



Farþegum easyJet fjölga

Tæplega 2,4 milljónir farþega ferðuðust með easyJet í febrúarmánuði. Þetta er 9,4 prósentum meira en í sama mánuði fyrir ári síðan. Sætanyting dróst hins vegar saman og var 83,7 prósent í febrúar samborið við 85,9 fyrir ári.

Þegar litið er yfir síðustu tólf mánuði hefur farþegum hins vegar fjölgað um 16,3 prósent.

Samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri voru tekjur easyJet um 1,4 milljarðar punda á síðustu tólf mánuðum, sem er fimmtungs aukning á milli ára.



FARÞEGAAUKNING Farþegum sem fljúga með easyJet fjölga enn en sætanyting dregst lítillega saman á milli ára.


- eþa

Samnýta skal skurð OR

Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið gert, með úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar frá því á mánudag, að heimila Símanum að samnýta skurði fyrir ljósleiðara sem til stendur að grafa í landi Kross.

„Orkuveitu Reykjavíkur er óheimilt að bera fyrir sig ákvæði um einkarétt sér til handa til fjarskiptalagna í landi Kross, Innri-Akraneshreppi, í samningi, dags. 10. febrúar 2005, milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri-Akraneshrepps og Stafna á milli ehf.“ segir í úrskurðinum.

Ákvörðun stofnunarinnar má kæra til úrskurðarnefndar fjar-



skipta- og póstmála innan fjögurra vikna.

- óká

Hagar kaupa hluta Tæknivals

Gengið hefur verið frá sölu einstaklingssviðs Tæknivals til Haga. Undir einstaklingssviðið fellur verslun Tæknivals og heildsala á tölvubúnaði á einstaklingsmarkaði.

Samkvæmt upplýsingum frá Tæknivali verður verslunin rekin óbreytt áfram með þeim vörumerkjum sem fyrirtækið hefur verið þekkt fyrir. Hagar tóku við rekstri verslunarinnar og heildsölu í Skeifunni 17 í Reykjavík frá og með 1. mars.

- óká

Úrskurðarnefnd styður Símann

PFS mátti ekki hafna umsókn um framlög.

Hrundið hefur verið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá því 22. desember 2005 um að hafna umsókn Símans um framlög úr jöfnunarsjóði fjarskipta. Úrskurðarnefnd fjarskiptamála kvað upp úrskurð sinn á mánudag og vísaði málinu aftur til stofnunarinnar.

Póst- og fjarskiptastofnun er í úrskurðinum gert að taka málið tafarlaust til nýrrar meðferðar og ákvarða kostnað Símans án þess að styðjast við „net cost“ aðferða-



fræði, sem ekki hafi verið við lýði þegar Símann sendi fyrst inn erindi sitt. Ef „PFS telur að nægilegar upplýsingar hafi ekki komið fram í umsókn Símans hf. þá ber þeim að upplýsa Símann hf. um það sem fyrst og nýta sér þær heimildir sem stofnunin hefur til rannsókna til þess að safna gögnum svo ákvörðun verði tekin sem fyrst.“ segir í úrskurðinum, en hann er hægt að kæra til dómstóla innan sex mánaða eftir að hann hefur verið kynntur.

- óká

Horfur á frekari vaxtahækkunum í Evrópu

Hækkun stýrivaxta í Evrópu getur haft áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja hér. Seðlabanki Evrópu hækkaði í síðustu viku vexti um 25 punkta en boðaði ekki frekari hækkunir.

Óli Kristinn Ármannsson
skrifar

„Þetta var nú ekki stórt skref og alveg í samræmi við væntingar,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands, og telur að markaðurinn hafi verið búinn að verðleggja stýrivaxtahækkunina í Evrópu. „Hún kom ekki nokkrum manni á óvart og var nánast búin að tilkynna hana fyrir fram. Yfirlýsingar Trichets voru það gagnsæjar þar sem hann var að fjalla um væntingar markaðarins að varla kom annað til greina en bankinn hækkaði um 25 punkta.“

Arnór segir þróun á langtíma vöxtum hins vegar hafa verið frekar til hækkunar í Evrópu undanfarið. „Þar hefur gengið til baka hækkunarferli sem virtist komið í gang.“ Hann telur ekki miklar líkur á að hækkunin nú hafi mikil áhrif á þá þróun og bendir á að stýrivaxtahækkunir í Bandaríkjunum hafi ekki skilað sér út í banka-

vexti. „Vandamálið er gamalkunnugt og á því hugsanlegar ýmsar skýringar, svo sem hversu seðlabankar í Asíu og víðar hafa verið fúsir til að kaupa upp mikið magn af bandarískum skuldabréfum á lágum vöxtum til að bregðast við fjármagns-



JEAN-CLAUDE TRICHET Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu (ECB), skýrir frá ákvörðun um 25 punkta hækkun stýrivaxta í höfuðstöðvum bankans í Frankfurt í Þýskalandi. Hann segir enga ákvörðun um frekari vaxtahækkunir liggja fyrir.

FRÉTTABLAÐ/AF

innstreymi þar.“ Hann sagðist hins vegar gera ráð fyrir að farið væri af stað vaxtahækkunarferli í Evrópu sem halda myndi áfram, enda hefði heldur verið að glaðna yfir efnahagsmálum í Evrópu. „Verðbólga er talsvert yfir viðmiði Seðlabanka Evrópu þó svo að svokölluð kjarnaverðbólga hafi heldur verið á undanhaldi og sé ekki nema 1,2 prósent núna,“ segir hann en í kjarnaverðbólgu er undanskilið verð á orku og matvælum. Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, áréttaði í vikunni að ekki væri búin að ákveða ferli vaxtahækkana, en Arnór segir ekki ólíklegt að undanfarnar hækkunir í orkugeira fari að skila sér inn í almennt verðlag í Evrópu auk þess sem uppgangur í efnahagslífi þjóða á borð við Þýskaland kunni að þrýsta á um verðhækkunir.

Arnór segir fyrirtæki hér ekki munu finna mikið fyrir vaxtahækkuninni nú. „Hún hefur væntanlega ekki mikil áhrif á vexti nú, því þau áhrif voru þegar komin fram. Almenn er íslenskur þjódarbúskapur þó mjög viðkvæmur fyrir vaxtahækkunum og veltur mikið á að þessi þróun verði hægfare og vextir hækki í jöfnum skrefum en ekki stórum stökkum.“ Fyrst og fremst taldi hann fyrirtæki og fjármála- stofnanir viðkvæm fyrir breytingum á vöxtum á evrusvæðinu, enda mörg með skuldir í erlendri mynt og talsverðan hluta þeirra á breytilegum vöxtum.



FLYTJAST TIL SMÁRALINDAR Húsnæði Haga og Aðfanga er sprungið og flytja Hagar skrifstofur sínar í Kópavoginn.

Hagar í Smáralind

Verslunarfyrirtækið Hagar færir höfuðstöðvar sínar til Smáralindar innan skamms og leigir aðstöðu þar sem skrifstofa verslunarmiðstöðvarinnar var áður til húsa.

„Við erum í vöruhúsi Aðfanga en aukin umsvif þar hafa kallað á aukna þörf þeirra fyrir okkar

skrifstofuhúsnæði,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Finnur segir að um fimmtán starfsmenn flytjist í Kópavoginn. Með flutningnum verða höfuðstöðvarnar í nálægð við helstu kjarnaverslanir fyrirtækisins, eins og Debenhams, Hagkaup og Zara.

- eþa



HÖFUÐSTÖÐVAR SEÐLABANKA EVRÓPU

Himinn og haf – SÍA

Ekki bara spari að spara!

Hefðbundna safnið – **39,3% ávöxtun**

spron
VERÐBRÉF





Sparnaður framundan

Nýtt greiðslukort fyrir bílinn. Sæktu um á www.esso.is

Viðskiptakort



Viðskiptakort ESSO er nýtt greiðslukort ætlað fyrirtækjum og einstaklingum. Korthafar tryggja sér afslátt af eldsneyti og vörum og geta notað Viðskiptakortið á yfir 100 stöðvum um allt land. Auk þess njóta korthafar ýmissa fríðinda og get fylgst náið með rekstri bílsins á fullkomnum þjónustuvef Viðskiptakortsins. Kynntu þér Viðskiptakort ESSO á www.esso.is.



Keyrðu á einu korti!

Afsláttur af eldsneyti

Fullkominn þjónustuvefur

Yfir 100 þjónustustöðvar um allt land

Ekkert PIN-númer

AT&T kaupir BellSouth

Bandaríska símafyrirtækið AT&T hefur keypt öll hlutabréf í bandaríska farsímafyrirtækinu BellSouth fyrir 67 milljarða dollara. Með kaupnum fylgir Cingular Wireless, eitt stærsta farsímafyrirtæki Bandaríkjanna, Sérfræðingar búast fastlega við því að nafn Cingular Wireless verði felld niður og starfsemi fyrirtækisins felld inn í AT&T.

Bandaríska samkeppniseftirlitið á eftir að samþykkja kaupin en líklegt er að það fái. Að kaupum loknum verður AT&T langstærsta fjarskiptafyrirtæki



ÚR VERSLUN AT&T

Bandaríkjanna með starfsemi í 22 ríkjum en markaðsvirði fyrirtækjanna er 165 milljarðar Bandaríkjadala. - job

Gjaldþrotum fyrirtækja fækkar í Þýskalandi

Bjartsýni gætti í Þýskalandi eftir að Angela Merkel tók við kanslaraembætti.

36.843 fyrirtæki urðu gjaldþrota í Þýskalandi á síðasta ári en það eru sex prósentum færri gjaldþrot en 2004. Samdrátturinn þykir sýna bætta efnahag landsins, sem er eitt stærsta hagvaxtarsvæði innan Evrópusambandsins.

Mikill meirihluti fyrirtækjanna lýsti yfir gjaldþroti í desember síðastliðnum, 2.939 talsins. Er það 9,4 prósentum færri gjaldþrot en í sama mánuði 2004.

Væntingavísitala fyrirtækja og neytenda hefur aukist mikið í Þýskalandi á síðustu mánuðum, sér í lagi gætti bjartsýni eftir að ríkisstjórn Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, tók til starfa á síðasta ári, þrátt fyrir góðar væntingar um bata efnahagslífsins mælist rúmlega tólf prósentatvinnuleysi í Þýskalandi. - job

VERKAMAÐUR Í ÞÝSKALANDI



Danir skipta oftast um starf

Niðurstöður nýlegrar könnunar á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) benda til að Danir skipta öðrum mönnum oftast um starf en aðrir sem búa í aðildarríkjum ESB. Þar kemur jafnframt fram að þeir af hverjum fjórum Dönnum skipta reglulega um starf, á nokkurra ára fresti. Hreyfanleiki á atvinnumarkaðnum er merki um heilbriggt efnahagslíf, að sögn danskra hagfræðinga. „Sveigjanleiki á markaðnum merkir að fólk fer í störf þar sem þess er þörf,“ sagði Niels Westergaard-Nielsen hagfræðingur

ur í samtali við danska viðskiptablaðið Børsen í síðustu viku.

Næstir á eftir Dönnum í hreyfanleika starfsfólks koma Bretar, Svíar og Finnar. Að sögn blaðsins mun röt á störfum einnig eiga sér menningarlegar rætur.

Westergaard-Nielsen sagði jafnframt að jákvæð afleiðing örra breytinga á vinnumarkaði væri sú að laun hækkðu hratt og launahækkun gæti í mörgum tilfellum verið tvöföld hjá þeim sem færu í önnur störf en hjá þeim sem ekki hugsa sér til hreyfings á atvinnumarkaðnum. - job



REIÐHJÓL Á STRIKINU Danir skipta oftast um starf en aðrir íbúar í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Ólympíuleikarnir efla hagkerfið

Fjármálasérfræðingar við Lloyds TSB bankann í Lundúnum í Bretlandi spá því í nýrri skýrslu að tíu milljarðar punda muni koma inn í breskt efnahagslíf þegar Ólympíuleikarnir verða haldnir í borginni eftir sex ár. Mestur hluti fjárens mun koma inn í efnahagslífið skömmu fyrir leikana og á meðan þeir standa yfir. Áhrifa þessa mun hins vegar gæta í efnahagslífi Breta allt fram til ársins 2016, að því er fram kemur í skýrslunni.

Þá segir í skýrslunni að fólk sem vinnur við leikana, byggingarfyrirtæki, ferðaskrifstofur, hótél og veitingastaðir séu líklegu greinarnar til að hagnast mest á leikunum. „Á Ólympíuleikum 2012 gefst frábært tækifæri fyrir þúsundir fyrirtækja til að ná til sín nýjum viðskiptavinum,“ sagði David Morton, einn yfirmanna viðskiptasviðs Lloyds-banka, er hann kynnti skýrsluna á föstudag. Þá sagði hann



ÓLYMPIULEIKARNIR Í LUNDÚNUM 2012 Breski knattspyrnusnillingurinn David Beckham var ánægður þegar tilkynnt var í Singapúr í júlí í fyrra að Ólympíuleikarnir yrðu haldnir í Lundúnum í Bretlandi árið 2012.

jafnframt að meðal annars væri verið að búa samgöngukerfi borgarinnar undir aukid álag og fleira sem tengist leikunum. - job



RÚMUR ÞRIÐJUNGUR BRETA KÝS AÐ VINNA FJARVINNU HEIMAN FRÁ SÉR Aðeins sex prósent sögðust geta hugsað sér að stunda fjarvinnu frá golfvöllinum.

Flestir kjósa að vinna heima

Fjarvinna merkir samkvæmt breskri könnun ekki að starfsmenn neyðist til að vinna heima allan sólarhringinn.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Niðurstöður nýlegrar könnunar um fjarvinnu Breta, sem breska markaðsrannsóknafyrirtækið NOP gerði fyrir breska hugbúnaðarfyrirtækið Citrix GoToMeeting, sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fyrirtæki, leiddi í ljós að 31 prósent Breta kys öðru fremur að stunda vinnu heiman frá sér en frá öðrum stöðum. Fjórðungur þeirra sem þátt tóku í könnuninni sagðist geta hugsað sér að stunda fjarvinnu úr seglskútu, 23 prósent gátu hugsað sér að stunda fjarvinnu frá sólríkri baðströnd en einungis ellefu prósent gátu hugsað sér að skila verkum frá sér af fjallstindi. Þykja niðurstöður NOP benda til að ef fólk standi til boða að stunda vinnu sína utan skrifstofunnar kjósi það öðru fremur að vinna heima hjá sér.

Richard Wolfe-Daimpre, framkvæmdastjóri Citrix Online, var ánægður með niðurstöðuna. „Það

er misskilningur að fjarvinna merki að maður þurfi að vinna allan sólarhringinn og neyðist til að taka þátt í fundum jafnvel þótt maður sé í afslöppun í sumarfríinu,“ sagði hann og benti á að þvert á móti fælist í sveigjanlegum vinnutíma, sem fengist með fjarvinnu, möguleiki á því að stunda vinnu hvar og hvenær sem er þegar það hentaði. „Með fjarfundarbúnaði í dag er einfalt að eiga samstarf við marga úr fjarlægð,“ sagði hann og bætti við að engu máli skipti hvar í veröldinni fólk væri stadd til að vinna vel saman. Hann benti hins vegar á að fólk yrði að setja sér takmörk varðandi fjarvinnu. „Það er í lagi að slökkva á tölvunni og láta fundi halda áfram án manns,“ sagði hann.

Í könnun NOP kom jafnframt fram að óvinsælasti staðurinn til að stunda fjarvinnu var golfvöllurinn en einungis sex prósent sögðu geta hugsað sér það. Segir í niðurstöðum könnunarinnar að þótt golf njóti mikilla vinsælda hjá yfirmönnum fyrirtækja bendi niðurstöðurnar til þess að þeir vilji greina á milli vinnu og áhugamála.



Viltu sjá fullt af **fríum** sjónvarpsrásum **beint** um gervihnött?
Þá höfum **við** búnaðinn.

Verð frá **16.900,- stgr.**

- Smart Rapido FTA móttakari,
- 65 cm stáldiskur
- 0,3dB stafrænn nemi.

Leiðandi í

- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunumum
- loftnetsköplum

www.oreind.is

ÖREIND

Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660



TÆKNI SEM SKIPTIR MÁLI

Veldu stórvirkar vinnuvélar



Dell OptiPlex GX520 borðtölvur geta allar nýtt sér sömu uppsetningu á stýrikerfi og eru sérhannaðar fyrir þarfir atvinnulífsins. Tengjanleiki við staðarnet og áreiðanleiki eru meðal helstu kostna þessarar öflugu tölvu sem er hlaðin tækni sem skiptir máli.



Dell OptiPlex GX520 Celeron

Intel Celeron D 331 2.66GHz, 533 FSB, 256K cache
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (1X512MB)
40GB (7200 rpm) SATA II harður diskur
20/48x CD-ROM geisladrif
Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB minni
Intel AC97 hljóðkort
Íslenskt lykklaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Windows XP Professional SP2

Tilboðsverð **54.900,-**

Dell OptiPlex GX520 Pentium

Intel Pentium 4 630 3.0GHz/800MHz FSB 2MB L2 Cache
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (1X512MB)
40GB (7200 rpm) SATA II harður diskur
48x DVD/CD-RW Combo geisladrif
Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB minni
Intel AC97 hljóðkort
Íslenskt lykklaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Windows XP Professional SP2

Tilboðsverð **69.900,-**

Það á ekki að vera aukaatriði að velja tölvuskjá. Vandaðu valið vel því ákvörðunin mun hafa áhrif á þægindi þín og vellíðan við vinnu og leik til lengri tíma. TFT flatir skjáir eru hágæðaskjáir á eftirsóttu verði.

Dell 17" TFT flatur skjár

1280 x 1024 upplausn við 60Hz
12ms viðbragðstími
0.264mm Pixel Pitch
450:1 skerpuhlutfall (contrast ratio)
Birtustig 300 (cd/m²)
Þyngd 4.0kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **25.900,-**



Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Akranesi / 575 9200 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 // Egilsstöðum / 470 2220 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BVT / Vík / 487 1510 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234




Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



Eins og Steve Jobs

Hópur ákafra Appleunnenda hefur búið til vefsíðu þar sem hægt er að sjá hvernig Steve Jobs, stofnandi og forstjóri Apple, klæðir sig. Á síðunni er að finna nokkuð ítarlegar upplýsingar um klæðaburð Jobs, sem yfirleitt er eins klæddur frá degi til dags.



STEVE JOBS, FORSTJÓRI APPLE.

forstjórinn klæðist eru St. Croix rúllu-kragapeysa, Levi's 501 gallabuxur og strigaskór frá New Balancer. Þeir sem vilja klæða sig eins og stofnandi tölvurísans þurfa að reida fram rúmar 30.000 krónur en geta sparað sér nokkra aura með því að þræða næstu útsölur.

Á meðal þess sem

Nokia spáir fjölgun sjónvarpsfarsíma

Finnski farsímaframleiðandinn Nokia spáir því að farsímum sem geta tekið á móti sjónvarpsútsendingum muni fjölga gríðarlega á næstu tveimur árum. Að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins hafa kannanir á áhuga almennings á þjónustunni staðið yfir í nokkurn tíma og virðist sem farsímaeigendur taki tækninni fagnandi. Þá eru margir reiðubúnir að greiða allt frá 400 til rúmlega 700 króna í mánaðargjald fyrir áskrift að þjónustunni.

Farsímaframleiðendur og forsvarsmenn þjónustuveita eru sagðir bíða spennir eftir aukinni útbreiðslu sjónvarpsfarsíma en búist er við að þjónustan geti aukið tekjur bæði farsímaframleiðenda og þjónustuaðila umtalsvert.

Nokia áætlað að útsendingar á sjónvarpsfarsíma verði á DVB-H staðli í Evrópu. Tíðnisviðið liggur hins vegar ekki á lausu um alla álfuna. Búist er við því að hægt verði að bjóða þjónustuna á næstu tveimur árum í Finnlandi, Frakklandi, á Spáni, Ítalíu og í Hollandi en farsímanotendur í öðrum löndum verða að bíða eitt-hvað lengur eftir því að geta horft á sjónvarp í sínum



- jab

Endalok dagskrárstjórans? Langt í að netsjónvarp verði að veruleika.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Bill Scott, yfirmaður stafrænnar miðlunardeildar IBM, sagði á IPTV World Forum ráðstefnunni í Lundúnum í Bretlandi á mánudag að sjónvarpsnotkun myndi breytast mikið á næstu árum. Benti hann á kosti netsjónvarps með IPTV-staðli, sem dreift er með háhraðatengingum, máli sínu til stuðnings. Með netsjónvarpi geta sjónvarpsáhorfendur ákveðið hvað þeir vilja horfa á hverju sinni og ráðað sjónvarpsdagskránni eftir eigin höfði. Þessi breyting mun merkja endalok sjónvarpsdagskrár eins og hún þekktist í dag, að sögn Scotts.

Þetta mun hins vegar ekki gerast í brád því nokkrar hindranir eru í veginum, m.a. skortur á reglugerðum um staðla og lítið framboð á efni sem hægt er að dreifa með þessum hætti. Síðasta vandamálið er þó að verða úr sögunni, að mati Scott, því framleiðendur kvikmynda í Hollywood eru loks að taka tækninýjungar í sátt.

Scott taldi engu að síður að markaðurinn myndi fljótlega fara fram úr stjórnvöldum, sem iðulega væru sein að taka ákvarðanir um reglugerðir varðandi fjarskipti og miðlun efnis. Engu að síður taldi hann þessa byltingu á miðlun sjónvarpsfarnis ekki handan við hornið þar eð framleiðendur kvikmynda- og sjónvarpsfarnis þyrftu að gefa nýjar kvikmyndir út eftir nokkrum leiðum í framtíðinni, s.s. að frumsýna þær í netsjónvarpi, sem er sambærilegt við sýningu í kvikmyndahúsum þar eð áhorfendur greiða fyrir efnis.

Fleiri hindranir eru þó í veginum. Paolo Pastorino, einn yfirmanna Home Gateway Initiative, sem unnið hefur að innleiðingu háhraðatenginga í Bretlandi, sagði á ráðstefnunni að margir aðrir þættir væru enn ekki til staðar. Til dæmis væri þekkingu almennings um tæknimál



IPTV SJÓNVÖRP Dagskrárgerð í sjónvarpi heyrir sögunni til þegar netsjónvarp verður að veruleika.

ábótavant. Benti hann á að fjöldi fólks kynni ekki að stilla myndbandstækið sitt á upptöku fram í tímann. Þetta merkti að hinn almenni áhorfandi hefði aðeins kynnst broti af þeirri tækni sem honum stæði til boða og því væri vandaverk að kynna nýja þjónustu fyrir þeim sem hefðu litla þekkingu og enn minni áhuga á tækninýjungum.

IPTV World Forum hófst á mánudag en lýkur í dag.



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbilinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegirleika. Volvo XC70.

Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðrættir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að billinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærra en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í

framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnacka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynntur þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lykllum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lífuðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.

Aflaðu þér frekari upplýsingar www.volvo.is



©D. ALMANNENSGEL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo XC70 AWD bensín.
Verð 4.760.000 kr.*
Volvo XC70 AWD dísil.
Verð 5.060.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



KYNNING Á EMIEW-VÉLMENNINU
Börn á hótelinu voru ólm í að vera nálægt vélmenninum á mánudag.

Nýtt vél- menni í Japan

Japanska hátæknifyrirtækið Hitachi kynnti á mánudag tvö EMIEW-vélmenni á Sheraton-hótelinu í Urayasu í nágrenni Tókýó. Vélmennin, sem eru á hjólum, skynja hindranir sem á vegi þeirra verða og bera töskur fyrir gesti. Þá bregðast þau við einföldum skipunum og geta þulið upp veðurspá dagsins. Margir gestanna gátu ekki stillt sig um að láta taka mynd af sér með þeim. Sýningu fyrirtækisins lauk í gær. - jab

Rúmlega milljón greinar á Wikipedia

Meira en ein milljón enskra greina hefur verið sett inn á alfræðivefinn Wikipedia á þeim rúmu fimm árum sem liðin eru síðan vefurinn fór í loftið, að sögn Wikipedia-stofnunarinnar, sem sér um vefinn. Þúsundir netverja taka þátt í að setja upplýsingar á alfræðivefinn á hverjum degi og er fólki frjálst að bæta við upplýsingum eins og það lystir. Sumir þeirra sem endurbæta upplýsingarnar gera það hins vegar í eiginhagsmunaskyni líkt og kom í ljós þegar nokkrir bandarískir þingmenn voru staðnir að verki við að hagræða upplýsingum um sjálfa sig.

Að ensku greinunum undanskildum er hægt að lesa alfræðivefinn á 125 tungumálum, þar



WIKIPEDIA

með talið íslensku, og hafa 3,5 milljónir greina verið settar inn á vefinn á öllum málum.

Skotinn Ewan Macdonald skrifaði milljónustu greinina á Wikipedia 1. mars síðastliðinn en hún fjallaði um Jordanhill-lestarstöðina í Skotlandi. „Þótt ég sé vissulega glaður yfir því að vera sá heppni sem setur milljónustu greinina á vefinn verð ég að viðurkenna að ég fylgdist grannt með færslum inn á vefinn til að ná takmarkinu,“ sagði hann.

Forsvarsmenn alfræðivefsins telja að um 1.700 nýjar greinar séu settar inn á vefinn á hverjum degi og er búist við því að þær verði tvær milljónir talsins árið 2009. - jab

Farsími með 8 gígabæta disk

Suður-kóreska hátæknifyrirtækið Samsung ætlar að svipta huginni af nýjum snjallsíma með átta gígabæta hörðum diskum á CeBit-tæknisýningunni sem hefst í Hannover í Þýskalandi á morgun. Síminn heitir SGH-i310 og er sagður svipa til farsíma frá Samsung, SGH-i300, sem kom á markað í fyrra og er með þriggja gígabæta hörðum diskum. Búist er við að nýi síminn komi á markað í haust.



FARSÍMI FRÁ SAMSUNG

Með nýja símanum frá Samsung verður hægt að vista mikið magn tónlistar á mp3-formi. Þá er magnari og myndavél á snjallsímanum. Forsvarsmenn Samsung segja markhópin vera fólk í yngri kantinum sem vilji nota farsíma sína í auknum mæli til að hlusta á tónlist, taka myndir og horfa á myndbönd.

SÖGUHORNID

Bell fær einkaleyfi fyrir síma

Í gær voru liðin nákvæmlega 130 ár síðan skoski uppfinningamaðurinn Alexander Graham Bell fékk einkaleyfi fyrir talsímamann. Nokkrum vafa er undirorpið hvort Bell hafi verið fyrstur til að finna upp símann en margir telja að ítalski uppfinningamaðurinn Antonio Meucci eða Bandaríkjamaðurinn Elisha Gray hafi verið fyrri til.


Alexander Bell fæddist í Edinborg í Skotlandi 3. mars árið 1847 og var kominn af kennurum í framsögn. Sjálfur hafði Bell alla tíð áhuga á talmáli og samskiptum en hann var gjarnan nefndur „faðir hinna heyrnarlausu,“ þar sem hann kenndi heyrnarlausum að bera fram

orð og lesa af vörum. Áhrif frá uppeldi hans mun eflaust hafa átt sinn þátt í áhuga Bells á samskiptum fólks en móðir hans og eiginkona voru báðar heyrnarlausar. Segja má að talsíminn hafi verið tilraun hans til umbóta fyrir þær.

Bell var 23 ára þegar fjölskylda hans flutti búferlum til Brantford í Kanada. Þremur árum síðar var föður hans boðið að kenna heyrnarlausum við Boston-háskóla í Bandaríkjunum. Hann sá sér ekki fært að þekkja boðið en Bell yngri tók því hins vegar og hélt hann áfram rannsóknnum sínum á sviði símtækni meðfram kennslustörfum.

Hinn 7. mars árið 1876, þegar

Alexander Bell var 29 ára, fékk hann fé að láni frá verðandi tengdaföður sínum til að borga fyrir einkaleyfi númer 174.465 til að þróa „tæki sem getur flutt talmál eða önnur hljóð,“ líkt og segir í umsókn hans. Eftir að einkaleyfið var í höfn hélt Bell áfram þróun tækisins, sem hann nefndi talsíma. Samtals urðu einkaleyfi Bells átján talsins, en auk símans fékk hann meðal annars leyfi fyrir plötuspilara og vetnisknúinni flugvél.



ALEXANDER GRAHAM BELL MEÐ FRUMGERÐ FYRSTA SÍMANS.



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítur á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Hluthafar takast á í stríðum Straumi

Skyndilega eftir hluthafafund Straums - Burðaráss gáraðist yfirborð sem virst hafði lygnt. Ekki er séð fyrir endann á deilum Magnúsar Kristinssonar, fyrrverandi varaformanns félagsins, og Björgólfs Thors Björgólfssonar formanns, sem þykir af mörgum hafa stigið feilspor þegar hann ýtti stórum hluthafa tili hliðar. *Hafliði Helgason* veltir fyrir sér stöðunni í Straumi.

Aðalfundur Straums - Burðaráss síðastliðinn föstudag skar sig á engan hátt frá öðrum aðalfundum. Stjórnarformaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson fór yfir liðið ár og þakkaði starfsmönnum gott ár. Forstjórinn þakkaði hlý orð í garð sín og starfsfólksins. Björgólfur Thor fór yfir þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum misserum og taldið bernskuskeiðið að baki og tækifærum til róttækra umbreytinga væru nánast horfin. Leiðin hlýti að liggja út.

Árangur Straums - Burðaráss er glæsilegur. Þau félög sem sameinast í þessum fjárfestingarbanka hafa verið miðpunkt- ar í hræringum síðustu ára. Burðarás hagnaðist á því að taka í sundur þau félög sem voru í klasa Eimskipafélagsins, en Straumi tókst að skapa sér herfræðilegar stöður á markaði og eignast eftirsóknarverðan hlut í nokkrum félögum. Síðasta ár voru öll met slegin og undir stjórn Þórðar Mús Jóhannssonar tókst að selja stórar eignir og innleisa góðan hagnað af starfseminni samhliða því að byggja upp fjárfestingarbankastarfsemina.

HVERFUL HAMINGJA

Full ástæða var því til að gleðjast yfir gjöfumu ári og ekki var annað sýnilegt á fundinum en að allt léki í lyndi og þar færu pabbi, mamma, börn og bíll með skottið fullt af peningum. Skáldið orðaði það einhvern veginn á þann hátt að allar hamingjusamar fjölskyldur væru hamingjusamar á sama hátt, en hver óhamingjusöm fjölskylda væri það á sinn sérstaka hátt. Myndin af hamingjufjölskyldunni hrundi á stjórnarfundum að loknum aðalfundinum.

Björgólfur Thor og hans fólk réð lögum og lofum í Burðarási. Stærstu hluthafar Straums voru Magnús Kristinsson, útgerðarmaður frá Vestmannaeyjum, Kristinn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, og Tryggingamiðstöðin.

Kristinn og Magnús hófu að kaupa hluti í Straumi fyrir nokkrum misserum og hafa báðir hagnast vel á þeim viðskiptum. Magnús þó meira og má gera ráð fyrir að hreinn hagnaður hans af fjárfestingunni í Straumi sé á bilinu tólf til fimmtán milljarðar. Hlutur Magnúsar er um fimmtán prósent eða um þrjátíu milljarða króna virði. Eftir sameiningu Straums og

Burðaráss varð Björgólfur Thor formaður og Magnús varaformaður. Ekki kvísaðist út neinn ágreiningur þeirra á milli. Við sameininguna fengu Straumsmenn ráðið því að Þórður Már varð forstjóri, en Friðrik Jóhannsson, sem hafði reynst Björgólfsfeðgum vel, hvarf á braut og keypti TM Software sem heimanmund. Magnús kann Þórði miklar þakkir fyrir að hafa gert sig svo ríkan.

HAGNAÐURINN INNLEYSTUR

Eftir sameininguna tókst Straumi - Burðarási að leysa tvö mikilvæg verkefni, annað var óvirkur minnihluti í Keri þar sem Ólafur Ólafsson hafði læst menn inni eftir að reynt hafði verið að ýta honum út úr íslensku viðskiptalífi. Hann var æfur út í Björgólfsfeðga, Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformann Tryggin gamiðstöðvarinnar, og Sjóvökurmennina Jón Kristjánsson og Pál Þór Magnússon, en Þórði Má tókst að leysa stöðuna.

Hitt var salan á hlutum í Íslandsbanka. Þau viðskipti lentu um tíma í miklum ógöngum vegna reiði Björgólfs Thors út í Jón Ásgeir, sem hann taldi ábyrgan fyrir umfjöllun DV um kafla sem ákveðið hafði verið að birta ekki í bók Guðmundar Magnússonar um Thorsættina. Salan á Íslandsbankahlutum skilaði Straumi góðum innleystum hagnaði.

Árið var því gjöfult en undir kraumaði ósætti formanns og varaformanns. Bæði Magnús og Björgólfur Thor eru ákveðnir í skapi. Magnús er fljótur upp og segir hug sinn allan en er fljótur til sátta. Björgólfur er vanur að ráða og þolir ekki mikla gagnrýni. Meðal þeirra sem fylgjast með viðskiptalífinu eru margir sem telja helsta veikleika Björgólfs Thors að hann fæli frá sér heidarlega gagnrýni og safni jámennskunni í kringum sig. Hann hefur mikinn styrk og því þora fáir gegn honum.

LITLI MAÐURINN

Eftir því sem næst verður komist var ekki öðrum blandað inn í plottið um að ýta Magnúsi úr varaformannsstöðunni í stjórn. Hún kom flatt upp á alla nema í allra innsta hring Björgólfs. Páll Þór Magnússon var forfallaður sem aðalmaður í stjórn. Ekki hafði verið skilgreint hver ætti að taka sæti hans, enda vart þörf

talin á, þar sem Magnús taldi sæti sitt sem varaformaður tryggt í ljósi stærðar sinnar í hluthafahópnum. Annað kom á daginn. Í stað Páls var lögfræðingur á vegum Björgólfs, Þórunn Guðmundsdóttir, mætt sem varamaður. Hún hélt stutta tölu um mikilvægi þess að fulltrúi litla hluthafans fengi vegtyllu innan stjórnar og bar upp tillögu um Eggert Magnússon, formann KSÍ. Eggert var kallaður til stjórnarsetu af Björgólfsfeðgum og ef hann er fulltrúi litla mannsins í stjórninni, þá er Björgólfur Thor litli maðurinn, eins og það var orðað af háttsettum manni í viðskiptalífinu. Kristinn Björnsson sat hjá við atkvæðagreiðsluna, en mun ekki sátturnar við atburðarásina. Magnús greiddi atkvæði á móti og gekk á dyr. Mörgum hefur þótt sú mynd táknað fyrir hlutföllin í slagnum að litil flugvél með Magnús um borð hóf sig á loft á leið til Vestmannaeyja þegar hafin var upphitun hreyflanna á einkaþotu Björgólfs.

Vandi Björgólfs er þessi. Hann er mikið fjarri og vill því hafa sinn mann við borðendann. Í viðskiptalífinu er almennur skilningur á því. Hins vegar þykir aðferð hans við að ýta Magnúsi til hliðar ekki bera vott um félagsþroska eða klókendi. Margir telja að Björgólfur hefði átt að finna formann í sinn stað og hverfa úr stjórninni og láta Magnúsi eftir varaformanninn. Þannig hefði hann tryggt mann á sínum vegum í forystunni án þess að stygga aðra hluthafa. Þessi í stað hafi honum tekist að niðurlægja Magnús og móða aðra hluthafa félagsins með því að ganga framhjá þeim við slíka ákvörðum. Niðurstaðan er óeining í félaginu sem er uppi á borðinu hjá Magnúsi en hljóðlátari hjá öðrum.

Við þetta bætist að grunnt er á því góða milli Eggerts Magnússonar og fjölskyldu Þórðar Mús. Þórður er náfrændi Guðjóns Þórðarsonar knattspyrnuþjálfara og það er grátt silfrið sem þeir Eggert hafa eldað saman. Vendingarnar vekja því einnig spurningar um stöðu Þórðar og framtíð hans í núverandi félagi.

Magnús mun hins vegar krefja Sundsmenn svara um stuðning. Þeim var eftir því sem næst verður komist haldið utan við ákvörðunina, en spurningin er hvorn þeir styðja þegar á reynir. Tryggingamiðstöðin er undir

stjórnarformennsku Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar, sem verið hefur handgenginn Björgólfsfeðgum. Gunnlaugur er í góðum tengslum við Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, sem er í stjórn Landsbankans. Hins vegar er Guðbjörg Matthíasdóttir stærsti eigandinn og hún er úr Eyjum eins og Magnús. Magnús er þegar farinn að safna vopnum og jók hlut sinn í Straumi þegar eftir helgina.

Flétta Björgólfs Thors virðist, að mati flestra sem rætt hefur verið við, hafa verið feilspor og einkennst af tillitsleysi og flumbrugangi. Atburðarásin hefur rýrt traustið og ekki ólíklegt að Straumsmenn leiti nú leiða til að losna úr samstarfi við Björgólf. Félag þar sem stjórn og stjórnarandstaða myndast gjalda venjulega fyrir það. Ekki er ólíklegt að Magnús reyni þegar að finna leiðir til að losna við Landsbankamenn úr hluthafahópnum.

VERÐA SPILIN STOKKUD?

Hugsanlegir kaupendur eru nokkrir. Ólafur Ólafsson er gjarnan nefndur þegar koma þarf milljarðahlutum út. Einnig gæti verið áhugi meðal hluthafa Íslandsbanka á Straumi, þaðan sem hann kom upphaflega. Þá kann að vera áhugi á að keyra módel sem áður var rætt innan Straums; að sameina TM og Straum. Tryggingahlutinn yrði þá settur í sérstakt félag og fjárfestingarnar í annað.

Þrjú stærstu hluthafar Straums - Burðaráss eru hver um sig með um fimmtán prósent hlut í félaginu. Björgólfsfeðgar, Grettir sem er í eigu TM, Sunds og Landsbankans, og Magnús Kristinsson. Magnús ræður yfir atkvæðavægi í samræmi við eignarhlutinn. Hinir hafa ekki fengið fulla heimild Fjármálaeftirlitsins. Þrjátíu prósent hlutur gefur því í mesta lagi rétt innan við tuttugu prósent atkvæða og ef Grettir og Björgólfsfeðgar eru túlkadur sem einn aðili er atkvæðavægið innan við tíu prósent.

Auk þessa hefur fjölskylda Kristins Björnssonar talsverðan eignarhlut á bak við sig og svo lífeyrissjóðirnir sem líklegast myndu sitja hjá í slíkum átökum. Magnús gæti því haft stöðu til að fá uppreisn æru. Á skal að ósi stemma og ljóst að mikið vatn mun renna til sjávar áður en Straumur verður lygn á ný.

Tilboðsverð **12.999 kr.**

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is

Umboðsmenn um land allt



Fljótverkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*At your side.

brother QL-550

Mars tilboð

Alltaf ódýrari!

FRÁBÆRT VERÐ!



Prentari

HP Laser Jet 1020

Vörunúmer: okq5911a

- Prentækni: Monochrome laser
- Hraði: 14 bls. á mín.
- 10 sek. í fyrstu síðu út eftir kaldræingu eða heitur
- Örgjörvi: 234 MHz RISC
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tungumál: Host-based printing
- Sparnaðarstilling: 50% duftsparnaður
- Mánaðarnotkun: 5.000 bls.
- Innbakki: 150 bls. + 1 bls. forgangsbakki
- Útbakki: 100

Aðeins
9.990.-

FRÁBÆRT VERÐ!

Prentari

HP Officejet K550

Vörunúmer: c8157a

- Bleksprautuprentari með aðskildum hylkjum
- Prenthraði bls. á mín. A4: Allt að 37 bls. í svörtu, 33 bls. í lit
- Upplausn: 4800dpi
- Örgjörvi: 300 MHz
- Minni: 32 MB
- Mánaðarnotkun: 7.500 bls.
- Innbakki: 250 bls.
- Útbakki: 150 bls.
- Tenging: Hi-Speed USB 2.0
- Tungumál: PCL 3

Aðeins
19.990.-



22%

afsláttur af blek- og dufthylkjum



FRÁBÆRT VERÐ!

Þráðlaus geislamús

Logitech MX610

- Þráðlaus geislamús með hleðsumæli.

Aðeins
4.490.-

FRÁBÆRT VERÐ!

LINKSYS

Skype sími

Linksys Skype þráðlaus sími

Vörunúmer: cit200

- USB tengd tengistöð færir Skype tengiliðina úr tölvunni yfir í símtækið
- Þú velur tengilið í símtækinu og hringir þráðlaust
- Símtækið er með baklýstann skjá með númerabirti
- Innbyggður hátalari, símtal bíður og kalkerfi milli (auka) símtækja
- Styður SkypeOut dialing hringingar Skypeln símtöl og Skype VoiceMail

Aðeins
9.890.-



Pappirinn sem tæknimenn mæla með!

Ljósritunarpappír

A4 - 500 blöð í pakka 80 g.

Rykrfrír og mjög þéttur pappír. Pappír sem tæknimennirnir mæla hiklaust með. 5 pakkir í kassa.

Vörunúmer: 1601007010-OFF

Aðeins
280.-
1 pakki

Office 1 Superstore

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skellunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Algreiðslutímar verslana

KAUPMANNAHÖFN Séð yfir miðbæ Kaupmannahafnar með aðstoð gervihnattar. Danskur fasteignamarkaður er gríðarstór og má sem dæmi nefna að á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu standa til boða tæpar ellefu milljónir fermetra skrifstofuhúsnæðis. Í miðbænum nemur framboðið um þremur milljónum fermetra, en þar eru mest áberandi kaup íslenskra fjárfesta í skrifstofum og verslunarhúsnæði. MYND/DIGITALGLOBE, MDA EARTHSAT



Fjárfestar kaupa þar sem þeir þekkja til

Íslendingar ráða yfir stórum hluta skrifstofu- og verslunarhúsnæðis í miðborg Kaupmannahafnar. Markaður slíks atvinnuhúsnæðis í miðborginni telur um þrjár milljónir fermetra og búist er við að eftirspurn muni aukast. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér viðhorf fjárfesta, sem sumir hverjir segjast þekkja sig í Höfn og hafa því komið þar auga á tækifæri.

Fermetrinn í miðborg Kaupmannahafnar er til dæmis ódýrari en fermetrinn í miðborg Reykjavíkur. Það var því ljóst fyrir nokkru að í Kaupmannahöfn gæti átt eftir að verða frekari uppgangur.

Frá því í byrjun árs 2005 hafa umsvif Íslendinga á dönskum fasteignamarkaði aukist hröðum skrefum, nú síðast með kaupum Nýsis á tveimur fasteignafélögum sem eiga og reka atvinnuhúsnæði í miðborg Kaupmannahafnar og kaupum Samson Partners í Sjælsø Gruppen, einu umsvifamesta fasteigna- og þróunarfélagi Danmerkur. Til marks um öran vöxt umsvifanna er að á þessu rúma ári hafa Íslendingar, lauslega áætlað, eignast hlut í um tíu prósentum skrifstofu- og verslunarhúsnæðis í miðborg Kaupmannahafnar. Er þá miðað við að verslunar- og skrifstofuhúsnæði í miðborginni nemi um þremur milljónum fermetra, en samanlagt fermetrafjöldi sem Atlas Ejendomme, Keops, Jehl Aps-félagin og Sjælsø-félagin

hafa þar yfir að ráða nema um 250 þúsund fermetrum og er þá ótalið húsnæði Magasin du Nord og Illum auk eigna VG Investment og Nordicom. Skrifstofuhúsnæðismarkaðurinn á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu er hins vegar sagður nema um 10,8 milljónum fermetra. Nýbyggingar eru nánast einvörðungu á hafnarsvæðinu og svo í Ørestad, suður af miðborg Kaupmannahafnar. Stærstu eigendur fasteigna í Kaupmannahöfn eru danska ríkið, stærstu bankarnir, tryggingafélög, lífeyrissjóðir og fasteignafélög.

UPPGANGUR Í EFNAHAGSLÍFINU

Ekki sér fyrir endann á áhuga Íslendinga á fasteignamarkaði í Danmörku en þar eru talin sóknarfæri tengd leiguverði húsnæðis sem talið er að kunni að fara hækkandi auk þrýstings á frekari uppbyggingu á Eyrarsundssvæðinu. Segja má að innrásin á danskan fasteignamarkað hafi hafist í byrj-

un síðasta árs þegar lokið var við kaup M-Holding, félags í eigu Baugs, Straums fjárfestingarbanka og fleiri, á stórverslanakeðjunni Magasin du Nord en í framhaldinu var stofnað sérstakt félag um rekstur húsnæðis hennar. Um sumarið bættust svo við kaup í Keops, einhverju stærsta fasteignafélagi Danmerkur, og fleiri tóku að bætast í hópinn.

Í nýrri markaðsgreiningu CB Richard Ellis á horfum á markaði atvinnuhúsnæðis í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku í vor segir að búist sé við áframhaldandi uppgangi í dönsku efnahagslífi, en sá uppgangur hafi hafist árið 2004 og haldist allar götur síðan. Þjóðarframléiðsla Dana er sögð hafa aukist um 2,8 prósent í fyrra og spáð aukningu upp á 2,4 prósent í ár, en síðan hægi á aukningunni sem fari rólega niður í um tvö prósent. Þá er Kaupmannahöfn miðsvæðis á svonefndu Eyrarsundssvæði en lítið er á það sem eitt atvinnusvæði. Ekki tekur til dæmis nema um



tuttugu mínútur að fara frá Kaupmannahöfn til Svíþjóðar, hvort sem farið er akandi eða með lest. Á Eyrarsundssvæðinu búa um 3,5 milljónir manna samkvæmt upplýsingum danska utanríkisráðuneytisins, 2,4 milljónir í Danmörku og 1,1 milljón í Svíþjóð. Að sögn CB Richard Ellis hefur uppgangur í dönsku efnahagslífi orðið til þess að dregið hefur úr framboði á skrifstofuhúsnæði í Kaupmannahöfn um 2,5 prósentustig síðustu sex mánuði og útlit fyrir að lítil nýbygging sem nú sé í smíðum verði til þess að enn dragi úr framboðinu og það þrýsti á um bæði hærra leigu- og húsnæðisverð, sem þó hefur hækkað hratt síðustu misseri.

ENN AUKAST UMSVIFIN

Innrás Íslendinga á danskan fasteignamarkað hefur gengið mjög hratt fyrir sig. Í nóvember 2004 keypti M-Holding, félag í eigu Baugs, Straums og fleiri, í eignarhaldsfélagi Magasin du Nord, en lokið var við yfirtöku á félaginu í byrjun árs 2005. Um sumarið keypti Baugur svo þrjátíu prósent hlut í fasteignafélaginu Keops.

Í október í fyrra keyptu svo Heimiliskaup ehf., fasteignafélag Sigurjón Sighvatssonar, fasteignafélagið VG Investment og í nóvember keypti Baugur, ásamt Ole Vagner forstjóra Keops, 22 prósent hlut í fasteignafélaginu Nordicom. Í janúar á þessu ári keypti fasteignafélagið Stoðir Atlas Ejendomme sem á um 150 þúsund fermetra húsnæði í Kaupmannahöfn og Straumur-Burðarás, B2B Holding og fleiri stofnuðu fjárfestingarfélagið Property Group A/S sem ætlað er að fjárfesta í fasteignum í íbúðarhúsnæði, skrifstofum, verslunum, hótelum og svipuðum verkefnum bæði í Kaupmannahöfn og víðar í stórborgum. Síðustu umsvif Íslendinga á dönskum fasteignamarkaði voru svo í lok síðasta mánaðar þegar Nýsir tilkynnti að lokið hefði verið við kaup á tveimur dönskum fasteignafélögum, Jehl Aps Tietgens og Jehl Aps Atrihuset, sem eiga og reka um sextíu þúsund fermetra skrifstofu-, verslunar- og geymsluhúsnæði miðsvæðis í Kaupmannahöfn, við Gammel Kalkbrænderivej 51A og við Banemarksvej 50. Um leið voru kynntar breytingar á eignarhaldi fasteigna- og þróunarfélagsins Sjælsø Gruppen með samstarfi Samson Partners, en það eru feðgarnir Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson með Straumi - Burðarási fjárfestingarbanka og fleirum, og Brdr. Rønje Holding, aðaleigenda Sjælsø. Stofnað var eignarhaldsfélagið SG Nord Holding sem á fjórðung í Sjælsø.



LEIGA EKKI HÆKKAÐ Í TÍU ÁR

Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri Norðurlandafjárfestinga Baugs, segir lítið hægt að lesa í kaup í Danmörku annað en að menn telji sig þar hafa fundið góðar fjárfestingar. „Enda hefur verðmæti á þessum hlutabréfum sem við höfum keypt ávaxtað sig mjög vel, en hvað við gerum í framhaldinu verður bara að koma í ljós.“ Skarphéðinn segir hafa legið beint við að halda áfram fjárfestingum á dönskum fasteignamarkaði eftir að Baugur var kominn inn í Magasin du Nord. „Það þýddi að við fórum að líta í kringum okkur og komum auga á fleiri góða kosti. Við höfum reynslu af fasteignum bæði á Íslandi og í Bretlandi. Með það veganesti fórum við að kíkja á þessi mál,“ segir hann, en Baugur á auk eigin fjárfestinga í Danmörku um helmingshlut í Stoðum sem keyptu félagið Atlas Ejendomme í janúar.

Jónas Þór Þorvaldsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Stoða, segir laust við að myndast hafi gullgrafarastemning tengd danska fasteignamarkaðnum. „En við náttúrlega skoðuðum þarna tiltekna fjárfestingu á ákveðnum markaði sem okkur leist vel á og gerðum í kjölfarið stórkaup sem við teljum góð. Þetta er hins vegar markaður sem er orðinn dýr en byggir engu að síður á lágu leiguverði sem menn vænta þess að nái svo að hækka til jafns við aðra norðurveirpska markaði,“ segir hann en bendir um leið á að á móti komi að mörgu leyti aðstæður til fyrirtækjarekstrar sem verið hafi þyngr í Danmörku og Kaupmannahöfn en á mörgum öðrum stöðum. Þá segir Jónas ekkert fast í hendi um hækkan leiguverðs í Kaupmannahöfn, sem enda hafi ekki hækkað í tíu ár. „Þó svo að fermetraverð á húsnæði í Kaupmannahöfn sé kannski ekki hátt miðað við margar aðrar borgir er það ansi hátt miðað við leiguverðið og verður ekki séð að húsnæðisverðið hækki nema leigan geri það líka. Hækkun leigu er síðan flókið ferli fyrir húseigendur í Danmörku því leigutakar eru mjög vel varðir að lögum, sýna þarf fram á grundvöll hækunarinnar og taka hana svo inn á einhverju fjögurra ára ferli eða svo.“ Hann segist þess þó fullviss að leiguverð í Kaupmannahöfn muni hækka. „Spurningin er bara hversu hratt og mikið það verður.“

BEIN LÍNA TIL HAFNAR

Sigurjón Sighvatsson, sem keypti fasteignafélagið VG-Investment síðasta haust og hefur hug á frekari umsvifum á dönskum fasteignamarkaði, segir næsta vist að tækifæri til fasteignakaupa sé að finna í fleiri borgum en Kaupmannahöfn einni. „Fyrst og fremst snýst þetta þó kannski um að maður fjárfestir þar sem maður þekkir til. Fyrir Íslendinga í útrás er nokkuð bein lína til Kaupmannahafnar,“ segir hann en bendir um leið á að fasteignaverð í Kaupmannahöfn hafi verið lægra en annars staðar á Norðurlöndum. „Fermetrinn í miðborg Kaupmannahafnar er til dæmis ódýrari en fermetrinn í miðborg Reykjavíkur. Það var því ljóst fyrir nokkru að í Kaupmannahöfn gæti átt orðið frekari uppgangur. Fyrir utan Þýskaland hefur fasteignaverð í Evrópu hækkað einna minnst í Danmörku.“ Sigurjón

NÝBYGGING SJÆLSØ GRUPPEN Sjælsø er eitthvert umsvifamesta þróunarfélag Danmerkur en félagið komst nýverið að hluta í eigu Íslendinga. MARKAÐURINN/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON



Í MIÐBÆ KAUPMANNAHAFNAR

Fólk á ferli við styttna af danska rithöfundinum Hans Christian Andersen í miðbæ Kaupmannahafnar. Í næsta mánuði verður liðið 201 ár frá fæðingu hans í Odense í Danmörku. NORDICPHOTOS/AFP

segir efnahags- og atvinnuástand í Danmörku hafa verið að styrkjast og standa mjög vel að vígi í samanburði við nágrannalöndin. „Og þó það kunni að vera dýrara að kaupa í Danmörku en Þýskalandi er ljóst að það er mun tryggara. Stundum vitnar maður til helsta hlutabréfagáhrifna tíunda áratugarins, Peters Lynch, sem sagði alltaf kaupu þá sem þú þekkir. Þarna held ég að sé sannleikskorn því það er þægilegt fyrir okkur Íslendinga að vera í Danmörku.“ Þá sagðist Sigurjón telja horft til þess að undirliggjandi fasteignaverð í Kaupmannahöfn gæti átt eftir að hækka töluvert enn. „Síðustu fjórtán til fimmtán mánuði segja opinberar tölur að fasteignaverð hafi hækkað um 20 til 25 prósent en ég held að það gæti verið meira, eftir staðsetningu, jafnvel 35 til 40 prósent sums staðar. Svo náttúrlega vantar húsnæði í miðborg Kaupmannahafnar og það getur þrýst á leiguverð, en ég held nú að fyrirtæki myndu fremur færa sig aðeins fjær miðborginni en borga of mikið í leigu.“

Stefán Þórarinnsson, stjórnarformaður Nýsis, segir nýlegar fjárfestingar í Kaupmannahöfn ekki horfa öðruvísi við fyrirtækinu en aðrar fjárfestingar. Stefán segir horfa svolítið öðruvísi við um kaup Nýsis en kaup fjárfestingarfyrirtækja sem hann telur frekar vera að taka stöður á markaði. „Við erum ekki fjárfestingarbanki heldur fasteignafélag sem á og rekur byggingar en á því er grundvallarmunur. Hinir eru bara að ávaxta sína peninga meðan við erum að efla okkar viðskipti.“ Stefán segir útrás fyrirtækisins að nokkru leyti viðbrögð við samkeppni hér heima, en Nýsir hefur sérhæft sig í samningum um kaup og rekstur húseigna sveitarfélaga. „Við höfum náttúrlega unnið á alþjóðavettvangi allt frá stofnun þótt grunnurinn væri á heimavelli. Við höfum í gegnum tíðina unnið í alls konar verkefnum í um þrjátíu löndum víða um heim.“ Stefán gefur þó ekki mikið upp um hvernig tækifæri á borð við kaupin í Jehl Aps félagunum koma inn á borð félags eins og Nýsis. „Þegar menn eru í viðskiptum eru þeir með bæði augu og eyru opin, þefandi og skimandi í allar áttir. Orðið Nýsir vísar til þess sem veit hvað er að gerast í kringum hann. Við erum alltaf að nýsast í Nýsi.“



SJÆLSØ GRUPPEN BYGGIR Leiguverð skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis hefur farið hækandi í Kaupmannahöfn síðustu ár en er þó enn með því lægra sem gerist í borgum Evrópu. MARKAÐURINN/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

LEIGUVERÐ SKRIFSTOFUHÚSNÆÐIS

Fermetraverð á ári í borgum víða um heim.*

Lundúnir (West End)	126.645
Tókýó (innri miðborg)	92.775
París	63.520
Moskva	60.500
Dyflinni	57.560
Edinborg	53.740
Hong Kong	53.660
Frankfurt	45.075
Zürich	43.565
Mílanó	43.250
New York (mið-Manhattan)	38.000
Madrid	37.525
Stokkhólmur	34.105
Amsterdam	28.860
Sydney	28.620
Berlín	27.585
Toronto	26.710
Varsjá	26.475
Mexíkóborg	25.760
Kaupmannahöfn	24.965
Peking	24.405
Osló	24.330
Helsinki	24.010
Rio de Janeiro	23.135
Tel Aviv	22.260
Halifax	16.060
Panamaborg	11.845

*Miðað er við tölur frá því í ágúst 2005. Heimild, CBRE, CB Richard Ellis. Allar tölur eru verð á fermetra á ári í íslenskum krónum



KONICA MINOLTA

Laserprentarar fyrir kröfuharða



Tilboðsverð: 12.900.-
Fullt verð: 15.900.-

PagePro 1400W fyrirferðalítill s/h hágæðaprentari - 16 bls/mín.



Tilboðsverð: 39.900.-
Fullt verð: 49.900.-

Magicolor 2400W hágæðaprentari fyrir s/h og lit "Simitri" litflæði tryggir skerpu og þéttleika útprentunar.



Tilboðsverð: 48.900.-
Fulltverð: 58.900.-

Magicolor 2430DL hágæða net- og litaprentari með "PictBridge" beintengingu fyrir ljósmyndaprentun.



Fyrir stærri notendur Magicolor 5450D

Öflugur hágæðalítaprentari með PhotoArt gæðum, prentar báðum megin á A4.

Prismalaser Technology



UMFANG TÆKNIBUNADUR

UMFANG-TÆKNIBUNADUR • SIÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Dregur úr ánægju viðskiptavina

Samkvæmt mælingum íslensku ánægjuvogarinnar hefur ánægja viðskiptavina í öllum mældum atvinnugreinum minnkað nema hjá tryggingafélögum, sem standa í stað.

Niðurstöður úr mælingum íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar á Grand Hótel í gær. Í stjórn íslensku ánægjuvogarinnar eiga sæti fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins, Stjórnvísí og IMG Gallup. Mælingarnar eru samstarfsverkefni nokkurra Evrópuþjóða um mælingar á ánægju viðskiptavina helstu fyrirtækja í nokkrum atvinnugreinum og er nefnt nefnt European Performance Satisfaction Index.

Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum og í sumum tilfellum neytendum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina. Þá er og markmið verkefnisins að meta nokkra aðra þætti sem tengjast ánægju viðskiptavina og hafa áhrif á hana eða verða fyrir áhrifum hennar. Í rannsókninni er ánægja viðskiptavina fyrirtækja metin ásamt nokkrum öðrum yfirþáttum, svo sem ímynd, væntingum, gæðum vöru og þjónustu, verðmæti og tryggð viðskiptavina. Mælingar eru staðlaðar á milli fyrirtækja, atvinnugreina og landa.



JAN EKLÖV, FRAMKVÆMDASTJÓRI SÆNSKU ÁNÆGJUVOGARINNAR TALAÐI Á KYNNINGUNNI Ánægjuvogarinnar eru samstarfsverkefni nokkurra Evrópuþjóða um mælingar á ánægju viðskiptavina helstu fyrirtækja í nokkrum atvinnugreinum og nefnt European Performance Satisfaction Index.

um, svo sem ímynd, væntingum, gæðum vöru og þjónustu, verðmæti og tryggð viðskiptavina. Mælingar eru staðlaðar á milli fyrirtækja, atvinnugreina og landa.

Nítján fyrirtæki voru mæld samkvæmt heildarlíkani ánægjuvogarinnar og fjögur til viðbótar, stórmarkaðir í dagvöru, voru mæld eingöngu á ánægju viðskiptavina.

Í ár hlaut Sparisjóðurinn hæstu einkunn í flokkinum bankar og sparisjóðir, 74,8, stig. Í ánægjuvög tryggingafélaga hafnaði TM í fyrsta sætinu með 71,5 stig. Flest fyrirtækin í flokki veitna, það er raforkuvera og farsímafyrirtækja, lækkuðu verulega á milli árunna 2004 og 2005, RARIK þó aðeins lítillega, og mældist Hitaveita Suðurnesja hæst með 71,3 stig. Ölgerðin Egill Skallagrímsson var með hæstu einkunn framleiðslufyrirtækja, fimmta árið í röð, með 76,1 stig. Nóatún var með hæstu einkunn stórmarkaða, 68 stig, en ÁTVR hækkaði mest allra fyrirtækja í Ánægjuvöginni 2005 og mælist nú með mesta ánægju viðskiptavina í flokki smásöluverslunar með 69,5 stig.

Allnokkuð hefur dregið úr ánægju viðskiptavina frá árinu 2004 þegar á heildina er litið í öllum mældum atvinnugreinum nema hjá tryggingafélögum, sem standa nánast í stað. Heildaránægjutalan fyrir allar atvinnugreinarnar sem mældar eru á Íslandi lækkar um tæp 5 stig og er nú 68,1 stig og er það í fyrsta skipti sem heildaránægja fer niður fyrir 70 stig.

Mjög sterkt samband er á milli ánægju viðskiptavina fyrirtækja og tryggðar þeirra. Þetta sterka samband sýnir að því ánægðari sem viðskiptavinir eru því tryggari eru þeir. Ánægja viðskiptavina skýrir tölfræðilega um 68 prósent af breytileika í tryggð viðskiptavina þeirra nítján fyrirtækja sem mæld voru í Íslensku ánægjuvöginni 2005.

Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærrí innlánsvextir
- SPH innkaupkort þér að kostnaðarlausu

sph
550 2000 | www.sph.is

Góð ráð fyrir vaxandi fyrirtæki

Vantar þig fleiri klukkutíma í sólarhringinn? Viltu minnka áhættuna? Vantar þig heilræði um hvernig auðvelda má lánsviðskipti? Hafðu þá samband við Midt Factoring, sem hvorki er hefðbundið innheimtufyrirtæki né banki. Við meðhöndlum viðskiptavinum þína eins og þeir væru okkar eigin og veitum þér lán sem ekki hefur áhrif á lánshámark þitt. Midt Factoring sér um að fjármagna viðskiptakröfur þínar, meta áhættu af lánsviðskiptum, innheimta kröfur, vakta skuldara fyrirtækisins og færa viðskiptamannabókhalda. Midt Factoring vinnur að forvörnum og tryggir kröfur gegn greiðslufalli og gengisbreytingum. Í stuttu máli, þá gefum við þér aukið rými til vaxtar.

Kynntu þér málið á www.mfi.is



Midt Factoring
á Íslandi hf.

Sími 553-6300 • www.mfi.is • Suðurlandsbraut 20 • 108 Rvk

Með okkur hefur þú aukið rými til vaxtar



NIÐURSTÖÐUR ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGARINNAR KYNNTAR Heildaránægja fyrir allar atvinnugreinar sem mældar eru á Íslandi lækkaði um tæp fimm stig, er nú 68,1 stig og er það í fyrsta sinn sem heildaránægja fer niður fyrir sjötíu stig.



1928

VERSLUN • VÖRUHÚS



www.1928.is

SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN Í LJÓSUM LIT

LÁGT VERÐ

**FERMINGAR
NÁLGAST**



Veggkertastjaki
~~KR. 2.500~~
NÚ 1.900



Hornsófaborð m/
hillu og skúffu
60x60x47cm
~~KR. 15.500~~
NÚ 7.900



Sófaborð með hillu og skúffu
1200x600x470 cm
~~KR. 24.500~~ **NÚ 9.900**



Funkistóll
~~KR. 29.900~~
NÚ 19.900

Skammel 5.900



Sporöskjulaga borð
m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
~~KR. 12.900~~
NÚ 9.900



Glerskápur
47x5x35,5x190cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 23.000



Bókaskápur m/
skúffu
80x39x187cm
~~KR. 39.900~~
NÚ 31.000



Sófaborð m/ blaðahillu
og skúffu
81x43x55cm
~~KR. 13.900~~
NÚ 11.000



Kommóða
52,5x36x95cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 23.000



Náttborð m/ skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
~~KR. 19.700~~
NÚ 15.900



Náttborð
40x38x64cm
~~KR. 15.700~~ **NÚ 12.900**



Kommóða
89x42x90cm
~~KR. 39.900~~ **NÚ 31.000**



Náttborð
34x30x76cm
~~KR. 15.000~~
NÚ 12.000



Hálfmáni m/
lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
~~KR. 15.900~~ **NÚ 12.900**



Kollur/ blómaborð
36x30x46,5cm
~~KR. 6.900~~
NÚ 5.500



Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
~~KR. 17.000~~ **NÚ 9.900**



Gangaborð/
Snyrtiborð
85x42x78cm
~~KR. 29.000~~
NÚ 19.000



80x99x55cm
~~KR. 11.500~~
NÚ 9.000



94,5x61x18cm
~~KR. 16.900~~ **NÚ 13.500**

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opnun • 10-18 mánudaga til laugardaga og 13-16 sunnudaga

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Að loknu umróti viðskiptanna þurfa menn að vanda sig.

Að finna til ábyrgðar fremur en valda

Hafliði Helgason

Undanfarin misseri hafa orðið miklar breytingar á íslensku viðskiptalífi. Þegar slíkar breytingar verða er ekki óeðlilegt að á ýmsu gangi í umrótinu. Slíkt er eðlilegt og full ástæða til að gefa vissu rými á meðan markaðurinn tekur út þroska.

Margt bendir til þess að ár hinna miklu umbreytinga séu að baki. Íslendingar hafa upp úr því gerst umsvifamiklir í fjárfestingum erlendis og lagað sig vel að þeim viðskiptaháttum sem þar tókast.

Yfirtaka íslenskra fjárfesta hefur tekist vel og góð sátt náðst um aðkomu þeirra að erlendum fyrirtækjum. Mikilvægt leiðarljós við slíkar yfirtökur hefur einmitt verið að eiga gott samstarf og hlusta á og taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Slíkt hefur eðlilega á stundum reynt á taugar óþolinmóðra íslenskra fjárfesta.

Polinmæði er dyggð og þær eru fleiri dyggðirnar sem viðleitni okkar á að beinast að. Á markaði skráðra félaga þarf að taka tillit til annarra hluthafa. Almenningshluthafafélög eru samvinnuverkefni hluthafa og þótt eignarhlutur ráði vægi í stjórnun fyrirtækja er ekki skynsamlegt að valta yfir vilja annarra hluthafa.

Snöggar vendingar í Straumi eru óheppilegar, ef það er rétt sem haldið er fram að ekki hafi verið haft samráð við aðra hluthafa þegar varaformanni félagsins var ýtt út. Vandseð er að vinnubrögðin samræmist yfirlýsingum félagsins í ársskýrslu um að þar séu ástundaðir góðir stjórnarhættir.

Nokkrir stórir aðilar hafa mikið að segja um þróun mála á markaði og mikilvægt er að þeir vandi sig. Sterkir aðilar sem skynja ábyrgð sína sterkar en völd feta jafnan farsælli slóð í lífinu. Viðskiptaráð hefur sett fram tillögur um góða stjórnarhætti í almenningshlutafélögum. Þetta eru góðar reglur sem stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum. Gamaldags blokkamyndun í viðskiptalífinu er ekki til heilla. Menn eiga að keppa og vinna saman eftir hagsmunum sínum. Það er ekkert óeðlilegt að stundum sé fast tekist á, enda á slíkt að rúmast innan ramma leiksins.

Viðskiptasiðferði er stundum veifað eins og það sé einhvers konar sérstakt siðferði. Það er hæpin nálgun, enda hvílir slíkt sértækt siðferði ávallt á almennu siðferði. Milli almenns siðferðis og viðskiptasiðferðis rúmast engar mótsagnir.

Og til hvers er svo þetta siðferði? Jú, það er aðferð okkar til þess að takast á við lífið og verkefni þess á þann hátt að það leiði til farsældar fyrir okkur sjálf og samferðamenn okkar.

Hagur viðskiptalífsins er að fá í friði að móta sínar eigin reglur án þess að lög séu sett um mannsiði. Það eru líka hagsmunir hinna stóru að rétt sé að málum staðið. Það er ekkert skemmtilegt við það að eiga boltann ef enginn vill spila við mann fótbolta. Þá gildir líka einu hvort maður á mörkin og völinn líka.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Er ástæða til að óttast framtíðina?

ORD Í BELG

Dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson
Forstöðumaður
Rannsóknar-
miðstöðvar HR
í nýsköpunar-
frumkvöðlafræðum.



Á forsiðu Fréttablaðsins þann 23. febrúar síðastliðinn er eftirfarandi haft eftir Valgerði Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra: „Vissulega er þetta nokkuð stór hópur sem segist vilja minni stóriðju en þá hefði þurft að fylgja þeirri spurningu eftir og spyrja hvort sá hópur væri enn þeirrar skoðunar þó svo að það þýddi að hagvöxtur myndi snarlækka í lok næsta árs og ríkissjóður vera rekinn með halla næstu ár þar á eftir.“ Ummæli Valgerðar má túlka á þann veg að uppbygging stóriðju sé eina leiðin fyrir okkur Íslendinga til þess að tryggja áframhaldandi hagsæld í formi hagvaxtar og líttillar skuldafórnunar ríkisins.

Er hugsanlegt að við eigum engra annarra kosta vól? Þurfum við að óttast framtíðina svo mjög að leiðin liggir beint til glötunar ef við byggjum ekki upp stóriðju á Íslandi? Ég trúir því ekki.

Í fyrsta lagi er rétt að spyrja sig hvort hagvöxtur og skuldir ríkisins séu bestu mælikvarðarnir á velferð þjóðarinnar. Hagvöxtur mælir aukningu landsframleiðslu á ákveðnu tímabili að teknu tilliti til verðbólgu. Þótt hagvöxtur sé líklegur til þess að segja fyrir um

bláeign og fjármagn til heilbrigðismála mælir hann ekki hvernig auður samfélagsins skiptist á milli þegnanna eða hvernig börnunum okkur líður. Einnig er hægt að auka hagvöxt á margan hátt sem okkur hugnast ekki, t.d. með vændi og rányrkju. Aukin landsframleiðsla stækkar vissulega þá köku sem er til skiptanna en mikilvægt er að kakan bragðist jafn vel eða betur við að stækka. Svipað mætti segja um skuldir ríkisins. Mestu máli skiptir í hvað lánsfénu er varið.

Í öðru lagi má spyrja sig hvort það sé rökrétt að okkur standi aðeins ein leið til boða í atvinnumálum. Í þeirri hugmynd býr sú trú að við séum alvitur um tækifæri framtíðarinnar. Það er fljótlegt að kynna sér eldri hugmyndir um framtíðina til

að komast að því að þetta er ekki rétt. Þekking samfélagsins þróast sífellt og með nýrri þekkingu kvikna ný tækifæri. Það er þekking mannsins sem skapar verðmæti úr því hráefni og þeim aðföngum sem okkur standa til boða og þess vegna er ólíklegt að við sjáum fyrir í dag hvernig þau nýtist á hagkvæmasta hátt í framtíðinni. Að festa hugann við eina lausn er auk þess líklegt til að draga úr sköpunargleði okkar og koma í veg fyrir að við tökum eftir öðrum tækifærum og verðmætum sem eru allt í kringum okkur.

Í þriðja lagi má velja fyrir sér hvort stóriðja og áliðnaður sé heppilegur kostur fyrir okkur Íslendinga. Þótt álver séu vissulega eins og hver önnur fyrirtæki fylgir þeim óhjákvæmilega rask á viðkvæmri náttúru landsins. Vitum við í dag hversu verðmætt það land er sem við spillum með virkjunum, hvort sem það eru vatns- eða gufuafsvirkjanir? Hver er fórnarkostnaður þessarar uppbyggingar?

Einn kostnaðarliður sem sjaldan er tekið tillit til þegar náttúru-spjöll eru metin til fjár eru áhrif þeirra á sjálfsmynd þjóðarinnar og um leið mynd annarra af henni. Í mínum huga er náttúra landsins, sjálfstætt tungumál og friðsemd þjóðarinnar grundvallarþættir í sjálfsmynd okkar Íslendinga og það sem við byggjum sjálfstæði okkar á. Hver þessara þátta verður sífellt sjaldgæfari í heiminum í dag og samkvæmt lög- málum hagfræðinnar ættu þeir því að verða verðmætari með hverjum deginum. Ef við bætum frumkvöðlakrafti þjóðarinnar og alþjóðlegri menntastefnu við þessa þrenningu er engin ástæða til þess að óttast framtíðina. Með sterka sjálfsmynd og alþjóðlega þekkingu erum við þess albuin að sjá tækifæri sem eru samkeppnishæf á alþjóðavettvangi og hafa frumkvæði til þess að nýta okkur þau. Um leið þurfum við að huga að því að byggja upp samfélag sem rímar við sjálfsmynd okkar og til þess þurfum við að gera meira en að halda uppi hagvexti. Hið eina sem við þurfum því raunverulega að óttast er fólk sem reynt að telja okkur trú um að við eigum að hræðast framtíðina og að ekkert nema aukin stóriðja geti bjargað okkur frá glötun.



Er hugsanlegt að við eigum engra annarra kosta vól? Þurfum við að óttast framtíðina svo mjög að leiðin liggir beint til glötunar ef við byggjum ekki upp stóriðju á Íslandi? Ég trúir því ekki.

UM VÍÐA VERÖLD

Andstaða við erlend fyrirtæki

The Economist | The Economist gerir yfirtökur erlendra fyrirtækja að umtalsefni í nýjasta tölublaði sínu. Segir í blaðinu að erlend fyrirtæki sem vilji hasla sér völl í nýju landi með yfirtökum eða samruna við önnur fyrirtæki

séu þyrnir í augum stjórnmalamanna, sem sjá svart þegar minnst sé á fyrirtækin og beri fyrir sig „þjóðhagshagslega hagsmuni“ í andstöðu sinni við þau. The Economist segir hins vegar að með viðhorfi sínu séu stjórnmalamennirnir síður en svo að vernda hagsmuni þjóðarinnar heldur sína eigin og vana sinna. Blaðið segir þetta háttæmi stjórnmalamanna hafa aukist til muna síðustu misserin, s.s. í Bandaríkjunum, Frakklandi, Spáni og Póllandi og fleiri löndum.

Strandaglópar í skuldásúpu

Financial Times | Breska blaðið Financial Times gerir laun og aukasporslur stjórnenda í fyrirtækjum að umtalsefni í nýjasta blaði sínu. Segir í blaðinu að laun æðstu stjórnenda, sér í lagi í Bandaríkjunum, hafi hækkað mikið á síðustu árum á meðan laun lægri settra starfsmanna á hinum almenna vinnu- markaði hafi staðið í stað. Kostnaður ýmiss konar og verð á hlutum og eignum hafi hins vegar hækkað á sama tíma og því sé þessi hópur lítið betur settur en

fyrir fimmtán árum. Hópurinn hafi engu að síður reynt að fylgja meginstraumum í samfélaginu og hafi hann því sokkið í skuldásúpu.

Ætlar þú að grípa tækifærið?

„...á námskeiðinu fékk ég svörin og ábendingarnar sem mig vantaði.“
Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.
„Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.“

Ester Ýr Jónsdóttir, kennari.

Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, skemmtilegt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrar skólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, markvissari upplýsingaöflun og fleiri klukkustundir gætu opnað þér og þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma **586-9400**, sendu póst á jovvi@h.is eða kíktu á www.h.is



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í staf- rænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Áætlun um órofinn rekstur

Verði fyrirtæki fyrir stóráfalli, s.s. bruna eða hruni á tölvukerfi, geta váttryggingar ekki tryggt að þjónustan við viðskiptavini verði því sem næst órofin. Slíkt er undir öðrum þáttum komið, til að mynda hversu vel í stakk búið fyrirtækið er til að koma starfsemi í eðlilegt horf á nýjan leik á sem skemmstum tíma, þannig að þjónustan bíði ekki varanlegan skaða af áfallinu. Klukkan byrjar að tifa um leið og áfall á sér stað og hver mínúta er dýrmæt. Viðbrögð fyrsta sólarhringinn skipta þar mestu. Þar koma áætlanir um órofinn rekstur að góðum notum.

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

einnig nýta sér þau tækifæri sem skapast geti fyrirtækið ekki staði við skuldbindingar sínar. Eins dauði er annars brauð.

Stjórnir fyrirtækja bera ábyrgð á efnahag þeirra, launa-, arð- og skattgreiðslum svo og að nægir fjármunir séu til staðar til áframhaldandi vaxtar og viðhalds fyrirtækjanna. Með því að gera áætlanir um órofinn rekstur, prófa þær og rýna eru fyrirtæki að tryggja lífvænleika sinn til frambúðar. Áætlun um órofinn rekstur er því ekki bara einkamál fyrirtækja heldur hagsmunamál eigenda, starfsmanna, viðskiptavina, birgja og annarra hagsmunaaðila.

Lára Jóhannsdóttir,
sérfræðingur hjá Sjóvá



GERÐ ÁETLANA

Áætlunum um órofinn rekstur má í grófum dráttum skipta í tvennt, þ.e. umhverfisöryggi, s.s. húsnæði, vélar, slysaáætta o.s.frv. og öryggi upplýsinga, t.d. útprentuð gögn og gögn á tölvutæku formi. Fer það eftir eðli starfseminnar hverju sinni hvor þátturinn vegur þyngra við gerð áætlunar um órofinn rekstur. Þó svo að áherslurnar séu mismunandi getur uppbygging áætlunarinnar í grófum dráttum verið svipuð.

Áætlun um órofinn rekstur inniheldur m.a. upplýsingar um hver ber ábyrgð þegar stóráfall verður, greiningu og mat á ferlum og áhættuþáttum og hvernig fyrirtækið stýrir viðkomandi áhættuþáttum. Í því sambandi má nefna þætti eins og kaup á váttryggingum, vírusvarnir og eldveggi, afritatökur, aðgangsstýringar, brunavarnir og öryggiskerfi. Skilgreina þarf með hvaða hætti samskiptum og upplýsingagjöf til hagsmunaaðila verði háttáð og útbúa lista yfir þá. Samningar við mikilvæga birgja gætu gegnt lykilhlutverki, svo og listi yfir reglur, handbækur og gátlista sem starfsemi byggir á. Eignaskráningarlisti gæti flýtt fyrir þegar kemur að því að útvega nauðsynleg tæki og búnað vegna rekstrarins. Þjálfun starfsmanna, framkvæmd æfinga og endurskoðun áætlunar væri einnig hluti af áætlun um órofinn rekstur. Kostnaðaráætlun myndi auðvelda stjórnendum að réttlæta þann kostnað sem nauðsynlegur væri við enduruppbyggingu fyrirtækisins. Síðast en ekki síst þyrfti að koma fram hvaða lög, reglugerðir og samninga fyrirtækið muni uppfylla með því að tryggja órofinn rekstur í kjölfar stóráfalls.

Þegar áætlanir um órofinn rekstur eru gerðar er ekki nauðsynlegt að finna upp hjólið. Hægt er að fylgja öryggisstöðlum eins og ÍST ISO/IEC 17799 og ÍST BS7799-2 sem fánlegir eru hjá Staðlaráði Íslands og/eða leita til aðila sem búa yfir sérþekkingu á þessu sviði svo sem ráðgjafar-fyrirtækja og tryggingarfélaga.

AÐ TRYGGJA LÍFVÆNLEIKA TIL FRAMTÍÐAR

Við stóráföll eiga fyrirtæki á hættu að tapa gæðum í formi tækja- og búnaðar, birgða eða gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir reksturinn. Þau tapa getu sinni til að framleiða vöru og/eða veita þjónustu og þar með getu sinni til að eiga í viðskiptum. Síðast en ekki síst geta þau ekki mætt kröfum viðskiptavina sinna um að afhenda vöru eða veita þjónustu á réttum tíma og eiga því á hættu að tapa þeim - oft á tíðum fyrir lífstíð. Truflun á starfsemi í kjölfar stóráfalls ógnar fjárhagslegum stöðugleika fyrirtækisins. Sé ekki brugðist rétt við geta hluthafar verið fljótir að forða sér og starfsmenn leitað á önnur mið. Keppinutarnir munu



Nokkrir nýjir Dodge Durango Limited á fáranlega lágu verði. **Aðeins 3.990 þús.**

Algennt listaverð um 5.500 þús.

Lánamöguleikar: Allt að 100% lán.

Ábyrgð: Tveggja ára ábyrgð.

Þjónusuaðili: Ræsir hf.

Litir: Svartur – Dökkblár – Dökkgrár og Silfurgrár.

Vél: 5,7 lítra Hemi. 335 hestöfl.

Sjálfskipting: 5 þrepa með OD.

Drifbúnaður: Sídrif með tölvustýrðum millikassa og háu og lágu drifi.

Búnaður: 7 manna, leðurinnrétting, glertopplúga, rafknúin sæti með mjókbaksstuðningi, minni á bílstjórásæti, hiti í sessum og stólbaki frammi, rafknúin rúður, fjarstýrðar samlæsingar, rafknúin aðfellanlegir og upphitaðir útispeglar sem dökkna í mikilli birtu, sjálfvirk loftkæling, "17 álfelgur, króm stigbretti, hlífðarpanna undir vél og gírkassa, ABS bremsukerfi, líknarbelgir, hraðastillir ("Cruise Control"), leðurstýri, stokkur með geymsluhólfum í lofti og milli sæta, 3. sætaröð fellanleg niður í gólf, ofl. ofl.

Hljómgræjur: 6 diska CD spilari í mælaborði með sjálfvirkum tónjafnara, magnara, MP3 spilara, 9 hátölurum og aðgerðarhnöppum í stýri.

Sýningarbill á staðnum.

www.sparibill.is



Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

AURASÁLIN

Bankamenn í ríkisstjórnina

Aurasálin hefur aldrei efast um snilli íslenskra fjármálamanna. Það sem kemur meira á óvart er að einn bankinn hafi krækt í ráðherra og ráðið hann sem forstöðumann. Þessi óvænta stöðhækun framsóknarráðherra hlýtur að gleðja áhugamenn um stjórnsmál - svo ekki sé talað um aðra ráðherra og þingmenn.

Það hefur löngum verið vitað að bankastjórar á Íslandi gætu skammlaust tekið við ráðherra-dómi með engum fyrirvara. Það að ráðherra í ríkisstjórn sé treyst til þess að veita forystu mikilvægum verkefnum í einkafyrirtæki er hins vegar óvæntara. Kannski það sé einmitt svona ævintýramenska og frumlegheit sem skilja íslenska fjármálamenn frá hinum lán-litlu kollegum þeirra í útlöndum.

Halldór Ásgrímsson hlýtur að hugsa ráð sitt þessa dagana. Aurasálin mælir með því að Halldór geri nú hvað sem hann getur til þess að fá bankamenn inn í ríkisstjórnina. Laun ráðherra eru ágæt og ekki mikið verri en hjá sæmilegum sumarstarfsmanni í banka. Það ætti því að vera einhver séns fyrir Halldór að krækja í ungan starfsmann banka í ríkisstjórnina.

Vafalaust myndi það gleðja Geir Haarde utanríkisráðherra að fá reynda menn úr útrás atvinnulífsins inn í ríkisstjórnina. Utanríkisráðuneytið hlýtur að hyggja á útrás, enda vilja stjórnvöld tæpast vera eftirbátar fyrirtækjanna. Útrás íslenska ríkisins til Færeyja væri til dæmis gott fyrsta skref. Það væri skemmtileg tilbreyting fyrir íslenskan utanríkisráðherra að vinna nokkur lönd og það væri mikil bæjarþryði að sigurboga, til dæmis yfir mislægu gatnamótin í Mjóddinni.

Ef ríkið fylgir eftir fordæmi íslenskra fyrirtækja og heldur í útrás getur það haft margvísleg góð áhrif. Útrás til Kanaríeyja væri til dæmis góð því þá myndi hitastigið á Íslandi hækka að meðaltali, rétt eins og verðið í matvöruverslunum í eigu Íslendinga hefur að meðaltali lækkað.

Svo má auðvitað ekki gleyma því hversu duglegir bankamenn eru við að græða peninga og er það sennilega helsti munur á þeim og stjórnsmálamönnum, sem eru snillingar í að sóa peningum. Fjármálafyrirtækin græddu meira en tvö hundruð milljarða í fyrra en fyrir þá peninga hefði næstum mátt reka íslenska ríkið. Ef bankamenn kæmu að stjórn ríkisins mætti efallausta nota allar skatttekjurnar í útrásina.

Margt leynist í mannauðnum

Langþráður draumur margra rættist þegar einn helsti spekingur heims á sviði mannauðsstjórnunar, David Ulrich, kom hingað til lands í síðustu viku. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir sat námsstefnu á Hótel Nordica sem Háskólinn í Reykjavík og KB banki stóðu fyrir.

Hinn 2. mars síðastliðinn stóðu Háskólinn í Reykjavík og KB banki í sameiningu fyrir námsstefnu á Hótel Nordica. Hingað til lands var kominn einn helsti stjórnunarsérfræðingur heims, David Ulrich, til að leyfa íslenskum stjórnendum að súpa úr bikar visku sinnar. Þann 3. mars hélt Ulrich svo einkanámskeið fyrir stjórnendur KB banka, bæði héðan og frá öðrum starfsstöðvum bankans í Evrópu. Til ráðstefnunnar á Hótel Nordica voru mættir ekki einungis margir starfsmannastjórar íslenskra fyrirtækja heldur ýmsir aðrir sem vinna með fólki á einn eða annan hátt. Samkvæmt Ulrich er það enda ekki nóg að starfsmannastjórar tileinki sér boðskap mannauðsstjórnunar því til þess að hún nýtist til fulls verða allir stjórnendur í fyrirtækinu að leggja á eitt.

MORMÓNAR EDA MANNAUÐUR

Koma Ulrichs hingað til lands hefur átt sér langan aðdraganda eins og Svali Björgvinsson, starfsmannastjóri KB banka, kom að í upphafsorðum sínum er hann bauð Ulrich velkominn. Sagðist hann svo spenntur yfir viðburðinum að hann skildi nú betur hvernig syni hans liði í aðdraganda jólanna. Háskólinn í Reykjavík setti sig fyrst í samband við Ulrich fyrir um fjórum árum í því miði að fá hann hingað til lands og halda námskeið. Þá fengust hins vegar þau svör að hann væri að fara í leyfi frá ráðgjafarstörfum til að starfa með trúboðum mormónakirkjunnar í Quebec. Ulrich sagði frá því að hann hefði ákveðið að söðla um á þessum tíma, enda vinnuálagið farið að setja sitt mark á hann, meðal annars með óþarflega mörgum aukakílólum. Nú, nokkrum árum síðar, er hann aftur kominn á ferð og flug, fimmtíu kílóum grennri og reynslunni ríkari, og ferðast um heiminn til að kynna hugmyndir sínar um mannauðsstjórnun.

MJÚKU MÁLIN MIKILVÆG

Ulrich hefur skrifað fjölda bóka um stjórn-

un á fólki. Frægastur er hann fyrir „Human Resource Champions“ sem margir starfsmannastjórar eiga til uppi í hillu hjá sér. Í skrifum sínum heldur Ulrich því fram að „mjúku málin“ eigi að vera í forgrunni í daglegum rekstri, til að tryggja lífvænleika og aðlögunarhæfni fyrirtækisins til langs tíma. Hann segir að óáþreifanleg verðmæti þurfi ekki að vera óskilgreind og sýnir fram á að betri stjórnunaraðferðir stuðli að vexti, hraða, sveigjanleika, samtakamætti og á endanum sigri í samkeppni.

Ulrich varð tíðrætt um eiginkonu sína og börn á ráðstefnunni og notaðist oft við dæmi úr eigin fjölskyldulífi til að skýra atriði er varða mannauðsstjórnunina. Sagðist hann hafa samið við frúna að fá að halda áfram störfum sínum í mannauðsstjórnun því þar lægi hans ástríða. „Gerðu það David - en bara í eitt ár í viðbót,“ sagði eiginkonan þá. Dyggir aðdáendur kenninga hans mega því prisa sig sæla að hafa fengið að berja hann augum í þetta skipti því alls óvíst er að þau verði fleiri.

NÝ SÝN Á MANNAUÐSSTJÓRNUN

Kjarninn í hugmyndum Ulrichs og það sem öðru fremur hefur aukið við vinsældir hans er að honum hefur tekist að hefja sig yfir frasa á borð við „fólkið er okkar helsta auðlind“ sem mörgum þykir einkenna mannauðsstjórnun. Hugmyndir hans fela í sér að vikka þurfi út hlutverk mannauðsstjórnenda og tengja störf þeirra við almenna stefnumótun og breytingastjórnun sem allir stjórnendur glíma við. Hann hefur jafnframt verið í fararbroddi þeirra er segja þá nálgun kolranga að mannauðsstjórnun sé nokkuð sem gert sé „fyrir starfsmenn“.

Meðal þess sem Ulrich ræddi um var að starfsmönnum mætti skipta í þrjá flokka. Tuttugu prósent starfsmanna væru sérstaklega hæf og best væri að veita þeim nægilega krefjandi verkefni og láta þá eiga sig því þeir þyrftu ekki að láta stjórnina sér. Önnur tuttugu prósent starfsmanna væru oft heldur misheppnuð og ekki ætti að eyða of miklu púðri í þau, í það mesta að veita þeim tækifæri til að hífa sig upp í áttina að þeim sextíu prósentum sem mestu máli skiptu. „Gangi það ekki upp er best að selja þá samkeppnisáðila“ sagði Ulrich á léttu nótonum. Sextíu prósentin í miðjunni eru þau sem virkilega krefjast stjórnunarahæfileika þar sem frammistaða þess hóps getur ráðið því hvort fyrirtæki skari fram úr eða ekki.

KVATT MEÐ KRISTNUM UNDIRTÓNI

Starfið með mormónunum hefur ber-sýnilega haft áhrif á Ulrich. Í lokaorðum sínum brýndi hann fyrir gestum námsstefnunnar að í raun væri málið einfalt því nokkur atriði væru öllum mönnum sameiginleg og var örlítið á biblíulegum nótonum. Hann sagði

að allir leituðu friðar með því að hafa tilgang með lífinu, seiglu gegnum vonina, vaxtar með því að læra og gleði í gegnum sambönd við annað fólk. Hlutverk mannauðsstjóra væri að auðvelda þeim það.

DAVID ULRICH MANNAUÐSGURÚ FÓR LÉTT MEÐ AÐ HALDA ATHYLI GESTA Á HÓTEL NORDICA

Hugmyndir Ulrichs fela í sér að vikka þurfi út hlutverk mannauðsstjórnenda og tengja störf þeirra við almenna stefnumótun og breytingastjórnun sem allir stjórnendur glíma við. Hann hefur jafnframt verið í fararbroddi þeirra er segja þá nálgun kolranga að mannauðsstjórnun sé nokkuð sem gert sé „fyrir starfsmenn“.



MARGIR MÆTTU TIL AÐ LÆRA AF MEISTARANUM Sigríður Þrúður Stefánsdóttir og Arney Einarisdóttir hjá HRM-rannsóknunum og ráðgjöf og Lisbet Einarisdóttir frá Lectura ræddu málin í hléi.



FÉKK DRAUMINN UPPFYLLTAN Svali Björgvinsson, starfsmannastjóri KB banka, hafði beðið lengi eftir þeirri stund að hlýða á Ulrich enda mikill aðdáandi hugmyndafræði hans. Hér spjallar Ulrich við Svala og Karen Hoggard hjá KB banka.



SPJALLAÐ Í HLÉI Kolbeinn Finnsson hjá Esso og Anna Margrét Marinósdóttir, verkefnastjóri hjá Stjórnendaskóla HR, voru meðal þeirra sem sátu námsstefnu Davids Ulrich.

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



BESTA RÁÐIÐ



HALLA TÓMASDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS
Fólk á að velja sér starf sem það unnir og vera óhrætt við að breyta til ef það nýtur ekki þess lífs sem það hefur skapað sér.

Gæfan í okkar höndum

Halla Tómasdóttir vann sinn fyrsta dag í starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands síðasta miðvikudag og á vafalaust spennandi og krefjandi verkefni fyrir höndum á nýja vinnustaðnum.

„Þar sem ég var að byrja í nýju starfi er mér ofarlega í huga hversu mikilvægt það er að vinna við verkefni og með fólki sem maður nýtur af lífi og sál. Til þess að svo sé þarf starfið og umhverfið að henta manns hæfileikum og persónuleika. Til viðbótar leita ég alltaf

eftir áskorun og einhvers konar „æðri tilgangi“ með því sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Halla þegar hún er beðin um að deila góðu ráði með lesendum Markaðarins. Hún segir að besta ráðið sem hún geti gefið öðru fólki sé einfaldlega að velja sér að starfa við það sem það unni og gefi lífi þeirra tilgang en vera jafnframt óhrætt við að breyta til ef það njóti ekki þess lífs sem það hafi skapað sér. „Við erum eigin gæfu smiðir og hamingjan er í okkar eigin höndum,“ segir Halla að lokum.

- hhs

Aðalfundur TM

Aðalfundur 2006

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 9. mars í Hliðarsal, Radison SAS Hótel Sögu, Reykjavík, kl. 16.00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



PORCELANOSA

FLÍSAR FYRIR VANDLÁTA



ÁLFABORG

Skútuvoði 6 • Sími 568 6755

General Motors selur í Suzuki

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors (GM) ætlar að selja sautján prósent af hlutfjáreign sinni í japanska bílaframleiðandanum Suzuki Motor Corp. Markmið sölunnar mun vera að auka lausafjáreign General Motors, sem tapaði 8,6 milljörðum dollara á síðasta ári. Samstarf bílaframleiðendanna, sem hófst árið 1981, mun haldast óbreytt þrátt fyrir þetta, að sögn Osamu Suzuki, forstjóra japanska fyrirtækisins.

Búist er við að General Motors fái um tvo milljarða dollara, jafnvirði 132 milljarða króna, fyrir bréfin. Eftir viðskiptin mun bandaríski bílaframleiðandinn halda eftir þrem prósentum hlutfjár í Suzuki og vera sjöundi stærsti hluthafi í fyrirtækinu. Tap GM er helst tilkomið vegna aukinnar samkeppni á heimamarkaði frá bílaframleiðendum í Asíu. Hefur fyrirtæk-



HUMMERBÍLAR, SEM GENERAL MOTORS FRAMLEIÐIR.

ið tilkynnt um uppsagnir 30.000 starfsmanna auk þess sem það ætlar að loka tólf verksmiðjum sínum í Bandaríkjunum fyrir árið 2008.

„GM hefur hjálpað okkur í langan tíma og nú er tími kominn til að við hjálpum því,“ sagði Osamu Suzuki á blaðamannafundi um málið á mánudag. - jeb

Óværa sem plagar Firefox-vafra

JS_FFNIFFA er meinsemd falin í Java-forritum

Varað hefur verið við öryggisveilu sem tengist Firefox-vafranum og Java-forritum á netinu.

Að sögn vírusvarnafyrirtækisins TrendMicro er í umferð njósnaforrit að nafni JS_FFNIFFA sem fela má í Java-forriti, en það má nota í tengslum við Firefox-vafra til að hnýsast í það sem skrifað er í innsláttarform á vefsíðum.

Firefox-vafrann má sníða að þörfum hvers og eins með þemum og viðbótum og það hefur höfundur meinsemdarinnar nýtt sér. Forritið tekur upplýsingarnar sem slegnar hafa verið inn í HTML-vefformið og sendir svo í tölvupósti á ákveðið pósthfang. Forritið gerir hins vegar ekki af sér annan óskunda.



Að sögn TrendMicro er meinsemdin í einhverri dreifingu og snertir tölvur Windows 98, ME, NT, 2000, XP, og Server 2003 stýrikerfi þar sem Firefox-vafrinn hefur verið settur upp.

Tíu algengustu meinsemdirnar sem plaga internetið voru í nýliðinni viku, samkvæmt talningu TrendMicro:

1. WORM_NYXEM.E
2. SPYW_DASHBOARD.300
3. SPYW_GATOR.F
4. HTML_NETSKY.P
5. WORM_NETSKY.P
6. WORM_SOBER.AG
7. JAVA_BYTEVER.A
8. ADW_SLAGENT.A
9. WORM_MOFEL.B
10. WORM_BAGLE.CL

Áberandi öryggi

Það er still yfir því að vera staðlaður EN 471 staðall um sýnileika



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 www.dynjandi.is

Velgengni fylgir velferð starfsmanna

Endurmenntun Háskóla Íslands stóð fyrir ráðstefnu föstudaginn síðastliðinn undir yfirskriftinni „Velferð starfsmanna - velgengni fyrirtækja“ þar sem rætt var um gildi markvissrar starfsmannastefnu og áhrif hennar á hagsæld fyrirtækja.

Markmiðið var að fjalla um áhrif og afleiðingar ólíkra stjórnunarháttanna á mannauð fyrirtækja og þar af leiðandi á hagsæld þeirra til lengri tíma lítið. Hugmyndin að ráðstefnunni var er sprottin af vangaveltum um það hvort aukið álag starfsmanna fyrirtækja og opinberra stofnanna leiði til afleiddra sjúkdóma í auknum mæli, bæði líkamlegra og and-

legra, og hvað stjórnendur geti gert til að sporna gegn þessari þróun.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Colin Price, framkvæmdastjóri McKinsey&Company í London og forstöðumaður McKinsey's Global Organisation Practice. Price sérhæfir sig í mannaútsjórnun og er einn af helstu sérfræðingum Breta á þessu sviði. Aðrir fyrirlesarar voru dr. Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnuettirlitsins, dr. Haukur Ingi Jónasson, guðfræðingur og sálgreinir, og Þorsteinn Ingi Magnússon, starfsmannastjóri Alcan á Íslandi.

Ráðstefnustjóri var Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, og hún stjórnaði einnig pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Þess má geta að þóknun Colin Price rennur alfarið til líknarmála og ákveðið hefur verið að Krabbameinsfélagið og Aðstandendahópur Geðhjálp muni njóta góðs af velild Price.

- hhs

THE MBA THAT TAKES CHINA SERIOUSLY

introduced by BI Norwegian School of Management

BI Norwegian School of Management has adapted the general management curriculum of its full-time MBA program. It now addresses one of the most important global issues of the 21st century: emerging economies, China in particular, and their impact on the world economy. The program includes a month-long study period at Fudan University, Shanghai.

In addition to the full-time MBA program, BI also offers:

- An 18 month part time Executive MBA in cooperation with ESCP-EAP
- Two-year Master programs in Business, Financial Economics, International Marketing & Management (one year in Norway and one year in Germany, UK, France or Singapore)

Information meeting on Thursday March 9 at 18.00 at Radisson SAS Saga Hotel, Hagatorg, 107 Reykjavik

For further information, please contact Program Manager Ellen H. Berg: Tel: +47 46 41 00 65 e-mail: ellen.h.berg@bi.no or mba@bi.no www.bi.edu



COLIN PRICE, FRAMKVÆMDASTJÓRI MCKINSEY&COMPANY Í LONDON Einn helsti sérfræðingur Breta á sviði mannaútsjórnunar var aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem Endurmenntun HÍ stóð fyrir.

MINNEMORE

FÓLK Á FERLI

ADALBJÖRN ÞÓRÓLFSSON er nýráðinn forstöðumaður upplýsingakerfa hjá Símanum. Hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjá Rafrænu markaðstorgi á árunum 2003-2006. Þar áður starfaði hann hjá Anza, fyrst sem vörubróunarstjóri og síðar verkefnastjóri. Frá árinu 2000 til 2001 starfaði hann hjá Áliti hf. (sem varð Anza) við margvísleg stjórnunarstörf. Adalbjörn er með meistara- og doktorsgráðu í eðlisfræði frá Universitét Pierre et Marie Curie í París og BS-gráður í eðlis- og stærðfræði frá Háskóla Íslands.

ELÍN ÞÓRUNN Eiríksdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður sölu á fyrirtækjarsviði hjá Símanum. Elín starfaði áður hjá Eimskipi þar sem hún hóf störf 1997. Elín var síðast forstöðumaður sérverkefna fyrir aðstoðarforstjóra Eimskips en lengst af stýrði hún sölu fyrir félagið auk vinnu við þverskiptilagsverfni eins og áætlanagerð, gæðaverkefni og kynningar- og markaðsverkefni. Elín tók einnig þátt í að móta nýja starfsmannastefnu Eimskips. Áður en Elín réðst til Eimskips starfaði hún sem framkvæmdastjóri hjá heildversluninni Stíl. Elín útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1993.

GUÐRÚN W. Guðbjörnsdóttir hefur verið ráðin sem forstöðumaður greiningar á einstaklingssviði. Hún ber ábyrgð á framkvæmd rannsókna, greiningu á markaðsumhverfi Símans og á fjarskiptamarkaðinum héraðs og erlendis. Guðrún hefur töluverða reynslu af alþjóðaviðskiptum bæði hjá evrópskum og bandarískum fjarskiptafyrirtækjum. Frá árinu 2005 hefur hún starfað sem sérfræðingur í markaðsgreiningum innan Símans. Guðrún er með meistara-gráðu í alþjóðastjórnun frá Reading í Bretlandi og BA-gráðu í alþjóðastjórnun frá Wisconsin-háskóla í Madison.

JÓHANNA GUÐMUNDSDÓTTIR hefur verið ráðin forstöðumaður samskipta á tæknisviði. Samskipti hafa umsjón með erlendum samningum og bera ábyrgð á tekjum og áætlunum fyrir sviðið. Jóhanna starfaði áður sem forstöðumaður á gagnasviði Símans frá síðasta ári. Jóhanna hefur starfað hjá Símanum frá árinu 2000, lengst af á gagnasviði Símans. Hún starfaði áður hjá Skímu á árunum 1997-2000. Jóhanna stundaði nám við lögfræðideild HÍ á árunum 1996-2000 og hefur síðastliðin þrjú ár stundað nám við viðskiptafræðideild HÍ.

KATRÍN OLGA Jóhannesdóttir er ný framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Símans en hún hefur stýrt markaðssviði Símans frá árinu 2003. Áður en hún réð sig til Símans var hún framkvæmdastjóri Navision Ísland þar sem hún starfaði frá árinu 1999. Katrín Olga starfaði sem rekstrarráðgjafi VSÓ á árunum 1996-1999 og þar áður var hún markaðsstjóri hjá Halldóri Jónssyni hf. Hún er menntuð í viðskiptafræðum og með meistara-gráðu í rekstrarhagfræði frá Óðinsvéum í Danmörku.

PÁLL LILJAR Guðmundsson hefur verið ráðinn forstöðumaður þjónustu Símans. Páll hefur starfað á kerfistæknideild Símans frá 1998 þar sem hann vann í fyrstu að hönnun og greindarkerfisþjónustu. Páll varð deildarstjóri Kerfistæknideildar 2003.

Áður en Páll kom til Símans starfaði hann meðfram námi á rafmagns- og rafeindaverkstæði hjá Ísal í Straumsvík. Páll útskrifaðist með CS-gráðu í rafmagns- og tölvuverkefni frá Háskóla Íslands 1998.

RAGNHEIÐUR H. Magnúsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður verkefnastjórnunar og stjórnunar viðskiptaferla hjá Símanum sem nær til vörubróunarverkefna, UT-verkefna, ferlaverkefna og hönnunar- og innleiðingarverkefna hjá viðskiptavinum. Ragnheiður hefur starfað við verkefnastjórn hjá Símanum frá árinu 2000 og komið að fjölda verkefna með ýmsum hópum starfsmanna, t.d. viðskiptamiðju Símans, virðisaukandi lausnum fyrir farsíma og sjónvarpi um ADSL. Ragnheiður varð vélaverkefndingur frá Háskólanum í Álaborg í Danmörku árið 2000.

ÞÓR JES Þórisson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans. Þór Jes hefur starfað hjá Símanum frá árinu 1986 og býr yfir umtalsverðri reynslu og þekkingu á fyrirtækinu. Áður var hann framkvæmdastjóri gagnasviðs og þar áður breiðbandssviðs. Þór Jes var framkvæmdastjóri tal- og gagnasviðs á árunum 1999-2000 en þar áður framkvæmdastjóri markaðs-, sölu- og þróunarsviðs. Þór Jes er rafmagnsverkefndingur frá Háskóla Íslands.

SÆVAR FREYR Þráinsson hefur tekið við framkvæmdastjórnastöðu fyrirtækjasviðs en áður var hann framkvæmdastjóri farsímasviðs. Sævar Freyr hóf störf hjá Símanum árið 1996 sem viðskiptastjóri fyrirtækjapjónustu. Hann varð síðan forstöðumaður fyrirtækjapjónustu en hefur einnig gegnt stöðu forstöðumanns gagnalausna og lausna og þróunar. Sævar Freyr útskrifaðist úr viðskiptafræði við Háskóla Íslands árið 1995.

SIGURÐUR ÖRN Gunnarsson hefur tekið við starfi forstöðumanns lausna – á einstaklingssviði en áður gegndi hann starfi verkefnisstjóra hjá Símanum. Sigurður var markaðsfulltrúi hjá HP Financial Systems á árunum 2000-2004. Þar áður gegndi hann stöðu markaðsstjóra Opinna kerfa þar sem hann hóf störf 1996. Hann hefur auk þess starfað að stefnumótun fyrir Landssímann þar sem hann framkvæmdi umfangsmikla rannsókn á styrkleikum og veikleikum Símans. Sigurður útskrifaðist með meistaraþróf í alþjóða markaðsfræði og stjórnun árið 2002 frá Copenhagen Business School. Hann lauk námi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands 1997.

Íslandsbanki semur við Atóm/Núlleinn

Íslandsbanki og Atóm/Núlleinn hafa gert með sér samning sem kveður meðal annars á um að Íslandsbanki nýti sér vefstýrikerfið Dísil CMS. Kerfið verður notað fyrir vefi bankans, jafnt innri sem ytri, hér á landi og í útlöndum.

Jón Ingi Þorvaldsson, forstöðumaður Netþróunar hjá Íslandsbanka, segist binda miklar vonir við samstarfið. „Viðskiptavinir Íslandsbanka um allan heim eiga að geta treyst því að bankinn veiti þeim 100 prósentu þjónustu, jafnt nótt sem nýtan dag. Stór hluti þeirrar þjónustu fer fram á vefnum. Þess vegna skiptir svo miklu máli að hafa traust en sveigjanleg kerfi til að halda utan um vef bankans,“ segir hann. Þróunin á Dísil CMS vefstjórnarkerfinu hófst árið 1999 og er það nú notað til að halda utan um tugi vefja af öllum stærðum og gerðum. Ólafur Borgþórsson, fram-



SAMNINGURINN HANDSALAÐUR Haukur Már Böðvarsson, hugbúnaðarsérfræðingur ISB, Einar Þór Gústafsson, hugbúnaðarsérfræðingur ISB, Jón Ingi Þorvaldsson, forstöðumaður netþróunar ISB, Ólafur Borgþórsson, framkvæmdastjóri Atóm01, Vilhjálmur Alvar Halldórsson, vefstjóri ISB, og Hermann Fannar Valgarðsson, sölu- og markaðsstjóri Atóm01.

kvæmdastjóri Atóm/Núlleinn, áfram í samstarfi við jafn stóran segir sveigjanleika vera helsta og kröfuharðan viðskiptavin og styrk kerfisins verði að þróa það Íslandsbanka.



Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl



ER MIKILVÆG
ÁRSHÁTÍÐ
FRAMUNDAN?

LONDON • PARÍS • FRANKFURT • AMSTERDAM • KAUPMANNAHÖFN

GB FERÐIR BJÓÐA UPPÁ ÁRSHÁTÍÐARFERÐIR TIL HELSTU BORGNA EVRÓPU

Frábær hótél á góðu verði. Skipuleggjum Gala kvöldverði á okkar hótélum fyrir 20-300 manns.

samstarfaði GB ferða
ICELANDAIR
www.icelandair.is

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

TIL MINNEAPOLIS – HEIM FRÁ BALTIMORE

NÝTT – OPIN FERÐ Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

OPNA FERÐ verður að bóka á milli áfangastaða í sömu heimsálfu.

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA.

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Börnum tryggð vernd og umönnun

Hvaða reglur eru í gildi er varða auglýsingar ætlaðar börnum?

Af nógu er að taka af laga-ákvæðum og síðareglum er varða auglýsingar sem beint er að börnum. Í stjórnarskrá Íslands segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þeim eru einnig tryggð réttindi í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins segir að í auglýsingum verði að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirn barna og unglinga og áhrifa á þau. Í Útvarpslögum er svo meðal annars lagt bann við að notfæra sér reynsluleysi og trúgirn barna til að hvetja þau til að kaupa tiltekna vöru eða þjónustu.

Hvernig stöndumst við samanburð við nágrannalöndin?

Útvarpslögjöfin í Svíþjóð og Noregi er meira verndandi fyrir börn en hér á landi. Bæði í Noregi og Svíþjóð er beinlínis bannað að beina auglýsingum að börnum sem eru yngri en 12 til 13 ára. Þar er líka bannað að sýna auglýsingar, hvort sem þeim er beint að börnum eða fullorðnum, í kringum barnatímamann. Reglurnar í dönsku útvarpslögjöfinni hafa líka nýlega verið hertar. Þar fyrir utan eru engar auglýsingar á dönsku ríkisstöðvunum DR 1 og DR2, þannig að í raun er mun minna um auglýsingar sem beinast að börnum þar. Á vettvangi Evrópusambandsins er verið að skoða hvort herða eigi lögjöfina sem nú er í gildi.

Þarf að herða reglurnar hér?

Eins og áður er getið eru til ýmsar reglur um þessi mál. Það sem hins vegar skortir á er að þær séu virtar. Við höfum regluverkið en við virðum reglurnar ekki nægilega vel. Það er fyrst og fremst þetta sem þarf að breyta en ekki lögjöfinni sjálfri. Hins vegar finnst mér að skoða megi hvort setja eigi ákvæði í lög til verndar yngstu börnunum. Ég vil samt láta reyna á það fyrst hvort markaðurinn fari ekki að virða löginn sem í gildi eru.

Teygja fyrirtæki sig lengra í markaðssetningu til barna?

Ef miðað er við þær umkvartanir sem berast til embættis umboðsmanns barna er ljóst að markaðssetning til barna er að aukast ár frá ári. Auglýsingarnar eru ekki bara fleiri heldur líka ágengari. Tæknin er nýtt til hins ýtrasta til að gera auglýsingarnar áhrifaríkari í framsetningu. Það getur virkað mjög sterkt á litlar sálir.

Hver hefur eftirlit með fyrirtækjum í þessum efnum?

Neytendastofa fylgist með auglýsingum í hvaða formi sem þær birtast, hvort sem er á strætóskýlum, í sjónvarpi, á internetinu eða annars staðar. Ákvæðið í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins taka til þess að ekkert megi aðhafast sem er óhæfilegt gagnvart neytendum og þá þarf auðvitað að taka mið af því hvað telst við hæfi gagnvart þeim hópi neytenda sem yrt er á hverju sinni. Hlutverk Neytendastofu er að fylgjast með því að auglýsendur virði þessar reglur. Þeir geta sent tilmæli og þeir geta jafnvel sektað. Ef fyrirtæki hlíta ekki tilmælum getur komið til þess að það þurfi að taka ákvörðun um stjórnsýslusektir eða dagsektir. Þar að auki á Útvarpsréttarnefnd að fylgjast með því að þeir sem fá útvarpsleyfi fari eftir útvarpslögum.

Er ábyrgðin ekki foreldranna?

Það er engin spurning að foreldrar bera aðalábyrgðina á uppleldi barna sinna. Þeir eiga hins vegar rétt á, samkvæmt stjórnarskránni og Barnasáttmálanum, að fá aðstoð við það. Samkvæmt stjórnarskránni skal börnum tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Þetta hefur verið túlkað svo að

lögjafinn á ekki bara að setja lagareglur sem tryggja börnum þessa vernd heldur megi jafnvel setja ýmsum réttindum manna, eins og til dæmis tjáningafrelsi, skorður ef nauðsyn krefst, til þess að vernda börn. Skylda lögjafans að standa vörð um réttindi barna er því rík. Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga stjórnvöld að veita foreldrum stuðning í uppleldislutverkinu. Meðal annars er kveðið á um það að þó að aðildarríkin tryggja mikilvægi fjölmiðla og tryggja eigi að börn geti með góðu móti sótt sér upplýsingar að þá eigi jafnframt að sjá til þess að það séu mótaðar viðeigandi leiðbeiningarreglur um hvernig er hægt að vernda börn gagnvart upplýsingum sem geta skaðað velferð þeirra.

Hver er ábyrgð fjölmiðla?

Útvarpsstöðvar fá úthlutað útvarpsleyfum, sem eru samfélagsleg verðmæti, og ber þeim því skylda til að sýna samfélagslega ábyrgð. Þeim ber að sýna börnum sérstaka tillitssemi samkvæmt 14. og 20. gr. útvarpslaga og vegna þess að valdi fylgir ábyrgð. Prentmiðlar bera einnig ábyrgð að sínu leyti, m.a. samkvæmt lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.

Auglýsingar lokka krakka

Áróðursfræðingar segja að með nægilegri endurtekningu megi fá hvern sem er til að trúna hverju sem er. Börn eru jafnan trúgjörn og laus við tortryggni, sem gerir þau varnarlausari en fullorðna gegn hvers kyns áreiti. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** hitti **Baldur Kristjánsson** þroskasálfræðing, sem vill kenna íslenskum börnum að lesa auglýsingar.

Á dögum stóðu Heimili og skóli, talsmaður neytenda og umboðsmaður barna fyrir málþingi um börn og auglýsingar. Þar fjallaði Baldur Kristjánsson, þroskasálfræðingur og dósent við Kennaraháskóla Íslands, um auglýsingalæsi barna og til hvaða ráða væri hægt að grípa til að vernda þau gegn áreitinu sem hlýst af auglýsingum. „Við lifum á velsældartímum í efnahagslegu tilliti. Markaðsfræðingar hafa uppgötvað barnið, meðal annars með því að foreldrar eru fjársterkari og börnin fá meiri vasapeninga. Það er því eftir meiru fyrir þá að sælast,“ segir Baldur sem hefur eins og margir aðrir vissar áhyggjur af aukinni markaðssókn sem miðast að börnum.

BRENGLAÐ VERÐMÆTAMAT OG SLÆMUR LÍFSSTÍLL

„Auglýsingar dynja á okkur daginn út og inn og hafa mikil og oft dulín áhrif á okkur. Það liggur í eðli auglýsinga að segja hálfan sannleikann. Auglýsendur eru vissulega að kynna vöru sína en reyna að beita einhverjum tölfrum í leiðinni. Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir áreiti sem þessu þar sem það er ekki í þeirra eðli að vera tortyggin. Þau eru trúgjörn fram til um það bil níu ára aldurs, sem gerir auglýsendum auðveldara fyrir að ná þeim á sitt band.“ Margir þeirra er hafa áhyggjur af gangi mála kalla beina markaðssókn að börnum atlögu að barnæskunni. Verið sé að draga börn inn í heim sem þau eigi ekkert erindi inn í svo ung að árum. Auk þess ýti sumar auglýsingar undir óheilbrigðan lífsstíl og brenglað verðmætamat og skapi vandamál innan veggja heimilisins.

Einnig er algengt að börn séu notuð sem agn í auglýsingum. Rannsóknir sýna að áhrifamáttur auglýsinga margfaldast við það þegar auglýsendur ná til barna og svo virðist sem foreldrar séu veikir fyrir þrýstingi barna sinna. „Við lifum á tíma þegar börn eru miðlæg á ýmsan hátt í samfélaginu og þau fá meira að segja til um hluti á heimilinu. Það að auglýsendur beini spjótum sínum að þeim í auknum mæli má segja að sé ákveðin birtingamynd þessa.“

BÖRN ÞURFA AÐ ÖÐLAST SKILNING Á SAMHENGINU

Baldur segir að það þurfi að gera börn meðvitaðri um samhengið í tilveru sinni í uppleldinu. „Það þarf að koma börnum í skilning um að það sem kemur fram í auglýsingum sé ekki endilega heilagur sannleikur. Þetta er bara einn þáttur þjóðlífsins og þau þurfa að skilja hann alveg eins og þau þurfa að læra á kerfið almennt.“

Eitt af því sem Baldur telur hvað mikilvægast er að börn verði „auglýsingalæs“. Með því er átt við að þau skilji að auglýsingar s'eu ekki bara til skemmtunar heldur sé þeim ætlað að miðla upplýsingum og skapa löngun. Þau þurfa að átta sig á að sannleikurinn er oft fegraður eða falinn í auglýsingum og geta lagt mat á sannleiksgildi og raunveruleikatengingu. Þau þurfa þar að auki að öðlast vitund um þær brellur sem beitt er og geta tekið sjálfstæða og yfirvegaða afstöðu til auglýsinga.

Íslenskt uppleldi fer að miklu leyti fram innan skólanna og leiðin að því að gera börn auglýsinga-



BALDUR KRISTJÁNSSON, ÞROSKASÁLFRÆÐINGUR OG DÓSENT Í SÁLARFRÆÐI VIÐ KHÍ Telur það brýnt mál að börn verði „auglýsingalæs“ sem felur í sér að þau skilji að auglýsingar eru ekki bara til skemmtunar heldur sé þeim ætlað að selja og skapa löngun.

læs verður því að vera samvinna menntastofnana og foreldra. „Það þarf að efla neytendafræðslu á öllum skólastigum, þetta er nauðsynlegt alveg eins og að kenna börnum að fara vel með peningana sína.“ Eitt af því sem Baldur þykir sjálfsagt er að gera börnum kleift að sjá hvernig auglýsingar eru búnaar til og hvernig auglýsendur hugsa, til dæmis með heimsóknum á auglýsingastofur, eins og þekkt er með önnur fyrirtæki.

NEYTENDASTOFA FYLGIST MEÐ AUGLÝSINGUM


Brjótiauglýsendur árétti barna er það Neytendastofa sem getur gripið til aðgerða. Í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins segir meðal annars að auglýsingar

mei á engan hátt misbjóða börnum og sérstaka varkárni verði að sýna vegna trúgirn barna og unglinga. Komi börn fram í auglýsingum skuli þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum. Neytendastofa hefur vald til að grípa til aðgerða gegn athöfnum

sem brjóta í bága við þessi ákvæði. Um tíu mál af þessu tagi koma á borð hennar á ári hverju eða um sjö prósent allra mála. Flestum þeirra lýkur með einföldum tilmælum eins og að breyta auglýsingu eða færa sýningartíma. Einungis fjórum sinnum hefur þurft að setja bann við auglýsingu af þessu tagi á síðastliðnum tólf árum.

Augljóslega verður ekki hjá því komist að börn, líkt og fullorðnir, verði fyrir auknu áreiti í nútíma-samfélagi, hvort sem er af auglýsingum eða öðru. Þar að auki birtast auglýsingar ekki bara á auglýsingatímum sem skyggir á þá hugmynd að setja höft á auglýsingar sem beinast að börnum. Þær sem eru leyndar og óljósar hafa oft jafnvel meiri áhrif. Til dæmis má segja að margir þeirra sjónvarpsþátta sem eru hvað vinsælastir hjá ungum börnum hafi mikinn auglýsingamát. Nægir þar að nefna Bubba byggir og Latabæ sem eru feikivinsælir hjá ungum börnum en jafnframt sem neysluvara. Það er því fín lína milli afþreyingar og auglýsinga og felst vandinn í því að skilgreina hvar mörkin liggja.

MÁLID ER
Börn og
auglýsingar



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



Philips 26PF5320

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Digital Crystal Clear, Digital Comb Filter og Anti Reflex, 600:1 skerpu, HD Ready, 20w Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D og VGA), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.



TILBOÐ

119.995

FULLT VERÐ 139.995



Philips 32PF7320

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Pixel Plus myndtækni, 600:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/6 breiðtjaldsstillingum, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB), SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-D), tengi fyrir heyrnatól, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.



TILBOÐ

179.995

FULLT VERÐ 214.995



Philips 37PF7320

37" LCD Pixel Plus BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni sem eykur línujölda og skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1 skerpu, 8ms svartíma, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnatólstengi, DVI-i tengi (styður VGA, SVGA, XGA, WXGA), textavarpi og fjarstýringu.



TILBOÐ

239.995

FULLT VERÐ 299.995



Philips 42PF7320

42" ED Plasma SJÓNVARP með Pixel Plus myndtækni sem eykur línujölda og skerpu, 852x480 upplausn og 5.000:1 skerpu (VGA, SVGA, XGA), HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, sjónsvið: (H/V): 160/160° og birtustigi: 1100 cd/m2, ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnatólstengi og fjarstýringu.



TILBOÐ

219.995

FULLT VERÐ 289.995

ALLAR STÆRÐIR SJÓNVARPA – FRÁ 14 UPP Í 50 TOMMU



ÓUMDEILD GÆÐI

Philips er óumdeildur konungur myndgæðanna þegar kemur að sjónvarpstækjum. Philips hefur unnið hin virtu EISA verðlaun fyrir sjónvörp oftar en nokkur annar framleiðandi. EISA eru samtök 50 fagttimarita í Evrópu og eru verðlaunin talin þau virtustu. EISA eru sannkölluð Óskarsverðlaun raftækjanna.



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

BANKAHÓLFID



Hlutfjármiðinn

Hluthafar Straums - Burðaráss fengu í arð bréf í Icelandic Group. Lítið var til skiptanna og því fá smærri hluthafar lítið í sinn hlut. Varla er hægt að tala um hlutabréf í Icelandic og gengur arðurinn undir nafninu hlutfjármiðinn. Eigandi milljón króna að markaðsvirði í Straumi fær 1.800 krónur að markaðsvirði í Icelandic Group. Algengur lágmarks viðskiptakostnaður er tvö þúsund krónur og því synd að bréfin skuli vera rafræn því annars væri að minnsta kosti hægt að láta ramma þau inn. Hluthöfum fjölgar hins vegar í Icelandic Group og spurning hvort litli maðurinn fái fulltrúa í stjórn, ef hægt verður að finna einhvern nógu lítinn.

Séríslenskur markaðsbrestur

Hlutirnir á íslenskum hlutabréfa-markaði ganga oft í berhögg við kenningar fjármálafræðanna. Algengt er að greiðsla arðs leiði ekki til lækkunar á verði þeirra hlutabréfa sem úthlutunin nær til. Lengi vel hafa fjárfestar stundað þann leik að hoppa inn í bréf í Íslandsbanka fyrir aðalfund, hirða arð og selja eftir aðalfund með hagnaði. Á aðalfundi Straums fyrir helgi var samþykkt að greiða 6,6 milljarða arð, sem hefði átt að hafa áhrif til lækkunar á markaðsvirði félagsins sem því nemur. Hins vegar bar við að gengi bankans hækkaði um yfir eitt prósent en ekki er örgrannt um að aðrir þættir hafi komið þar við sögu.

Orkubankinn

Ráðning Árna Magnússonar til Íslandsbanka og brotthvarf hans úr pólitík kom verulega á óvart. Íslandsbanki hyggst hasla sér völl á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Orkugeirinn lýtur meira og minna pólitískri forsjá hvert sem lítið er í heiminum og því gott að hafa mann innanborðs með reynslu á því sviði. Annað sem skiptir máli er að titillinn fyrrverandi ráðherra vegur býsna þungt í alþjóðaviðskiptum. Þetta er eitt af því sem Íslendingar gleyma oft í samfélagi þar sem stutt er á milli manna og maður kemst vart svo frá einni fermyngarvertíð að maður rekist ekki á einn eða tvo ráðherra. Sérstaklega hafa slíkir titlar mikið vægi ef menn horfa í austurveg, hvort sem lítið er til gömlu austurblokkarinnar eða til Asíu, þar sem formlegheitin eru mun meiri en tíðkast hér á landi.

18 einstaklingar eiga yfir milljarð að markaðsvirði í hlutabréfum skráðum í Kauphöll Íslands.

4 milljarða króna hagnaður Símans árið 2005.

6679 milljóna króna arðgreiðslur til hluthafa Straums - Burðaráss fyrir árið 2005.

Við byggjum á fólki og færni!



Höfum allt í lagi!

Hugmyndafræði ANZA gengur út á að farsælast sé fyrir fyrirtæki að einbeita sér að því sem þau gera best. Rekstrarþjónusta ANZA gerir fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri, auka rekstraröryggi og einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

ANZA býður upp á enn fleiri þjónustubætti. Kynntu þér Rekstur, Lausnir, Öryggi og Sérþekkingu á heimasíðu okkar, anza.is eða í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útvistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ANZA

• Öruggur rekstur tölvukerfa

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Bilabúð Benna
NOTADIR BÍLAR



Nissan Terrano II 2400 Sport, 7/2002, ek. 89 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, CD, rafm. í rúðum og speglum, stigbretti, varadekkshlíf o.fl. Asett verð 1.760 þús. Tilboð 1.390.000.



Suzuki Grand Vítara, 7/2003, ek. 86 þús., beinskiptur, ABS, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, þakbogar o.fl. Asett verð 1.670 þús. Tilboð 1.390.000.



Hyundai Galloper 2.5 TDI, 4/2000, ek. 146 þús., beinskiptur, 33" breyttur, álfelgur, dráttarkúla, Intercooler, kastargrind, pluss áklæði, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar o.fl. Asett verð 940 þús. Tilboð 790.000.



Ford Mondeo Chia Sedan, 9/1999, ek. 120 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, dráttarkúla, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum o.fl. Asett verð 830 þús. Tilboð 550 þús.



BMW 530 Touring, 3/2001, ek. 93 þús., sjálfskiptur, ABS, álfelgur, ASR spólvörn, ESP stöðugleikakerfi, bakskynjari, magasin, toppluga, handfrjálts búnaður, hiti í sætum, Cruise Control, kastarar í svantu, leiðsögukerfi, leður, líknarbelgir, loftkæling, rafm. í öllu, sjónvarp o.m.fl. Asett 3.790 þús. Tilboð 2.690.000.



BMW X 5 árg. 2002, ekinn 126 þús. km, 3,0L, álfelgur 17", leður, CD spilar, gler-toppluga, hiti í sætum og m/fl. Vel búinn bíll. Verð 3.090.000. Tilboð 2.890.000.



Nissan Terrano II TDI 2,7 árg. 2/2000, ekinn 87 þús. km, sjálfskiptur, 33" breyttur, 2 dekkjagangar fylgja, abs bremsukerfi, álfelgur, dráttarbeisli, fjarst. samlæs., toppluga. Verð 1.850.000. Tilboð 1.590.000.



tækjunum Amide og samheita-lyfjastarfsemi fyrirtækisins Alpharm. Rekstur Amide kom inn í samstæðuna frá 1. júlí og Alpharma frá 19. desember 2005.

„Ánægjulegt er að sjá góðan árangur félagsins á árinu,“ segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis og segir að um leið og fyrirtækið hafi náð mikilvægri stöðu á Bandaríkjamarkaði hafi það haldið áfram að styrkja stöðu sína á mikilvægum mörkuðum í Evrópu. „Ég er mjög ánægður með reksturinn á árinu, sem endurspeglar þann mikla drifkraft sem er í félaginu og eflir okkur í að sækja enn lengra fram.“ Róbert segir að í ár markaðssetji Actavis yfir 150 ný lyf á mörkuðum sínum. - ók/epa

„Dularfullir“ Íslendingar

Íslendingar eiga orðið yfir tíu prósent hlutfjár í bresku verslana-keðjunni Woolworths. Eignarhlutur Baugs Group er þar af um átta prósent. Sunday Times greindi frá því um helgina að KB banki hefði safnað um 2,5 prósentum hlutabréfa fyrir viðskiptavinum sínum sem munu flestir vera „dularfullir“ Íslendingar.

Stjórn Woolworths óskaði eftir því á grundvelli breskra fyrirtækjalaga að KB banki gerði grein fyrir fjölda eigenda bréfanna og þjóðerni þeirra. Í febrúar greindi KB banki frá því að 42 aðilar ættu 36,7 milljónir hluta.

Alþekkt er að íslenskir fjárfestar elti íslensk félög sem hafa verið að fjárfesta í erlendum félögum. Bæði Baugur og WH Smith hafa verið orðuð við yfirtöku á Woolworths. - epa



HÚS ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR
deCode tapaði meiri peningum í fyrra en árið þar á undan.

Tap á rekstri deCODE

Tap varð á rekstri líftæknifyrirtækisins Decode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, á síðasta ári.

Tapið nam 62,8 milljónum Bandaríkjadala, rúmum fjórum milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar nam tap fyrirtækisins 57,3 milljónum dollara árið á undan.

Tekjustofnar Decode jukust á milli ára en þeir voru 44 milljónir dala í árslok í fyrra en voru 42,1 milljónir dala árið á undan. Þá nam tap í bréfum Decode 1,17 dollurum á hlut en var 1,07 dollara árið 2004.

Í ársuppgjöri Decode kemur fram að helsta ástæðan fyrir tapi fyrirtækisins er hærra rannsóknar- og þróunarkostnaður í tengslum við prófanir á lyfjum fyrirtækisins. Nam kostnaðurinn 43,7 milljónum dollara, rúmum 2,9 milljörðum íslenskra króna, á síðasta ári en það er 18,8 milljónum dollara, rúmlega 1,2 milljarða króna, aukning frá árinu á undan. - jab

Eiga yfir 10% í Bang&Olufsen

FL Group hefur bætt við eignarhlut sinn í Bang & Olufsen og á orðið yfir tíu prósent hlutfjár.

Um miðjan febrúar var tilkynnt um að FL Group ætti yfir átta prósent eignarhlut í danska raf-tækjaframleiðandanum. Gengi Bang & Olufsen hefur hækkað á síðustu vikum og má ætla að hlutur FL Group sé vel yfir nú milljarðar að markaðsvirði. - epa

flugfelag.is | 570 3075

árshátíð - menning - áskorun - hópefli - hvíld - djamm - samstaða - óvissa - upplifun - ævintýri - félög - klúbbar - vinir - samtök - konur - karlar - stelpur - strákar

BURT ÚR BÆNUM
með hópinn þinn

Komdu hópnum þínum á óvart!


Við gerum hópnum þínum frábær ferðatilboð til allra áfangastaða okkar innanlands, hvort sem ferðinni er heitið norður, suður, austur eða vestur, og til Færeyja að auki. Þið njótið þeirrar fjölbreyttu afþreyingar sem í boði er vítt um land í skemmtun, menningu, ævintýrum og upplifun. Kannaðu hópafargjöldin fyrir þinn hóp og þá möguleika sem í boði eru á hverjum stað í síma 570 3075 eða með því að senda póst á netfangið hopadeild@flugfelag.is (Lágmarksfjöldi er 10 manns.)

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

SHERWOOD ANDERSON (1876-1941)
LÉST ÞENNA DAG

„Ég fer og fylgist með hestum og nautgripum. Þau borða gras, njóta ásta, vinna þegar þess þarf og eignast afkvæmi. Eg er heltekinn af öfund í þeirra garð.“

Bandaríski rithöfundurinn Sherwood Anderson lést úr lífhimnubólgu eftir að hafa gleypst tannstungul.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 8, MARS 1990

Stígamót hefja starfsemi

Þennan dag árið 1990 voru opnuð Stígamót, staðurinn þar sem stígararnir mætast. Aðdragandi opnunarinnar var samvinna margra samtaka sem helga sig baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi hér á landi. Saman stóðu Barnahópur Kvænnaathvarfsins, Ráðgjafahópur um nauðgunarmál, Kvænnaáðgjöfín og Vinnuhópur gegn sífjaspellum fyrir fjölda fundi í Hlaðvarpanum 8. mars 1989 og á honum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi. Fyrsta verkefni samtakanna var að koma á fót miðstöð sem myndi sinna ráðgjafa- og upplýsingahlutverki fyrir fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Samningar tókust við ríkið um fjármögnun og á fjárlögum ársins 1990 fengu samtökin næga peninga til starfsins. Stígamót hófu síðan starfsemi sína í kjölfarið.

Á síðustu sextán árum hefur mikill fjöldi fólks lagt leið sína til Stígamóta eða 3505 einstaklingar.



FRÁ STOFNUN STÍGAMÓTA

MERKISATBURÐIR

- 1843** Alþingi er endurreist með tilskipun frá konungi. Starfsemi þess hafði þá legið niðri í rúma fjóra áratugi.
- 1917** Febrúarbyltingin svokallaða hefst í rússneska bænum Petrograd.
- 1937** Fyrsta óperan sem sýnd hefur verið á Íslandi er frumsýnd í lónó, en það var Systir frá Prag eftir Wenzel Muller.
- 1944** Alþingi afgreiðir frumvarp um stjórnskrá fyrir lýðveldið Ísland.
- 1978** Frímerki með mynd af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur er gefið út. Frímerkið var fyrsta íslenska frímerkið með mynd af nafngreindri konu.
- 1983** Lög eru staðfest um að „Lofsöngur“ sé þjóðsöngur Íslendinga og eign íslensku þjóðarinnar.

AFMÆLI

Valdís Bjarnadóttir arkitekt er 60 ára.



Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ er 52 ára.



GUÐLAUG ÞÓRA MARINÓSDÓTTIR: FUNDARSTÝRA Á FRÍÐARDEGI KVENNA

Karlmenn jafn velkomnir

Íslendingar láta sitt ekki eftir liggja í fundarhöldum í dag á baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti. MFÍK eða Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna standa fyrir veglegri dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur klukkan fimm þar sem átta konur halda erindi.

„Auðvitað er þetta stórmærilegur dagur,“ segir Guðlaug Þóra Marinósdóttir, fundarstjóri á fundinum, þegar blaðamaður spyr um eðli dagsins. Hún segir að saga dagsins sé rakinn aftur til þýskrar baráttukonu sem stóð fyrir alþjóðlegum baráttudegi í Kaupmannahöfn 1910. „8. mars hefur síðan þá verið haldinn hátíðlegur, er alltaf að verða útbreiddari og hefur verið hérna hjá okkur í einhver ári,“ segir hún. MFÍK hefur staðið fyrir hátíðarhöldum á deginum og oft fengið einhvern í lið með sér. Að þessu sinni eru það stéttarfélagin, en fimmtán stéttarfélag og önnur samtök standa að fundinum.

„Mikil vinna hefur verið lögð í dagskrána og þær hjá MFÍK eiga hrós skilið fyrir það,“ segir Guðlaug. Yfirskrift fundarins er „Þróunaraðstoð - í þágu hverra?“ og eru erindin eins mismunandi og þau eru mörg. „Þetta eru náttúrulega áhugaverð málefni sem er þarft að vekja athygli á,“

segir hún og bendir á að málefni tengd þróunaraðstoð komi oft upp á borðið, til dæmis hjá stéttarfélagum. Málefnið komi konum sérstaklega við þar sem þær eru stærstur hluti fátækra í heiminum. „Fyrirlesararnir hafa allar tekið þátt í einhvers konar þróunaraðstoðarvinnu eða hafa skrifað um þróunaraðstoð og þekkt því málin,“ segir Guðlaug. Hún bætir við að yfirskriftin vísi einnig til umræðunnar um hverjir það séu sem græða á þróunaraðstoðinni, stóru viðskiptalöndin eða þeir sem minna mega sín.

Inn á milli háalvarlegra erindanna verður svo boðið upp á örvun á öðrum skilningarvitum. Ingibjörg Haraldsdóttir les ljóð á fundinum og í lok hans leikur kvennasveitin Amina fyrir gesti. „Svo er mjög átakanleg en samt nauðsynleg myndasýning sem er látin rúlla allan fundinn,“ segir Guðlaug og á við sýningu á ljósmyndum sem Margrét M. Norðdahl myndlistarkona tók á flóðasvæðum Sri Lanka. „Myndirnar tengjast kannski ekki neinum beinum erindum heldur erum við að sýna fundarefnið myndrænt,“ segir Guðlaug og bætir við að myndir skilji oft meira eftir sig en hið talada orð.

Allir eru velkomnir á fundinn í Tjarnarsal og býst



GUÐLAUG ÞÓRA MARINÓSDÓTTIR Er hæstánægð með dagskrá fundarins sem haldinn er í tilefni alþjóðlegum friðardegi kvenna.

Guðlaug við að sjá mikinn fjölda fólks. „Í fyrri mættu á milli hundrað og hundrað og tuttugu manns svo þetta er stór fundur sem fer alltaf stækkandi,“ segir hún. Sérstaklega vill hún tiltaka að karlar séu alveg jafn vel-

komnir og konur á fundinum. „Því fleiri karlmenn, því skemmtilegra,“ segir hún og bætir við: „Þeir eru nú alltaf að sýna því sem við konurnar erum að gera meiri og meiri áhuga - sem er bara spennandi.“



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við fedgar aðstoðað við undirbúning útfara. Allhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990



Maria Jose Valdez

lést miðvikudaginn 1. mars. Jarðarförin verður fimmtudaginn 9. mars í Fossvogskapelli kl. 11.00. Jarðsett verður í Grafarvogskirkjugarðinum. Fyrir hönd aðstandenda,

Mila.



Ragna Lísa Eyvindsdóttir (Góa), Borgarheiði 13v, Hveragerði,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 9. mars kl. 15.00.

Eyvindur Ólafsson
Hjörtur Ólafsson
Hlynur Ólafsson
Ásta Katrín Ólafsdóttir
Lilja Björk Ólafsdóttir
Elva Ósk Ólafsdóttir

Sigríður R. Jónsdóttir
Svandís Ingimundardóttir
Þórdís Magnúsdóttir
Jóhannes Guðmundsson
Óskar Óskarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ágústu Maríu Ahrens

Georg Ahrens Hauksson
Erlendur Hauksson
Sonja Georgsdóttir
Ingi Haukur Georgsson
Ágústa Ruth Ahrens Georgsdóttir
Ólafur Haukur Erlendsson
Almar Þór Ingason
Haraldur Haukur Ingason og barnabarnabörn.

Ingibjörg Sveina Þórisdóttir
Kristín Helgadóttir
Sigrún Pétursdóttir
Ragnar Páll Dyer
Berglind Björgúlfsdóttir
Annemaría Alesdotter



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Guðmundsson

fyrirverandi rafvirkjameistari Pósts og síma, Suðurengi 30, Selfossi,

verður jarðsöngin frá Selfoskirkju laugardaginn 11. mars kl. 13.30.

Sóley Gunnvör Tómasdóttir
Þórunn Elin Halldórsdóttir
Hrafnhildur Halldórsdóttir
Þorbjörg Hjaltalín Halldórsdóttir
Halldór Halldórsdóttir
Jóhanna Hákonardóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.

Finnbogi Birgisson
Hersir Freyr Albertsson
Jón Lúdvíksson

Reykjavík, lést á Landspítala Hringbraut þriðjudaginn 28. febrúar.

Einar B. Jónsson, Borgarbraut 65a, Borgarnesi, lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi laugardaginn 25. febrúar.

Kolbrún Diego, Bergþórugötu 3, Reykjavík, lést á heimili sínu föstudaginn 3. mars.

Snæbjörg Ólafsdóttir, Hraunbæ 30, Reykjavík, lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja miðvikudaginn 1. mars.

Bára Signý Sigurvinsdóttir, Fjarð-

arstræti 55, Ísafirði, lést á heimili sínu föstudaginn 3. mars.

Ragna Lindberg Márausdóttir öðukennari frá Flekkudal Kjós, sjðar til heimilis í Austurbergi 12, lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 4. mars.

Sólveig Þórunn Hansdóttir frá Porkeri, Suðurey, Færeyjum, Baldursgötu 17b, Reykjavík, lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 22. febrúar.

JARÐARFARIR

13.00 **Kristín Jóhannesdóttir**, Þórsögðu 12, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju.

15.00 **Þorgerður S. Einarsdóttir** frá Hlíðarenda á Ísafirði, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur og afi,

Magnús Heimir Gíslason

Granaskjöldi 80, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 3. mars. Útförin verður gerð frá Neskirkju miðvikudaginn 15. mars kl. 15.00.

Gísli Þór Magnússon
Sif Eir Magnúsdóttir
Laufey Sæbjörg Guðjónsdóttir
Guðjón Már Gíslason

Guðrún Dóra Harðardóttir
Gylfi Már Logason
Elna Sigrún Sigurðardóttir og barnabörn.



Veldu nýjan Ford

Nýtt tákni um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bíla-merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bíla-merkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleika-stýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardinur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 gir	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i	1.790.000 kr.	1.884.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i	1.890.000 kr.	1.984.000 kr.
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i	1.940.000 kr.	2.034.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6i	1.990.000 kr.	2.084.000 kr.

Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppst 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílابلöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.



Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleika-stýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stíllanlegur hiti í framsætum
- Öryggisþúðar að framan
- Öryggisþúðar í hliðum
- Öryggisþúðagardinur
- ABS hmlakerfi
- EBD hmlajöfnun
- EBA hjálparhmlun
- Frjökornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstíllir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstíllanlegt stýri
- Geislasplari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómtæki
- Aksturstólva og úthitamælir

Hægt að fá aukalega:


- Bluetooth fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilar í lofti og skjár
- Fjöltengi fyrir heymartól
- Kæling í hanskahólf
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómtæki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifíð ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
 - hljómtæki
 - síma
 - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hiti fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnispegli
- Hraðastíllir
- Rafdrifin sólluga

Berðu saman bíla. Berðu saman Toyota Corolla við Ford Focus. Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

<p>● Ford Fiesta Trend 3 dyra 1,4i 5 gir* Kauverð 1.360.000 kr. Bílasamningur 18.930 kr. Rekstrarleiga 27.980 kr.</p>	<p>● Ford Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 gir* Kauverð 1.470.000 kr. Bílasamningur 19.990 kr. Rekstrarleiga 28.820 kr.</p>	<p>● Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gir* Kauverð 1.890.000 kr. Bílasamningur 25.730 kr. Rekstrarleiga 33.990 kr.</p>	<p>● Ford Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 gir* Kauverð 1.845.000 kr. Bílasamningur 25.000 kr. Rekstrarleiga 32.200 kr.</p>	<p>● Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i 5 gir* Kauverð 2.260.000 kr. Bílasamningur 30.785 kr. Rekstrarleiga 42.200 kr.</p>	<p>● Ford Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 gir* Kauverð 2.605.000 kr. Bílasamningur 35.480 kr. Rekstrarleiga 47.990 kr.</p>	<p>● Ford Mustang Deluxe Coupe 4,0i V6 5 gir* Kauverð 2.860.000 kr. Bílasamningur 38.960 kr.</p>
<p>● Ford Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur* Kauverð 2.690.000 kr. Bílasamningur 36.650 kr. Rekstrarleiga 48.980 kr.</p>	<p>● Ford Freestyle SEL 4x4 7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur* Kauverð 3.660.000 kr. Bílasamningur 46.950 kr. Rekstrarleiga 61.960 kr.</p>	<p>● Ford Explorer XLT 4x4 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* Kauverð 3.790.000 kr. Bílasamningur 51.630 kr. Rekstrarleiga 71.750 kr.</p>	<p>● Ford Expedition XLT 4x4 8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur* Kauverð 4.395.000 kr. Bílasamningur 59.870 kr. Rekstrarleiga 83.920 kr.</p>	<p>● Ford Ranger XL Crew Cab 4x4 4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gir* Kauverð 2.370.000 kr. Bílasamningur 32.280 kr. Rekstrarleiga 43.900 kr.</p>	<p>● Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4 4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur* Kauverð 3.495.000 kr. Bílasamningur 47.610 kr.</p>	<p>● Ford F350 Lariat Crew Cab 4x4 4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur* Kauverð 3.995.000 kr. Bílasamningur 54.420 kr.</p>



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílinum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælastu bíla-merkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntarkrfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuetírlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Focus er álfelgur og þokuljós; af Ranger er tvílitur.

STUÐ MILLI STRÍÐA Gljáandi tunga og ferskur andardráttur

MÖRTU MARÍU JÓNASDÓTTUR FINNST SKRÝTIÐ AÐ BURSTA Á SÉR TUNGUNA



Að bursta tennurnar er nokkuð sem mér var kennt þegar ég var lítil, það er samt svo arfalaugt síðan að ég man ekkert eftir því. Í sex eða sjö ára bekk kom skólahjúkrunarkonan inn í bekkinn og kenndi okkur að bursta tennurnar vel, snúa tannburstanum eftir kúnstarinnar reglum, fara í nokkra hringi yfir hverja tönn og gæta þess að skilja tannholdið ekki eftir. Hingað til hef ég haldið að ég gerði þetta allt saman hárrétt. Ég er meira að segja nokkuð snyrtileg við þessa iðju og gæti þess vel að halda tannkreminu í munnum áður en ég

skyrpi og hef munninn næstum því lokaðan meðan ég bursta.

Sömu sögu er ekki að segja um kærastann. Hann getur ekki burstað í sér tennurnar nema að spegillinn inni á baði verði alþakinn hvítum tannkremsslettum, sem fer mikið í taugarnar á mér. Ég geri því varla annað en að pússa spegillinn.

Í síðustu viku var ég í matarboði með vinkonum mínum þegar tannburstanir báru á góma. Þá kom í ljós að áttatíu prósent klúbbgæsta bursta alltaf á sér tunguna um leið og tennurnar. Ég rak upp stór augu því ég hafði aldrei heyrt þetta. Þegar ég kom heim spurði ég minn mann hvort hann burstaði í sér tunguna. Það stóð ekki á svarinu.

Auðvitað gerði hann það og þess vegna er spegillinn á baðherberginu allt allur í slettum. Það er sumse varla hægt að framkvæma þetta nema subba allt út. Ég hafði bara aldrei tekið eftir því.

Þegar ég kom í vinnuna daginn eftir spurði ég samstarfsfélagana og get ég upplýst að um helmingur starfsmanna Fréttablaðsins burstar á sér tunguna. Þegar ég bað um skýringar kom ýmislegt í ljós. Besta skýringin var þó að fyrrverandi eiginkona eins hafi krafist þess að hann burstaði á sér tunguna svo hún gæti haldið áfram að vera með honum. Þau skildu reyndar stuttu síðar en ég held að það sé tunguburstaninni algerlega óviðkomandi.

40
+ 90 I. vinningur

130
milljónir

Bónus-
vinningur
5
milljónir

Milljónir
á lausu

Kauptu miða, kannski er ein ætluð þér?

Potturinn stefnir í 40 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 90 milljónir og bónusvinningurinn í 5 milljónir.

Vertu með fyrir kl. 17.

VÍKINGA
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

myndasögur

Pondus



Eftir Frode Overli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og pa



Eftir SÖB

Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

Dana Reeve látin

Dana Reeve, ekkja leikarans Christopher Reeve, lést á mánudaginn eftir erfiða en hetjulega baráttu við lungnkrabbamein. Hún var 44 ára gömul og hafði aldrei reykt. Dana var eiginmanni sínum stöð og stytta þegar hann lamaðist frá hálsi eftir að hafa fallið af hestbaki árið 1995 en hjónin stofnuðu samtök sem leituðust við að finna lækningu á mænuskaða. Vakti Dana mikla athygli fyrir framgöngu sína og hlaut aðdáun samferðarmanna sinna fyrir.

Á fjáröflunarsamkomu sem haldin var fyrir fjórum mánuðum leit Dana mjög vel út og lýsti því yfir að líkami sinn brygðist vel við meðferðinni. „Æxlið er að minnka,“ sagði hún við blaðamenn. Síðan kom

bakslag og var Dana lögð inn á Memorial Sloan - Kettering Medical Center þar sem hún dó.

Að sögn Kathy Lewis, sem tók við formennsku Christopher Reeve samtakanna eftir að Dana veiktist, glataði leikkonan aldrei húmor sínum eða vilja og sagðist hafa bestu fyrirmynd sem nokkur manneskja gæti hugsað sér. „Ég var gift manni sem gafst aldrei upp,“ sagði hún.

Hjónin eignuðust einn son sem nú er þrettán ára en Christopher Reeve á tvö börn frá fyrra hjónabandi. ■

CHRISTOPHER REEVE OG DANA Hjónin eru bæði horfin á vit feðra sinna en þau börðust mikið fyrir því að lækning myndist á mænuskaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Clooney heldur sig við listina

George Clooney segist vera haldinn sambúðarhræðslu og hann sé til einskis nýtur í samböndum. Þetta er reyndar gömul saga og ný því Clooney hefur gengið hörmulega að festa ráð sitt þrátt fyrir að hafa verið í tygjum við drottningar á borð Renee Zellweger og Lisu Snowdown.

Götublaðið The Sun hefur eftir Clooney að honum hafi mistekist í öll skiptin sem hann hafi reynt að stíga í vænginn við hitt kynið. „Sambandsslitin hafa alltaf verið mér að kenna. Ég nýt velgengni í starfi en ekki í þessum málum. Ég gef sennilega aldrei út bókina Stefnumót í hvernig á að komast á sjens,“ hélt George áfram og hafði húmor fyrir kærustuleysi sínu. „Ég held mig bara við leikstjórnina í þá list kann ég best.“



GEORGE CLOONEY Leikarinn hefur ekki haft heppnina með sér í ástarmálum en nýtur mikillar velgengni í starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brad Pitt hefur valið nöfn á barnið sitt og Angelinu að sögn The Daily Express. Pitt vill að barnið heiti Jess ef um stelpu er að ræða en annars James. Að sögn leikarans valdi hann nöfnin vegna þess að barnið kom undir þegar hann var að leika í myndinni The Assassination of Jesse James.



Madonna segir koss hennar og Britney Spears hafa valdið miklu hugarangri hjá dóttur hennar, Lourdes. Madonna útskýrði málið fyrir Lourdes á þann hátt að hún væri mömmu-poppstjarnan og Britney væri barna-poppstjarnan. „Ég kyssti hana til að gefa henni orkuna mína,“ sagði Madonna við dóttur sína.



Ljósmyndarinn Juergen Teller er ekki svo hrifinn af Kate Moss og finnst hún ekki eiga skilið að vera dýrkuð og dáð jafn mikið og raun ber vitni. „Mér finnst hún ekki líta vel á neinum ljósmyndum frá síðustu fimm árum. Það er eins og það nægi henni að líta svolítið út eins og Kate Moss. Ég næ þessu ekki, hún er alveg falleg en það eru líka margar aðrar fyrirsætur,“ sagði Juergen.



Leikkonan Reese Witherspoon segir Avu dóttur sína halda sér niðri á jörðinni nú þegar hún hefur unnið Óskarinn. „Þegar ég sagði við hana: -Elskan mín, mamma vann verðlaunin í gær. Þá segir hún: -Ég veit, en ég var að missa tönn fyrir tveimur dögum svo ég er fyrsti krakkinn til að missa tönn í mars. Henni finnst þetta ekki merkilegra en svo og heldur mér niðri á jörðinni.“



Verkefni um orku og orkumál í grunnskólum

Enn er mánuður til stefnu til að skila úrlausnum í samkeppnina

Frá áramótum hefur grunnskólanemum á öllum aldri staðið til boða að taka þátt í samkeppni um úrlausn á verkefnum um orku og orkumál.

Margir skólar hafa sýnt fræðslufni á vef Landsvirkjunar áhuga og nýtt sér það.

Við hvetjum nemendur, kennara og foreldra til að kynna sér fræðslufnið og verkefni í samkeppninni og senda inn úrlausnir fyrir **8. apríl** nk.

Auk viðurkenninga fyrir þátttökuna fá nokkrir nemendur að taka þátt í að leggja hornstein að Kárahnjúkavirkjun ásamt forseta Íslands 12. maí nk.

Nánari upplýsingar eru á vef Landsvirkjunar: www.lv.is

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

Tónlistarfólk heiðrar Jón



Kl 16.30
Gunnar Hersveinn heimspekingur skoðar arfmyndir kynjanna í auglýsingum á Menningartorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í stofu K201 á Sólborg við Norðurlóð.

Fjöldmargir íslenskir tónlistarmenn ætla að heiðra tónskáldið Jón Nordal með því að flytja tónlist hans, en Jón varð áttæður núna á mánudaginn. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður til tónleika í Háskólabíói annað kvöld þar sem flutt verða fimm verk eftir Jón Nordal, sem er eitt af fremstu tónskáldum þjóðarinnar.

Fimm einleikarar koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á þessum tónleikum, þau Víkingur Ólafsson pianóleikari, fiðluleikararnir Guðný Guðmundsdóttir og Ásdís Valdímarsdóttir, Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Erling Blöndal Bengtsson sellóleikari. Stjórnandi á tónleikunum er Petri Sakari.

Á undan tónleikunum, sem hefjast klukkan 19.30 annað kvöld, verður Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar með tónleikakynningu í Sunnusál Hotel Sögu. Þar ætla Arni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur að veita tónleikagestum gagnlega innsýn í tónverk Jóns.

Á sunnudaginn verða síðan tónleikar Tríos



Reykjavíkur helgaðir tónlist Jóns Nordal. Tríoíð skipa þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Maté pianóleikari. Tríoíð heldur reglulega tónleika í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, og hafa þau ákveðið að flytja tónlist eftir Jón Nordal á þessum tónleikum, sem hefjast klukkan 20 á sunnudagskvöldið.

> Ekki missa af ...

... sýningum á málverkum þeirra **Snorra Arinbjarnar** og **Gunnlaugs Blöndal** sem nú standa yfir í Listasafni Íslands.

... sýningum þeirra **Péturs Gauts** og **Sigrúnar Harðar**, sem báðar voru opnaðar um síðustu helgi í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

... sýningu íslenskra blaðaljósmyndara á **Myndum ársins 2005** sem nú stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi.

menning

menning@frettabladid.is



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

5 6 7 8 9 10 11

Miðvikudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

12.30 **Magnea Árnadóttir** flautuleikari og **Páll Eyjólfsson** gítarleikari koma fram á Háskólatónleikum í Norraena húsinu og þar munu þau flytja verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Porkel Sigurbjörnsson.

21.00 Djasskvartettinn **Skófílar** kemur fram á öðrum tónleikum djassklúbbsins Múlans í Þjóðleikhúskjallaranum og leikur frumsamda tónlist.

■ ■ FYRIRLESTRAR

12.00 **James Andrew McDonald** mannfræðingur fjallar um menningararfleifð, hnattvæðingu og rannsóknarsamstarf með frumbyggjum norðurlóða á Félagsvísindartorgi Háskólans á Akureyri í stofu L201 á Sólborg.

16.30 **Gunnar Hersveinn** heimspekingur skoðar arfmyndir kynjanna í auglýsingum á Menningartorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í stofu K201 á Sólborg við Norðurlóð.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



SKÓFÍLAR Þeir leika djass í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

VILTU KITLA HLÁTURTAUGARNAR? MIÐASALAN HEFST Á FÖSTUDAGINN Í BORGARLEIKHÚSINU

FULLKOMMA BRÚÐKAUP

NÚ LOKSINS Í REYKJAVÍK!

Nú er vinsælasta leiksýning LA frá upphafi komin suður. Tólf þús. gestir sáu sýninguna á Akureyri.

Miðasala hefst föstudaginn 10. mars kl. 10.00 í Borgarleikhúsinu í síma 568 8000. Ef greitt er með VISA kreditkortu er miðaverð kr. 1.800,- á fyrstu sýningarnar. Fyrsta sýning verður 30. apríl.

VISA Egils Molder ehf.

Spilandi Skófílar

Á djasstónleikum í Múlanum í kvöld kemur fram kvartettinn Skófílar, sem hóf feril sinn með því að leika tónlist eftir bandaríska djassarann Paul Scofield. Það var fyrir tveimur eða þremur árum. Núna eru þeir byrjaðir að flytja eigin tónlist, þótt andi Scofields sé ekki langt undan.

„Mest er þetta tónlist eftir Ásgeir sem við erum að flytja, en ég á eitthvað í þessu líka,“ segir Ólafur Jónsson saxófónleikari. Með honum spila þeir Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari, Róbert Þórhallsson bassaleikari og Erik Qvick trommuleikari.

„Þetta er svolítið myndið og kjánalegt nafn,“ segir Ólafur, en bætir því við að kvartettinn sé kominn til að vera. Tónsmíðarnar eru í svipuðum anda og tíðkast í djassheiminum í dag, þar sem

flest er leyfilegt. „Það er farið úr einu í annað, verið að rannsaka ýmsar takttegundir og fleira, allt frá því að vera hefðbundið upp í að vera kannski svolítið abstrakt.“

Djassklúbburinn Múlinn hefur staðið fyrir reglulegu tónleikahaldi árum saman. Nú í vetur hefur hann haft aðsetur í Þjóðleikhúskjallaranum, framan af á sunnudagskvöldum en er núna kominn yfir á miðvikudagskvöldin.

„Þetta er hin fínasta dagskrá sem er fram undan,“ segir Ólafur, sem er einn af forsvarsmönnum Múlans.

„Þarna eru nokkur kunnugleg andlit og síðan einhverjir nýir að koma inn, eins og til dæmis Reynir Sigurðsson, sem ég held að hafi aldrei spilað á Múlanum áður, og líka Eiríkur Orri trompetleikari sem er að koma úr námi. Síðan verður Jól Pálsson með nýja frumsamda tónlist og svo klárar Kristjana Stefáns þetta 17. maí með tónleikum helguðum söngkonunni Abbey Lincoln.“ ■

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 12.03 kl: 13.30
Sun 19.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Le Sing
Syngjandi þjónar
 Ein vinsælasta leiksýning landsins.
 Alltaf laugardaga
 Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
 Sími: 533-1100

Nína og Geiri
 söngbók
 Björgvins Halldórssonar
 Leikstjóri: Gunnar Helgason
 17. mars. Fö borð laus
 18. mars. Fö borð laus
 25. mars. Fö borð laus
 22. apríl. Aukasýning
 Ögryddir miðar seldir
 hálfummanúði fyrir viðburð.
 5331100
 Netfang: midasala@broadway.is
Aðeins þessar sýningar

ÖSKUBUSKA
 ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
SÍÐUSTU SÝNINGAR
 9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
 10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS - LOKASÝNING
 „Á meðan jafn vel tekst til og á þessu kvöldi þarf vart að hafa áhyggjur af framtíð Íslensku óperunnar“
 R.Ó.P Morgunblaðinu
KYNNING FYRIR SÝNINGU - KL. 19.15
 Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku Óperunnar.
 Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalin í miðaverði.
 www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
 Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
 ÍSLENSKA ÓPERAN

HIMNARÍKI
 Geðklofin gattaleikur
 eftir Árna íben
 Fös. 10. mars. kl. 20
 Lau. 18. mars. kl. 20
SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!
EF
 eftir Valgeir Skagfjörð/
 Einar Mú Guðmundsson
 Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT
 Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT
 Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT
VIÐTALIÐ
 eftir Láilu Margræti Arnþórsdóttur
 lau. 11. mars kl. 20
 sun. 12. mars kl. 20
 fös. 17. mars kl. 20
 sun. 19. mars kl. 20
 fös. 24. mars kl. 20
 sun. 26. mars kl. 20
 Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
 Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS.
 Lau 18/3 kl. 14 UPPS. Su 19/3 kl. 14 UPPS.
 Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS.
CARMEN
 Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20
 Lau 25/3 kl. 20
TALAUÐU VIÐ MIG -ÍD-
 Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort
 Su 19/3 kl. 20 Græn kort
 Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20
WOYZECK
 Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU
 Fi 13/4 kl. 14 Lau 15/4 kl. 14
 Má 17/4 kl. 14 Fi 20/4 kl. 14
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
 Su 30/4 kl. 20 Þri 2/5 kl. 20
 Mi 3/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Nýja svið / Litla svið
BELGÍSKA KONGÓ
 Fö 10/3 kl. 20 UPPS. Lau 11/3 kl. 20 UPPS.
 Su 12/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 UPPS.
 Fi 23/3 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
 Fi 9/3 kl. 20 Mi 15/3 kl. 20
 Fi 16/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
 Lau 25/3 kl. 20 UPPSELT Fi 30/3 kl. 20
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK
HUNGUR
 Í kvöld kl. 20 UPPSELT Fi 9/3 kl. 20
 Fi 16/3 kl. 20 Fö 17/3 kl. 20
 Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20
ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI
NAGLINN
 Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 UPPSELT
 Lau 18/3 kl. 20 UPPS. Su 19/3 kl. 20 UPPS.
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
 Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20
 Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
 Aukasýningar í mars: Sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 örfá sæti laus, sun. 26/3 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar.**
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
 Aukasýning sun. 12/3 kl. 13:00 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**
VIRKJUNIN
 3. sýn. fim. 9/3 nokkur sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 16/3 nokkur sæti laus, 7. sýn. fös. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 18/3, 9. sýn. fös. 24/3, 10. sýn. lau. 25/3. **Aðeins þessar 10 sýningar.**
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
 Í kvöld mið. 8/3 **uppsekt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppsekt**, sun. 12/3 **uppsekt**, mið. 15/3 **uppsekt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppsekt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppsekt** og kl. 20:00 **uppsekt**, mið. 22/3 **uppsekt**, fim. 23/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppsekt**, sun. 26/3 kl. 17:00, fim. 30/3, fös. 31/3.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
 Sun. 12/3 kl. 18:00 **uppsekt**.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
 Fim 9/3 **uppsekt**, fös. 10/3 **uppsekt**, lau. 11/3 **uppsekt**, fim. 16/3 örfá sæti laus, fös. 17/3 **uppsekt**, lau. 18/3 **uppsekt**, fös. 24/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 örfá sæti laus. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**
LEIKHÚSKJALLARINN
Jassklúbburinn Múlinn - Kvartettinn Skófilar - Í kvöld mið. 8/3 kl. 21:00.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
 Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
 Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.
 MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
 AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
 MIÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Mörg fleiri tilboð

TILBOÐ!

Tilboð
 Sófasett
 Microfiber ákl.
 3+2+1
 Verð áður 153.900,-
Tilboð 109.900,-
 3+1+1
 Verð áður 138.800,-
Tilboð 99.900,-

-50%
 Borðstofuborð og
 6 Bycast leðurstólar
 Verð áður 192.800,-
Tilboð 96.400,-
 Borðstofuborð, skenkur,
 6 stólar (2 m. örmum)
 Verð áður 344.000,-
Tilboð 172.000,-

Hornskápur:
 Verð áður 110.000,-
Tilboð 55.00,-

1600m² sýningarsalur • Tjarnargötu 2 • Reykjaneshæ • 421 3377 • www.bustod.is

BÚSTOÐ
þýður betur!



Doppótt tilvera

Doppur eru eitt af þeim tísku-fyrirbrigðum sem verða áberandi í vortískunni. Þær minna óneitanlega á fyrri tíma og yfir þeim er einhver rómantískur sjarmi. Hér erum við að tala um smá-doppótt, jafnvel svartan grunn með hvítum doppum. Það má líka ganga í blá-doppóttu og rauð-doppóttu. Mikið er um gegn-sæja toppa og skyrta og þá er kannski dömulegra að vera í hlýraból innanundir svo viðkomandi sé ekki með allt í beinni.

HEITAR Stutt-stuttbuxur koma óheyrilega sterkar inn í vortískunni. Þessar eru fallegar við 80 den sokkabuxur. Þær fást í Oasis í Kringlunni.

HÁLFEGN-SÆ SKYRTA Úr versluninni Oasis í Kringlunni.



KVENLEGAR LÍNUR Doppótt pils úr versluninni Oasis í Kringlunni.

DÖNSK VORSÓL Dansk hönnuðurinn Malene Birger leggur áherslu á risastór sólgleraugu í vortískunni. Þau fást í versluninni Kultur.

LEIKKONAN Kristin Scott Thomas er í doppóttu.



Fimm þúsund sáu kvikmyndina Crash

Óskarsverðlaunin voru afhent á sunnudaginn og það hefur væntanlega ekki farið fram hjá neinum að kvikmynd Paul Haggis, Crash, var valin besta myndin. Hún gekk ágætlega hér á landi en samkvæmt upplýsingum frá SMÁÍS sáu fimm þúsund manns hana á níu vikum. Vegna velgengni hennar á hátíðinni er myndin væntanlega á leiðinni í kvikmyndahús á ný og verð-



BROKEBACK MOUNTAIN Um þrettán þúsund manns hafa séð myndina sem flestir spekingar höfðu spáð sigri á hátíðinni.



KING KONG Fékk þrjú Óskara en um fjórutíu þúsund manns hafa séð górríluna íturvöxnu.

ur forvitnilegt að sjá hvort íslenskir kvikmyndahúsagestir taki við sér nú þegar Óskarsstyttnan er komin á plakatið.

Aðsóknartölur Crash komast þó ekki í hálfkvísi við helsta keppinautinn, Brokeback Mountain, sem yfir þrettán þúsund manns hafa séð á átta vikum samkvæmt upplýsingum frá SMÁÍS. Tíu þúsund hafa borgað sig inn á Munich á sex vikum en hún var einnig tilnefnd sem besta myndin. Good Night and Good Luck og Capote, sem voru í þessum sama flokki, hafa verið sýndar í mun skemmri tíma en um tvö þúsund manns hafa séð þær.

Þess má svo til gamans geta að yfir ellefu þúsund manns sáu Wallace & Gromit en hún vann Óskarinn sem besta teiknimyndin og tólf þúsund sáu mörgæsamyndina La Marche de l'empereur. Memoirs of a Geisha og King Kong, sem báðar tóku þrjú Óskara, hafa átt ólíku gengi að fagna meðal kvikmyndahúsagesta. Fjórutíu þúsund manns hafa séð aþann en um sjö þúsund manns geisjuna.

Fjölmíðlar beggja vegna Atlantshafsins hafa velt vöngum yfir því af hverju Crash vann Óskarinn en margir virðast hafa gleymt því að myndin var hlaðin lofi af gagnrýnendum um allan heim. Á það hefur einnig verið bent að Crash fjalli um Bandaríkin og dulið kynþáttahatur sem virðist lífa góðu lífi meðal íbúa þar vestra. Þá gæti



CRASH Paul Haggis og Cathy Schulman ásamt Jack Nicholson með stytturnar góðu sem Crash fékk fyrir bestu myndina en eingöngu fimm þúsund manns sáu hana hér á landi.

verið að fellibylurinn Katrín hefði sitthvað að segja en hún afhjúpaði bágar aðstæður blökkumanna í einu ríkasta landi heims. Ekki má

heldur gleyma því að forseti Akademíunnar, Sid Ganis, gerði það að umtalsefni í ræðu sinni hversu vel kvikmyndaiðnaðurinn ætlaði sér

að styðja við bakið á íbúum New Orleans. Þessar vísbendingar hefðu átt að hringja einhverjum bjöllum. - fgg

★★★★★ H.V.H., Kastljósið - RÚV
★★★★★ P.B.B., DV

„...besta sýning á klassísku verki sem ég hef séð.“ P.T., Mbl
„Listrænn sigur.“ S.S., Fbl

PÉTUR GAUTUR

eftir Henrik Ibsen Leikstjórn og leikgerð: Baltasar Kormákur

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

KASSINN er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Landsbankans

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



RACHEL WEISZ Hún segir meðgönguna gera það að verkum að heilinn á sér starfi ekki eðlilega. Eflaust góð afsökun fyrir því að gleyma að þakka unnustanum í ræðunni.

Gat ekki hugsað á sviðinu

Óskarsverðlaunahafinn Rachel Weisz taldi sig einungis hafa ímyndað sér það þegar nafnið hennar var kallað upp á Óskarsverðlaunafendingunni en hún segist eiga það til að rugla svolítið núna þegar á meðgöngunni stendur.

„Með allt þetta stress og adrenalínið flæðandi var barnið alveg á fullu. Þegar ég kom upp á svið þá fannst mér þetta allt svo yfirþyrmandi að ég hefði ekki

getað sagt neinum nafnið mitt,“ segir Weisz, sem er komin sjö mánuði á leið og sér ósköp mikið eftir því að hafa ekki þakkað unnusta sínum Darren Aronofsky. „Ég held að þetta sé meðgöngunni að kenna. Heilinn á mér er eitthvað skrítninn þessa dagana og ég varð algjörlega tóm þegar ég kom upp á sviðið. Ég gat gjörsamlega ekki hugsað. Þetta er óskaplega skrítn tilfinning,“ sagði Weisz.

Pétur Gautur vígði Kassann

Þjóðleikhúsið vígði nýtt svið sem ber heitið Kassinn með pomp og prakt á laugardaginn, með frumsýningu á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen í leikstjórn Baltasars Kormáks.



LEIKARAR HEIÐRAÐIR Sjö leikarar sem komu að vígslu Þjóðleikhússins fyrir meira en hálfri öld voru heiðraðir fyrir störf sín í þágu leikhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Einn tryggasti fastagestur leikhússins, Guðrún Árnadóttir, fékk þann heiður að klippa á borða sem strengdur var fremst á sviðið, en hún hefur mætt á hverja einustu frumsýningu á Stóra sviðinu frá vígsludegi Þjóðleikhússins árið 1950.

Þá voru sjö leikarar heiðraðir fyrir sýningu, þau Árni Tryggvason, Baldvin Halldórsson, Bryndís Pétursdóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Róbert Arnfinnsson og Steindór Hjörleifsson. Öll eiga þau sameiginlegt að hafa komið að vígslu Þjóðleikhússins á sínum tíma og voru þeim færðar táknrænar þakkir fyrir starf sitt í gegnum árin.

bergsteinn@frettabladid.is



LEIKHÚSSTJÓRINN OG ÞINGMAÐURINN Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri og Kolbrún Halldórsdóttir, alþingismaður og leikstjóri, létu sig ekki vanta.



TRYGGASTI GESTURINN Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans sem er einn af bakhjörllum Þjóðleikhússins, og Guðrún Árnadóttir sem hefur mætt á allar sýningar á Stóra sviðinu síðan 1950. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ónefnd lög

Næsta plata Prince, 3121, kemur út hinn 21. mars og er þetta fyrsta plata hans hjá hljómplötufrirtækinu Universal.

Þrátt fyrir að stutt sé í útgáfudaginn á Prince enn eftir að nefna sjö af þeim tólf lögum sem eru á plötunni. Prince, sem þykir nokkuð sérvitur, hefur ekki viljað útskýra titil plötunnar en segir að útgáfudagurinn hafi einfaldlega verið ákveðinn 21. mars vegna titilsins.

Fjólublár miði mun fylgja einhverjum eintökum plötunnar. Munu hinir heppnu fá aðgang að tónleikum sem kappinn ætlar að halda á heimili sínu, Paisley Park í Minneapolis.

Síðasta plata Prince, Musicology, kom út fyrir tveimur árum og hlaut mjög góðar viðtökur. ■



EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL Velunnari bögbósa. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Síðustu forvöð leirskálda

Frestur til að hnoða saman og skila inn ljóðum í Íslandsmeistaramót Nýhills í ömurlegri ljóðlist rennur út á miðnætti í kvöld. Í tilkynningu frá ólátabelgunum segir að tillit verði tekið „til asnalegra myndlíkinga, klaufalegs orðalags og ósmekklegs umfjöllunarefnis, auk annarra stílbragða ömurðarinnar sem dómnefnd þykir rétt að hafa til viðmiðunar“.

Tilurð keppninnar má rekja til draumfara ísfiriska nýhilistans Eiríks Arnar Norðdahl. Hann dreyndi um bögbósa sem orti svo lélegt ljóð að því var slegið upp á forsiðu DV. Hugmyndin þótti Eiríki svo góð að hann ákvað að taka slaginn og efna til Íslandsmeistaramóts í lélegri ljóðlist.

Til stóð að verðlauna mesta leirburðinn 15. mars en ákveðið var að fresta athöfninni til föstudagsins 17. mars. Ljóðum skal skilað á kolbrunarskald@simnet.is en glæsileg bókagjöf er í vinning fyrir ömurlegasta ljóðið. ■

car

The leading British magazine Car came in the January 2006 to the same conclusion as so many other judging panels:

THE COMPETITORS FOR THE 2005 CAR OF THE YEAR:

ALFA ROMEO 159 LEXUS RX 400H JAGUAR XJD
RANGE ROVER SPORT HONDA CIVIC
BMW 3-SERIES SUZUKI SWIFT RENAULT CLIO
TOYOTA AYGO MERCEDES BENZ S-CLASS

THE
WINNER:
2005
CAR OF
THE YEAR




Suzuki Swift er bill sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bill ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílblaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year“ 2005 af virtasta bílblaði Bretlands „Car magazine“.

Hann var valinn bill ársins á Írlandi, Nýja-Sjálandi, Austrálu, Kína, Malasíu og Japan. Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award“ og „Design award of the year“.



SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



FRUMSÝNING

SYRIANA KL. 6-8-10:40 B.I. 16
SYRIANA VIP KL. 4:45-8-10:40
BLÓÐBÖND KL. 4-6-8-10:10
CASANOVA KL. 3:30-5:45-8-10:20
NORTH COUNTRY KL. 8 B.I. 12
BAMBI 2 ísl. tal KL. 4-6
DERAILED KL. 10:40 B.I. 16
MUNICH KL. 9 B.I. 16
OLIVER TWIST KL. 3:30 B.I. 12
KING KONG KL. 4 B.I. 12

ÁLFABAKKI S: 587-8900

UNDERWORLD 2 KL. 8-10:10 B.I. 16
CASANOVA KL. 8-10:10

BLÓÐBÖND KL. 6-8-10
PRIDE & PREJUDICE KL. 5:45-8-10:15
BAMBI 2 ísl. tal KL. 6

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

THE PINK PANTHER KL. 6-8-10:10
BLÓÐBÖND KL. 6-8-10:10
UNDERWORLD 2 KL. 10:30 B.I. 16
DERAILED KL. 8:15 B.I. 16
BAMBI 2 ísl. tal KL. 6

KRINGLAN S: 588-0800

SYRIANA KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16
CRASH 5:45-8-10:15 B.I. 16
BLÓÐBÖND KL. 6-8-10
MUNICH KL. 5:50-9 B.I. 16
PRIDE & PREJUDICE KL. 5:45-8:15

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Amerískur Allen í London

KVIKMYNDIR

UMFJÖLLUN

Woody Allen er skemmtilegur leikstjóri. Mistækur að vísu en hann er í toppformi í Match Point, sem er hans besta mynd í mörg ár. Myndin er því himnasending fyrir aðdáendur leikstjórans og ætti þar fyrir utan að höfða til allra sem standa fyrir utan þann þröngsýna hóp sem hefur gert það að íþrótt að hatast við Allen.

Match Point er mannlegur harmleikur um góðan dreng sem spillist af hvötum sínum og kemur sér í slík óefni að hann finnur sig knúinn til að gripa til örþrifaráða. Allen keyrir myndina sem fyrr á persónusköpun og samtölum og atburðarásin er hæg. Hann gefur sér góðan tíma til að kynna persónurnar og skapa með þeim samúð sem gefur tragedíunni mikinn slagkraft þegar ósköpin dýnja yfir.

Myndin gerist í London en það eru í raun stórtíðindi að Allen skuli færa sig frá gríðlandi sínu Manhattan. Þessi tilbreyting virkar vel enda er Allen í eðli sínu Evrópu-maður. Hér eru mætt til leiks yfirstéttastökinin Chloe og Tom en tilvera þeirra snýst um að leppja hanastél, spila tennis og fara í óperuna. Vinskapur tekst með írsku tennisleikaranum Chris, sem endar með því að giftast Chloe. Nola, kærasta Toms, skemur svo þessa draumaveröld Chris sem telur sig heldur betur vera kominn í álnir. Nola er misheppnuð bandarísk leikkona en löðrandi í slíkum kynþokka að Chris fær ekki staðist töfra hennar. Þau taka upp leynilegt ástarsamband sem vindur heldur betur upp á sig þegar Tom og Nola slíta samvistum.

Chloe hefur lagt fram skýlausa kröfu um að hún og Chris eignist barn. Eitthvað gengur getnaðurinn brösulega, sem verður til þess að Chris missir kynferðislegan áhuga á konu sinni en langanir hans til Nolu magnast að sama skapi. Til að bæta svo gráu ofan á svart tekst honum að barna viðhaldið á meðan hvorki gengur né rekur í þeim efnum í hjónasænginni.

Nola ætlar sér ekki að ala barnið upp ein og leggur hart að Chris



MATCH POINT

LEIKSTJÓRI: WOODY ALLEN

Aðalhlutverk: Jonathan Rhys Meyers, Scarlett Johansson, Emily Mortimer.

Niðurstaða: Myndin er himnasending fyrir aðdáendur leikstjórans og ætti þar fyrir utan að höfða til allra annarra sem standa fyrir utan þann þröngsýna hóp sem hefur gert það að íþrótt að hatast við Allen.

að fara frá Chloe. Hann er hins vegar orðinn svo háður gljálfi yfirstéttarinnar að hann getur ekki hugsað sér að snúa baki við eiginkonu sinni. Lygavefurinn þéttist og hann reynir að spila bæði á eiginkonu og viðhald þar til allt fer til andskotans.

Þetta er auðvitað eldgömul tugga en í meðförum Allens gengur gamla viðhaldsklisjan í endurnýjun lífdaga og það er óhætt að segja að hér snúi hann hressilega upp á staðalmyndir tálkvendisins og ólánsama aumingjans sem lætur gredduna tortíma sér. Match Point er í raun film noir í dulargervi. Hægfara spennumynd sem kemur skemmtilega á óvart þegar upp er staðið.

Match Point er flott mynd. London býður upp á fallegar sviðsmyndir og tónlistin er vel valin eins og Allens er von og vísa. Hann bregður á leik með tökuvélina og nær miklu út úr leikurunum. Jonathan Rhys Meyers stendur sig með sóma og Scarlett Johansson er auðvitað yndi í alla staði, brjálæðislega ógrandi og sexi annars vegar og hins vegar lítil, brothætt og varnarlaus. Þá setja öndvegismennirnir Ewen Bremner og James Nesbitt skemmtilegan svip á myndina í litlum hlutverkum tveggja rannsóknarlögreglumanna.

Það leikur allt í höndunum á Allen að þessu sinni og niðurstaðan er eðlærma sem ætti að heilla áhorfendur langt út fyrir dyggesta aðdáendahóp leikstjórans.

Þórarinn Þórarinnsson



CHELSEA-MENN það þarf aðeins eitt til að vinna: PENINGA!

Spilaðu í Lengjunni og þú gætir unnið.

MEISTARADEILDIN er á Lengjunni. Fylltu út sedil á lengjan.is eða á næsta sölustað og hleyptu enn meiri spennu í leikina.

MÍÐVIKUDAGUR 8. MARS

	1	X	2
19:50 Arsenal - Real Madrid	2,20	2,60	2,45
19:50 Liverpool - Benfica	1,30	3,50	5,15
19:50 Milan - Bayern München	1,80	2,80	3,00
19:50 Lyon - PSV Eindhoven	1,45	3,10	4,25

Þetta er bara eitt dæmi um hvernig þú gætir margfaldað peningana þína á Lengjunni.

Upphæð **1.000** kr.
 Stuðull **40.22**
Vinningur 40.220 kr.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



WWW.LENGJAN.IS



Útlendingar í farabroddi

„Það er ekkert launungarmál að liðið verður byggt mikið upp á erlendum leikmönnum“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, við Fréttablaðið í gær. Liðið hefur fengið Bandaríkjamann að nafni Ryan Martin til sín á reynslu og von er á fleiri erlendum leikmönnum til Eyjamaða, sem hafa misst marga leikmenn frá síðasta sumri.

sport
sport@frettabladid.is

UNDANÚRSLIT EVRÓPUKEPPNANNA Í HANDBOLTANUM: SEX ÍSLENDINGAR EFTIR Í EHF-KEPPNINI

Þrír Íslendingar verða í úrslitaleiknum

Það verða sannkallaðir Íslendingaslagir á dagskrá í undanúrslitum EHF-keppninnar í handbolta en þá mætast Gummersbach og Lemgo annars vegar og Créteil og Göppingen hins vegar. Dreigið var í undanúrslit í öllum Evrópukeppnum handboltans í gær og eru margir áhugaverðir leikir framundan. Alls eru sex íslenskir leikmenn á mála hjá liðunum sem eftir eru í EHF-keppninni. Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson eru hjá Gummersbach og Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson eru hjá Lemgo, og þá spilar Bjarni Fritzon með Créteil og Jalesky Garcia með Göppingen. Það verða því þrír Íslendingar í úrslitaleiknum

um í vor, hvernig sem undanúrslitin fara. „Þetta ætti að verða æsispennandi. Liðin skildu jöfn þegar við mætumst í deildinni í vetur og það verður gaman að kljást við Íslendingana,“ sagði Guðjón Valur við Fréttablaðið í gær en hann á persónulegan titil að verja eftir að hafa unnið EHF-keppnina með Essen í fyrra. „Eg hefði ekkert á móti því að vinna aftur,“ sagði Guðjón Valur og hló. Logi Geirsson segir Gummersbach hafa verið erfiðasta mótherjann í hattinum og býst við hörkuleik. „Þetta er frábært. Flestir sam-

herjar mínir hefðu frekar viljað mæta Gummersbach í úrslitum en ég er mjög sáttur við að mæta þeim núna. Liðið er á miklu skriði og ég held að við tökum þá,“ sagði Logi óhræddur, en liðin mætast í þýsku deildinni á laugardag og ætti því að vera um nokkurs konar upphitun að ræða þar fyrir Evrópukeppnina. Sjöundi og síðasti Íslendingurinn í Evrópukeppninni, Ólafur Stefánsson, fer með liði sínu, Ciudad Real, til Þýskalands og tekur á móti Flensburg í undanúrslitum Meistaradeildarinnar en í hinni viðureigninni eigast við Fotéx Veszprém frá Ungverjalandi og Portland San Antonio frá Spáni.



> Kristinn Hafliðason í Val

Valsmenn hafa fengið góðan liðsstyrk fyrir komandi átök í Landsbankadeild karla en Kristinn Hafliðason hefur ákveðið að ganga til liðs við félagið. Kristinn yfirgefur Þrótt til að ganga í raðir Hlíðarendaliðsins en hann hefur meðal annars spilað með KR, Fram, Víkingi og ÍBV fyrr á ferlinum. Valsmenn hafa misst marga miðjumenn frá síðasta ári og því er hinn 31 árs gamli Kristinn kærkomin viðbót í leikmannahóp Vals.



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR Verður ekki með á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ísland mætir Englandi:

Ásthildur getur ekki spilað

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliði Ásthildur Helgadóttir verður ekki með liðinu sem mætir Englandi í vináttulandsleik í Norwich á föstudaginn. Ásthildur meiddist í leik með Breiðabliki um síðustu helgi og í gær kom í ljós að meiðslin eru það alvarleg að hún neyðist til að draga sig úr leikmannahópnum.

Enginn leikmaður hefur verið kallaður inn í liðið í hennar stað. Ísland hefur aldrei unnið England í kvennaknattspyrnu en þjóðirnar hafa sjó sinnum leitt saman hesta sína. - hph

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

5 6 7 8 9 10 11

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.15 KA og Stjarnan mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 Keflavík og Haukar mætast í Iceland-Express deild kvenna.
- 19.15 KR og Grindavík mætast í Iceland-Express deild kvenna.
- 19.00 Upphitun með Guðna Bergs á Sýn. Upphitunarpáttur.
- 19.30 Liverpool-Benfica á Sýn.
- 19.30 Arsenal-Real Madrid á Sýn Extra.
- 19.30 AC Milan-Bayern München á Sýn Extra 2.
- 22.20 Handboltakvöld á RÚV.

Flestir vilja sjá Vigni eða Sverri

Flestir handboltaspekingar landsins telja að Vignir Svavarsson eða Sverrir Björnsson eigi að spila við hlið Sigfúsar Sigurðssonar í þeirri 6-0 vörn sem Alfreð Gíslason hyggst láta íslenska landsliðsins spila. Nær allir telja það verjandi að velja leikmenn í landsliðið eingöngu vegna hæfileika þeirra til að spila vörn.

HANDBOLTI Vignir Svavarsson, línumaður hjá Skjern í Danmörku, er best til þess fallinn að spila við hlið Sigfúsar Sigurðssonar í miðri 6-0 vörn íslenska landsliðsins, samkvæmt niðurstöðum óformlegrar könnunar Fréttablaðsins sem gerð var á meðal 25 helstu handboltaspekúlanta landsins. Vignir hlaut tíu atkvæði af 25 mögulegum í könnuninni en Sverrir Björnsson, leikmaður Fram, kom næstur með alls níu atkvæði. Þessir tveir leikmenn höfðu mikla yfirburði í könnuninni.

Alfreð Gíslason, nýráðinn landsliðsþjálfari Íslands í handbolta, lýsti því yfir á blaðamannafundi sl. laugardag að hann hygðist láta liðið spila flata 6-0 vörn í auknum mæli. Enn fremur sagði hann í viðtali við Fréttablaðið að nú færi í gang leit að þeim leikmanni sem ætti að spila við hlið Sigfúsar Sigurðssonar í miðri vörn íslenska liðsins. Fréttablaðið ákvað að taka Alfreð á orðinu og leitaði til 25 einstaklinga sem þekkja vel til íþróttarinnar.

Spurt var: Hver á að spila við hlið Sigfúsar Sigurðssonar í þeirri 6-0 vörn íslenska landsliðsins sem Alfreð Gíslason hyggst beita í auknum mæli?

Eins og áður segir höfðu flestir trú á Vigni í þessa lykilvernarstöðu en athygli vekur hversu margir telja að Sverrir Björnsson, sem leikið hefur frábærlega með Fram í vetur, sé rétti maðurinn í hlutverkið. Margir bentu á að Sverrir hefði ekki æft handbolta í þrjú ár fyrir tímabilið í ár en væri samt sem áður albesti varnarmaður deildarinnar. „Hvernig væri hann ef hann hefði aldrei hætt?“ hafði einn sérfræðinganna á orði og bætti við að þjálfari eins



HVOR Á AÐ VERA VIÐ HLIÐ SIGFÚSAR Langflestir telja að Vignir Svavarsson, leikmaður Skjern í Danmörku, eða Sverri Björnsson, leikmaður Fram, séu mennirnir til að spila í miðri 6-0 vörn íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR - VALLI

og Alfreð ætti ekki að eiga í teljandi vandræðum með að koma Sverri í alþjóðlegan klassa sem varnarmaður á tiltölulega stuttum tíma.

Segja má að skoðun manna á Vigni skiptist í tvo andstæða póla. Annað hvort sögðu menn að hann væri klárlega eini maðurinn til að spila með Sigfúsi eða töldu að hann væri búinn með sinn kvóta af tækifærum í gegnum tíðina - sem hann hefði ekki nýtt. Nokkrir sögðu Vigni vera of mistækan og þá mætti landsliðið ekki við því að hafa leikmenn innanborðs sem fengu tveggja mínútna brottvísun jafnoft og hann.

Jalesky Garcia kom í 3. sæti með fimm atkvæði og gengu þá menn að því að hann væri heill



heilsu og tilbúinn í verkefni landsliðsins. Fannar Þorbjörnsson hjá ÍR fékk tvö atkvæði og þeir Arnar Pétursson, leikmaður Hauka, og

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS:

Guðmundur Guðmundsson / Páll Ólafsson / Óskar Bjarni Óskarsson / Sigurður Bjarnason / Sigurður Sveinsson / Reynir Stefánsson / Finnþógr Grétar Sigurbjörnsson / Júlíus Jónasson / Atli Hilmarsson / Ólafur Björn Lárusson / Rúnar Sigtryggsson / Gunnar Magnússon / Sebastián Alexandersson / Þorbergur Aðalsteinsson / Guðjón Guðmundsson / Dagur Sigurðsson / Aðalsteinn Eyjólfsson / Geir Sveinsson / Ágúst Þór Jóhannsson / Heimir Ríkardóttir / Jóhannes Bjarnason / Guðmundur Karlsson / Alfreð Örn Finnsson / Kristján Halldórsson / Kristinn Guðmundsson.

Guðlaugur Arnarsson hjá Fylki ráku lestina með eitt atkvæði hvor.

Þess má geta að einn þjálfari gat með engu móti gert upp á milli Sverris, Vignis og Garcia og fá því allir leikmennir stig í því tilviki. Annar gat ekki gert upp á milli Sverris og Vignis og fengu þeir báðir atkvæði í því tilviki.

Í framhaldinu var sama úrtak spurt hvort það væri verjanlegt að velja leikmenn í landsliðið eingöngu vegna varnarhæfileika þeirra. Afgerandi álit manna var að svo væri, en alls sögðu 23 að slíkt val ætti rétt á sér á meðan aðeins tveir töldu að það yrði að horfa til beggja þátta, þ.e. varnar og sóknar.

Flestir voru sammála um að slíkt val færi að sjálfsögðu eftir samsetningu hópsins hverju sinni en í tilviki þess íslenska ætti það fyllilega rétt á sér.

vignir@frettabladid.is

SPURNING 1

Hver á að spila við hlið Sigfúsar Sigurðssonar í þeirri 6-0 vörn íslenska landsliðsins sem Alfreð Gíslason hyggst beita í auknum mæli?

NIÐURSTÖÐUR:

Nafn	Atkvæði
Vignir Svavarsson	10
Sverrir Björnsson	9
Jalesky Garcia	5
Fannar Þorbjörnsson	2
Guðlaugur Arnarsson	1
Arnar Pétursson	1

SPURNING 2

Er verjandi að velja leikmenn í landsliðið eingöngu vegna varnarhæfileika þeirra?

NIÐURSTÖÐUR:

Já sögðu:	23
Nei sögðu:	2

DV

Hefur þú séð DV í dag?

TIPPARI FÆR EKKI MILLJÓNAVINNING

Mætir lögmanni Lengjunnar í dómsal

Sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu klárast í kvöld þegar fjórir leikir fara fram:

Real þarf að stöðva Thierry Henry

FÓTBOLTI Síðustu fjórir leikirnir í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fara fram í kvöld. Á föstudaginn verður svo dregið í átta liða úrslitin samhliða því að nýr verðlaunagripur verður kynntur en Liverpool vann hinn síðasta til eignar á síðasta tímabili.

Evrópumeistararnir taka á móti Benfica á Anfield en portúgalska liðið fór með 1-0 sigur af hólmi í fyrri leiknum. „Við munum skora gegn Benfica. Miðað við færin sem við höfum verið að skapa okkur og stuðning áhorfenda getum við ekki annað en skorað,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool, fyrir leikinn.

Ronaldo kemur aftur inn í leikmannahóp Real Madrid sem mætir Arsenal á Highbury en Skytturarn unnu fyrri leikinn 1-0. „Við megum ekki láta þá skora hjá okkur. Ef við vinnum saman sem



THIERRY HENRY Lykilatriði hjá Real Madrid er að stöðva þennan magnaða knattspyrnumann. Henry skoraði eina markið í fyrri leik liðanna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

lið getum við farið áfram. Lykilatriði til þess er að stöðva Thierry Henry, ef við náum að gera það eigum við alla möguleika,“ sagði Sergio Ramos, varnarmaður Real, fyrir leikinn sem Real Madrid verður að vinna.

Það er engu minni stórleikur sem fer fram á San Siro á Ítalíu þegar Bayern München kemur í heimsókn. Fyrri leiknum lauk með jafntefli og eru heimamenn í kvöld því í kjörstuði fyrir leikinn með mark á útivelli í forskot. - hph

LEIKIR KVÖLDSINS:

LIVERPOOL-BENFICA	SÝN
Benfica vann fyrri leikinn 1-0	
ARSENAL-REAL MADRID	SÝN EXTRA
Arsenal vann fyrri leikinn 1-0	
AC MILAN-B. MÜNCHEN	SÝN EXTRA 2
Fyrri leiknum lauk með 1-1 jafntefli	
LYON-PSV	
Lyón vann fyrri leikinn 1-0	

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

BARCELONA-CHELSEA	1-1
1-0 Ronaldinho (78.), Frank Lampard (víti, 91.)þ Barcelona komst áfram samanlagt 3-2.	
JUVENTUS-WERDER BREMEN	2-1
0-1 Johan Micoud (12.), 1-1 David Trezeguet (68.),2-1 Emerson (88.). Juventus komst áfram samanlagt 4-4 með fleiri mörkum skorudum á útivelli.	
VILLAREAL-RANGERS	1-1
0-1 Peter Lövenkrands (11.), 1-1 Rodolfo Arruabarrena (50.). Villarreal komst áfram samanlagt 3-3 með fleiri mörkum skorudum á útivelli.	

Pýski handboltinn:

MINDEN-GÖPPINGEN	29-30
Snorri Steinn Guðjónsson skoraði tvö mörk fyrir Minden og Jalesky Garcia skoraði einnig tvö mörk fyrir Göppingen.	

DHL-deild kvenna:

FRAM-STJARNAN	26-31
VALUR-HK	41-28

STADAN:

1. HAUKAR	14	12	0	2 437:365	24
2. VALUR	15	12	0	3 417:348	24
3. ÍBV	14	11	1	2 365:308	23
4. STJARNAN	14	10	1	3 373:319	21
5. FH	14	9	0	5 376:338	18
6. GRÓTTA	14	5	0	9 325:349	10
7. HK	14	4	1	9 373:407	9
8. FRAM	14	3	0	11 338:389	6
9. KA/ÞÓR	14	2	0	12 332:419	4
10. VÍKINGUR	14	1	1	12 299:380	3



JOACHIM OLSEN Kastar hér til bronsverðlaunanna á HM í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Vésteinn Hafsteinsson:

Valinn bestur í Danmörku

FRJÁLSAR Danska frjálsíþróttasambandið hefur útnefnt Véstein Hafsteinsson þjálfara ársins í Danmörku fyrir framúrskarandi árangur sinn með tvo íþróttamenn. Vésteinn hefur þjálfað kúluvarparann Joachim Olsen og spjótkastarann Christinu Sherwin með frábærum árangri.

Sherwin náði fjórða sæti á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum á síðasta ári en hún var útnefnd frjálsíþróttakona ársins í kjörinu.

Olsen hlaut bronsverðlaun í kúluvarpi á HM innanhúss á síðasta ári auk þess sem hann náði bronsverðlaunum á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004. Hann verður með á HM í Moskva sem hefst á föstudaginn og getur því varið titil sinn þar. Aðeins einn Íslendingur verður með í Moskva en það er hlauparinn Björn Margeirsson. - hþh

Craig Bellamy:

Enn og aftur í vandræðum

FÓTBOLTI Vandræðagæmblingurinn Craig Bellamy var handtekinn í gær grunaður um líkamsárás á konu á skemmtistað í Cardiff, fæðingarþæ sínum. Atvikið átti sér stað á laugardaginn en nítján ára gömul stúlka færði árásina til lögreglu. Stúlkan ku hafa meiðst á hálsi og handlegg.

Bellamy var handtekinn og yfirheyrður en sleppt gegn tryggingu. Lögreglan á þó enn eftir að ræða frekar við Bellamy, sem hefur ítrekað komið sér í vandræði utan vallar.

Talsmaður Blackburn neitaði að tjá sig um málið í gær. - hþh

Galdrar Ronaldinho afgreiddu Chelsea

Besti knattspyrnumaður í heimi afgreiddi Englandsmeystara Chelsea á auðveldan hátt á Nou Camp. Ronaldinho setti á svið sýningu og skoraði markið sem tryggði Barcelona áframhaldandi þátttöku í keppninni.

FÓTBOLTI Leikur Barcelona og Chelsea fór rólega af stað og ljóst var á öllu að hvorugt liðið lét bilbug á sér finna. Leikmenn Chelsea voru lengi í gang, óvenju lengi sé tekið mið af því að liðið þurfti að skora í það minnsta tvö mörk til að komast áfram. Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í byrjunarliðinu en sóknarlína Chelsea fann sig ekki í fyrri hálfleiknum ef undanskilin eru hálfþæri sem ógnuðu aldrei Victor Valdes markmanni. Eiður Smári kom inn á fyrir Damien Duff á 58. mínútu en lét lítið fyrir sér fara.

Á hinum enda vallarsins setti Ronaldinho á svið stórsýningu þar sem hann sýndi allar sínar bestu hliðar og lék sér að varnarmönnum Chelsea, sem áttu engin svör við brögðottum Brasilumanninum. Lionel Messi þurfti að yfirgefa völinn vegna meiðsla en það kom ekki að sök fyrir Barcelona.

Ferskir vindar blésu í síðari hálfleik um Chelsea-liðið sem hóf að sækja en náði einfaldlega ekki

að brjóta ísinn. Ronaldinho tók til sinna ráða þegar lítið var að gerast og afgreiddi einvígið á sinn einstaka hátt. Hann fékk boltann fyrir utan vítateig og hreinlega labbaði framhjá John Terry og félögum í vörn Chelsea og þrumaði boltanum framhjá Petr Cech.

Frank Lampard skoraði úr vítaspyrnu á síðustu mínútu leiksins en það var engan veginn nóg fyrir enska liðið, sem datt verðskuldað úr keppni.

Juventus tókst á ótrúlegan hátt að komast áfram í átta liða úrslitin. Johan Micoud kom Werder Bremen yfir áður en David Trezeguet jafnaði metin. Allt leit út fyrir að firnasterk vörn Bremen myndi halda þar til markmaðurinn Tim Wiese gerði sig sekan um skelfileg mistök þegar hann missti bolta sem hann var búinn að grípa og Emerson þakkaði fyrir sig með því að rúlla boltanum í markið og koma Juventus áfram á mörkum skorudum á útivelli.

Rangers tókst ekki að komast



RONALDINHO Galdraði fram frábæra sýningu í leiknum og leikmenn Chelsea réðu engan veginn við snilldartahta Brasilumansins. NORDICPHOTOS/AFP

áfram þrátt fyrir hetjulega baráttu á Spáni. Leikmenn Villarreal voru einfaldlega of sterkir fyrir Skotana sem komust yfir með marki

frá Peter Lövenkrands á upphafsminúturnum en Rodolfo Arruabarrena skoraði fyrir heimamenn, sem komust auðveldlega áfram. - hþh

Perry Ellis • Max Mara • 7th Street • Elisabeth Arden • Kliik • Casual

opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu með glampavörn frá kr.

20.900

frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökknar í sól

Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.

11.900

Barnagleraugu frá aðeins kr.

7.900

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

augastaður

færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa

Hamraborg og JL-húsinu

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„She told me I look like Britney Spears! Why would she say that if she doesn't like me?“

Elle úr kvikmyndinni Legally Blonde árið 2001.
SVA

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI LEIDDIST YFIR ÓSKARNUM.

Glassúrhuðud leiðindi

Ég vakti yfir Óskarnum aðfaranótt mánudagsins. Þetta er eitthvað sem maður hefur gert skilyrðislaust frá því Stöð 2 gerði þá byltingu að bjóða upp á veisluna í beinni. Þótt það megi finna Óskarsverðlauninum ýmislegt til foráttu, til dæmis það að þau eru alls ekki marktækur mælikvarði á hæfileika og gæði, þá eru þau engu að síður áhrifamikil kvikmyndaáhugafólks. Verðlaunaafhendingin er vitaskuld hlaðin glamúr og innihaldslausum glæsileik að hætti Hollywood sem felur að vísu í sér að hún á að vera hin besta skemmtun. Mér varð því illa brugðið þessa nótt þar sem mér hundleiddist yfir þessu öllu saman. Samt hafa sjaldan jafn margar góðar myndir keppt um stytturnar. Spennan var að vísu í lágmarki og allt fór þetta meira og minna eins og spár gerðu ráð fyrir. Þá er ekki heldur við kynninn að sakast þar sem Jon Stewart var þrælógður, beittur og kaldhæðinn. Miklu betri en þeir sem hafa reynt að fylla skarð Billy Crystal hingað til.

Þetta virðist því allt hafa verið eins og best verður á kosið en mér leiddist samt. Ég hlýtt því að spyrja mig hvort vandinn

liggi mín megin en ekki Akademíunnar. Er ég orðinn svona gamall og fúll að ég get ekki skemmt mér yfir útsendingu sem ég hef beðið eftir mánuðum saman?

Ég veit það ekki en hallast þó að því að vandinn liggi hjá stjórnum sem kynna verðlaun og taka á móti þeim. Það var kannski meira trukk í liðinu fyrir nokkrum árum. Það virðist enginn þora eða nenna að bregða á leik lengur. Jack Palance gerði einu sinni armbeygjur á sviðinu, Christopher Walken hefur farið með kostulegar eftirhermur og Cher hefur ítrekað slegið mann kaldan með kjólaskrímslum sínum. Nú koma bara allir og lesa línurnar sínar af skjá og þetta er orðið gerilsneytt. Ég naut þess ekki einu sinni að fylgjast með þessum Ólympsgoðum nútímans stíga til jarðar á rauða dregilinn og leyfa þeim dauðlegu að snerta sig. Ég vona að þetta hafi verið einsdæmi og mun vinna í sjálfum mér til þess að geta notið þessa að ári og vona að Hollywood-liðið geri slíkt hið sama.




JON STEWART Stóð sig vel á Óskarnum.



▶ 20.30

Keppni


PROJECT RUNWAY



▶ 20.05

Lífstíll


VEGGFÓÐUR



▶ 22.00

Spenna

INVASION



▶ 20.00

Lífstíll


HOMES WITH STYLE



▶ 19.30

Fótbolti

LIVERPOOL – BENFICA



17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Steini (37:52) 18.23 Sí-gíldar teiknimyndir (23:42)

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi

2005 13.05 Home Improvement 13.30 George Lopez 13.55 Whose Line Is it Anyway? 14.20 American Idol 15.05 Fear Factor 16.00 BeyBlade 16.25 Sabrina – Unglingsnomin 16.50 17.15 Pingi 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Heil og sæl (e)

15.20 Worst Case Scenario (e) 16.05 Innlit / útlit (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs

16.45 Skólahreysti 2006 17.30 Meistaradeildin með Guðna Bergs 18.00 Íþróttaspiallið 18.12 Sportið

18.31 Líló og Stitch (60:65) (Lilo & Stitch)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
▶ 20.30 Tískuprautir (2:12) (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum og meðal dómara er hönnuðurinn Michael Kors.
21.15 Svona er lífið (2:13) (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
22.00 Tíufréttir
22.20 Handboltakvöld
22.40 Formúlukvöld

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.35 Strákarnir
▶ 20.05 Veggfóður (6:17) Vala Matt er snúinn aftur á Stöð 2 ásamt Hálfáni í Lífstíls- og hönnunarþættinum Veggfóður.
20.50 Oprah (40:145) (Oprah's Bra And Jean Intervention)
21.35 Missing (17:18) (Mannshvörf) (Paper Anniversary) Kona hverfur sporlaust og í fyrstu gruna Nicole og Jess eiginmanninn um græsku.
22.20 Strong Medicine (21:22) (Samkvæmt lækisráði 4) (Identity Crisis) Sjúklingur Lu er sannfærður um að sjúklingur Andys sé á flotta undan lögreglunni.

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 The War at Home Nr. 8 (e)
20.00 Friends (13:24)
20.30 Sirkus RVK (19:30)
21.00 My Name is Earl Nr. 9 (Cost Dad An Election) Earl reynir að hjálpa föður sínum að verða kosinn borgarstjóri.
21.30 The War at Home Nr. 9 (Dave Get Your Gun)
▶ 22.00 Invasion (9:22) (Dredge) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar.
22.45 Reunion (8:13) (e) (1993)

19.00 Cheers
19.25 Fasteignasjónvarpið
19.35 Will & Grace – lokapáttur (e)
▶ 20.00 Homes with Style – NYTTI! Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt að utan sem innan.
20.30 Fyrstu skrefin Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best.
21.00 Queer Eye for the Straight Guy Samkynhneigðar tiskulögur gefa einhleypum, gagnkynhneigðum körlum góð ráð.
22.00 Law & Order: SVU
22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð

18.30 Ensku mörkin
19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
▶ 19.30 UEFA Champions League (Liverpool – Benfica) Bein útsending frá leik Liverpool og Benfica í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Liverpool tapaði 1-0 í fyrri leik liðanna og því er gróðarlega mikið í húfi fyrir meistarana en þeir eiga hættu á að detta út.
21.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistararmörk 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.
22.05 UEFA Champions League (Arsenal – Real Madrid)

23.10 Ray Davies 0.00 Kastljós 1.00 Dagskrárlök

23.05 Stelpumar 23.35 Grey's Anatomy 0.20 League of Extraordinary Gentl (B. börnum) 2.10 Queen of the Damned (Str. b. börnum) 3.50 Missing 4.35 Strong Medicine 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.30 Kallarnir Nr. 6 (e) 0.00 Friends (13:24) 0.25 Sirkus RVK (19:30) (e)

23.20 Jay Leno 0.05 Close to Home (e) 0.55 Cheers (e) 1.15 2005 World Pool Championship (e) 2.55 Fasteignasjónvarpið (e) 3.05 Östðvandi tónlist

23.55 UEFA Champions League (AC Milan – Bayern Munchen) 1.45 Meistaradeildin með Guðna Bergs 2.15 US PGA Tour 2005 – Highlights



6.00 The Ladykillers (B. börnum) 8.00 Another Pretty Face 10.00 Uncle Buck 12.00 Like Mike 14.00 Another Pretty Face 16.00 Uncle Buck 18.00 Like Mike 20.00 The Ladykillers (Dömbanarnir) Bönnuð börnum.
22.00 Punch-Drunk Love (Frávita af ást) Barry rekur sitt eigið fyrirtæki í vöruhúsi. Í einkalífnum gengur hins vegar allt á afturfótunum. Bönnuð börnum. 0.00 Nine Lives (Str. b. börnum) 2.00 Smiling Fish & Goat on Fire (B. börnum) 4.00 Punch-Drunk Love (B. börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 Awards Fashion Police 13.00 E! News 13.30 Supermodels Gone Bad 14.00 Live from the Red Carpet 16.00 Awards Fashion Police 17.00 Live 2006 Academy Awards Post Show 19.00 E! News 19.30 Celebrity Soup 20.00 Live 2006 Academy Awards Post Show 22.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 23.00 Live from the Red Carpet 1.00 Awards Fashion Police 2.00 Live 2006 Academy Awards Post Show

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

7.00 Að leikslökum (e) 8.00 Að leikslökum (e) 14.00 Aston Villa – Portsmouth frá 04.03 16.00 Middlesbrough – Birmingham frá 04.03 18.00 Newcastle – Bolton frá 04.03

20.00 West Ham – Everton frá 04.03 22.00 Wigan – Man. Utd Leikur frá því síðast liðið mánudagskvöld.

0.00 Dagskrárlök

MasterCard

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Guðni Bergs og Heimir Karls hita upp fyrir alla leikina kl. 19

Liverpool - Benfica
Arsenal - Real Madrid Syn Extra
AC Milan - Bayern München Syn Extra 2

Í KVÖLD KL. 19:30

SYN

besta sætið

LIVERPOOL
BENFICA

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ray Davies

RÚV, kl. 23.10

Líf Ray Davies undir smásjóni

Tónlistarmaðurinn Ray Davies er væntanlegur til Íslands til að halda tónleika. Hann var aðalkarlinn í hljómsveitinni The Kinks á sjöunda áratug síðustu aldar og ferill hans er því orðinn meira en 40 ára langur. Í heimildarmyndinni sem Sjónvarpið sýnir nú talar Ray af hreinskilni um líf sitt og listamannsferil. Eins er talað við David Bowie, Elvis Costello, Paul Weller og Bob Geldof sem fara fögrum orðum um þennan samferðamann sinn í tónlistinni og sýndar gamlar upptökur, meðal annars frá tónleikum og flutt lögum You Really Got Me, Sunny Afternoon, Days, Waterloo Sunset, Lola, All Day and All of the Night, Dedicated Follower of Fashion, Come Dancing og fleiri.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

	2		7			9		
			4			1		3
	1				8			
2	3		5					
8		9				7		5
					3		2	6
			8				7	
4		6		5				
	5			3				6

Lausn á gátu gærdagsins

3	2	4	1	7	5	6	9	8
9	7	8	6	4	2	1	5	3
6	1	5	3	9	8	2	4	7
2	3	7	5	6	9	4	8	1
8	6	9	2	1	4	7	3	5
5	4	1	7	8	3	9	2	6
1	9	3	8	2	6	5	7	4
4	8	6	9	5	7	3	1	2
7	5	2	4	3	1	8	6	9



► 21.10
Heimildamynd

HÆTTUR HAFSINS



7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisíð – fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnábing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur Maður vikunnar.

20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.

21.00 Fréttir

► 21.10 Hættur hafsins

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnábing/Miklabraut Hrafnábing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnábing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Pipar og salt 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Orð skulu standa 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söðmenn söngvanna 21.00 Út um græna grundu 22.15 Lestur Passíusálma 22.22 Bókabátturinn 23.05 Fallegast á fóninn 0.10 Útlit að á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert 22.10 Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík síðdegis. 7.00 Ísland í bítíð 9.00 Ivar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag. 19.30 Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTLIT SAGA
- FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying



Fyrstu skrefin

mið
kl. 20.30

Í fyrsta skipti á Íslandi: Nýr þáttur um allt sem viðkemur foreldrahlutverkinu á fyrstu æviskeiðum barnsins í umsjón Guðrúnar Gunnarsdóttur.

í kvöld!



ENNEEM / SIA / NMF0028



HRÓSIÐ

...fær hamskerinn Haraldur Ólafsson fyrir að hætta að stoppa upp fugla vegna yfirvofandi fuglaflensu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 gætt 6 skammstöfun 8 klæðalaus 9 andi 11 mäs 12 traök 14 skýli 16 tveir eins 17 lágvæð niður 18 forsögn 20 tveir eins 21 hnappur.

LÖÐRÉTT

1 mest 3 í röð 4 stíflaður 5 traust 7 sjampó 10 draup 13 nagdýr 15 innýfla 16 kærleikur 19 málmur.

LAUSN


LÁRÉTT: 2 gætt, 6 skammstöfun, 8 klæðalaus, 9 andi, 11 mäs, 12 traök, 14 skýli, 16 tveir eins, 17 lágvæð niður, 18 forsögn, 20 tveir eins, 21 hnappur.
LÖÐRÉTT: 1 mest, 3 í röð, 4 stíflaður, 5 traust, 7 sjampó, 10 draup, 13 nagdýr, 15 innýfla, 16 kærleikur, 19 málmur.

BUXUR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hálfarlíði
565 7100

Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPÍÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

PRÍR SPURÐIR: ÞAÐ KOM ÞJÓÐINI Í OPNA SKJÖLDU ÞEGAR ÁRNI MAGNÚSSON SAGÐI UPP

Hvað finnst þér um brotthvarf Árna úr ríkisstjórninni?



Benedikt Hermann Hermannsson úr Benna Hemm Hemm

Mér er voðalega mikið sama og þetta hefur lítil áhrif á mitt líf.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Arnar Þór Gíslason, trommuleikari í Dr. Spock

Mér finnst skelfilegt að erfðaprins Framsóknarflokksins skuli hverfa á braut og hef miklar áhyggjur af framtíð flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona úr stelpunum

Þetta er hans ákvörðun og ef honum finnst þetta vera of mikið þá má hann þetta alveg. Búum við ekki í lýðræðisríki?

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA


IDOL STJÖRNULEIT: KEPPENDUR FÁ LAUN FRÁ LANDBANKANUM

Veglegur söngstyrkur

Landsbanki Íslands styrkir þá sex keppendur sem eftir eru í Idol - stjörnuleit Stöðvar 2 með peningum en þeim var tilkynnt þetta óvænt í gær. Fengu þau Bríet Sunna, Alexander, Ingó, Ragnheiður Sara, Ina og Snorri afhent debetkort með myndinni sem Ari Magg tók af þeim. Styrkurinn fellur þó niður um leið og viðkomandi dettur úr keppinni.

Mikil vinna fylgir því að taka þátt í Idol og þegar spennan magnast viku frá viku þurfa keppendurnir að leggja mjög hart að sér til að falla ekki út. Stífar æfingar, söng- og danstímar og kynningarstarf er aðeins lítil hluti af vinnunni. „Þau eru í Idol-inu nánast alla daga,“ útskýrir Þór Freysson, framleiðslustjóri þáttanna. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi háttur er hafður á en töluverð umræða átti sér stað í fyrria þegar einhverjir keppendur reyndu að fá styrk frá sveitarfélögum til að bæta upp vinnutap. Þór vildi ekki gefa upp hversu há fjárhæðin væri en taldi þetta vera mjög góðan styrk fyrir keppendurna. „Allir hópar hafa hingað til verið launalausir en peningarnir ættu að hlaupa undir bagga með þeim. Námskeiðin og sú reynsla sem keppendur hafa fengið í staðinn undanfarið er hins vegar ómetanleg og þau búa að þeim alla ævi,“ bætir Þór við.

Sextmenningarnir brugðu sér til Parísar um helgina og voru herlegheitin tekin upp. Ferðasagan verður sýnd á föstudaginn. Að sögn Þórs tókst ferðin með eindæmum vel en gíst var á fínu hóteli í miðborg Parísar. „Við fórum í skoðunarferð með Laufeyju Helgadóttur, fararstjóra Flugleiða, sigldum um



IDOL-KEPPENDURNIR Fá loksins greitt fyrir þátttöku sína í þáttunum en þeim gefst ekki mikill kostur á sinna „daglegu“ lífi á meðan keppinni stendur.

MYND/ÞÓR FREYSSON

Signu og borðuðum góðan mat,“ segir Þór. Ástarbriminn mun ekki hafa kviknað milli keppenda í þessari rómantísku borg en Þór viðurkennir að þau hafi öll orðið ástfangin. „Enda ekki annað hægt í París,“ segir hann og hlær.

Idol - stjörnuleit hefur verið eitt vinsælasta sjónvarpsfni landsins undanfarið þrjú ár og Þór finnst

áhuginn ekkert fara minnkandi, þvert á móti. „Spennan eykst alltaf eftir því sem nær dregur,“ segir hann og bætir við að þeir keppendur sem eftir standi finni töluvert fyrir þátttöku sinni. „Þeir eru stoppaðir úti á götu, beðnir um eiginhandararitarnir og fólk vill fá myndir af þeim með sér,“ segir hann.

freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Á vef Popplands er greint frá því að rokkhljómsveitin Jet Black Joe ætli sér að endurvekja forna frægð og gefa út nýja plötu sem kemur í verlanir á næstu misserum.



Rokkþyrstir Íslendingar hljóta að gleðjast yfir þessum tíðindum en hafnfirsku drengirnir voru með því ferskasta sem heyrðist í upphafi tíunda áratugarins. Ferill hennar var reyndar æði skrautlegur og margir muna eflaust eftir uppötum sem urðu eftir tónleika sveitarinnar á Ísafirði þegar hún stóð á hátindi ferils síns. Hún hætti störfum eftir að söngvarinn Páll Rósinkrans gafst upp á rokklífurnu og snéri sér alfarið að sólóferlinum en hann og Gunnar Bjarni gítarleikari hafa stundum komið fram tveir og spilað undir nafni sveitarinnar.



Egill Einarsson, betur þekktur sem Gilzenegger, hefur fengið kallar kveðjur frá ritdómurum sem tekið

hafa bók hans Biblíu fallega fólksins fyrir. Agli er helst legið á hálsi að kynda undir útlitsdýrkun, gera lítið úr konum og skrifa texta sem er býsna fjarskyldur gullaldarisönskun. Egill fékk það til dæmis óþvegið hjá Hávari Sigurjónssyni, menningarpáfa Morgunblaðsins, í dómi sem birtist í Lesbók blaðsins á laugardag. Það er ekki síst útlitsdýrkun Egils sem fer fyrir brjóstið á Hávari, sem fjallar í löngu máli um bókinu undir fyrirsögninni „Handbók heimskingans“. Það þarf svo sem engan að undra að Hávar kunnir ekki að meta skopskyn Egils enda má ætla að á milli þeirra sé hlydþjúp og víðfeðm menningargjá. Það er hins vegar öllu skondnara að Hávar skuli amast við áhuga Egils á ytra útliti fólks þar sem hann er sjálfur brautryðjandi á sviði líkamsræktar á Íslandi hann þýddi á sínum tíma handbókina Líkami fyrir lífið. Sú bók er enn sem komið er langmest seldu líkamsræktarbók á Íslandi, fyrr og síðar.

- fgs/bp



Silvía leggur Japan undir sig

Vegir Silvíu Nætur virðast órannsakanlegir og óútreiknalegir en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins gistir söngdívann nú á Hilton-hótelinu í Tókýó í boði japansks plötufyrirtækis og dugði ekkert minna en forsetasvítan undir hana. Viðræður eru hafnar við aðstandendur Silvíu um að gefa út plötu með henni og svo virðist sem Íslendingar eigi miklu fylgi að fagna þar austur en rapphljómsveitin Quarashi gerði góða hluti þar fyrir nokkru.

Japanska þjóðin hefur ekki síður en sú íslenska kolfallið fyrir henni því Silvía kemur fram í þó nokkrum sjónvarpsþáttum í þessari viku auk þess sem heimildir Fréttablaðsins herma að viðræður séu hafnar um að sjónvarpsdrottningin fái sinn eigin sjónvarpsþátt á japanskri sjónvarpsstöð.

Silvía Nótt sló eftirminnilega í gegn á Skjá einum fyrir rúmu ári síðan og hefur sigurgangan verið óslitin síðan þá. Var hún kjörin Sjónvarpsmaður ársins á Edduverðlaunum auk þess sem hún sigraði með sögulegum yfirburðum í forkeppni RÚV fyrir Evró-



SILVÍA NÓTT Hefur slegið í gegn á japanskri grundu og viðræður standa yfir um að gera hennar eigin sjónvarpsþátt fyrir japanska sjónvarpsstöð.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

vision en keppnin fer fram á Grikklandi.

Hópurinn sem fylgir Silvíu er væntanlegur til Íslands á laugardaginn og ætti framtíðin þá að vera orðin nokkuð skýr. Ágústa

Eva Erlendsdóttir, sem bregður sér í hlutverk Silvíu, þarf einnig að koma til landsins þar sem tókur á Mýrinni fara senn að hefjast en þar leikur hún Evu Lind, dóttur Erlends.

- fgg

GLÆNÝ LÚÐA HUMAR TÚNFISKUR



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14

Páskatilboðin í fullum gangi

GravityZero með
TEMPUR heilsudýnu



Ekki missa af þessu



Fermingatilboð 2006

**Betra
BAK**



Val um hvíta eða brúna leðurlook botna með SquareAlu löppum án aukagjalds!!!
Gildir aðeins í mars

Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164,-~~ Nú kr. 47.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478,-~~ Nú kr. 49.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287,-~~ Nú kr. 56.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466,-~~ Nú kr. 64.900,-

**THE
NeverTurnTM
MATTRESS**

Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:

100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900,-~~ Nú kr. 65.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800,-~~ Nú kr. 75.900,-

Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúrlæg gæðafeni

Laserskorin Conformafoam eða Latex heilsu og hægindalagi

Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkanti og meira svefnsvæði

Tvihert háþróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð: Virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR


Fugladansinn

Fátt er áhugaverðara í fjölmiðlum en dýrafréttirnar. Sumar er gleðilegar, svo sem þegar kálfar eru bornir í Húsdýragarðinum, en aðrar eru sorglegri eins og þegar ekið er á lömb. Frá því er oft skýrt eins og þar fari þjóðþekkt dýr, en landið er lítið, allir skipta máli. Þá er nú skemmtilegra að lesa að ný tegund hafi numið land. Þjóðin gleðst ekkert minna yfir mynd af undarlegri önd á tjörn en þegar heyrst af erlendum sérvitringum sem lært hafa íslensku af lúinni orðabók. Okkur finnst þetta oft óverðskuldaður heiður. Á örskömmum tíma náðu meira að segja vespurnar að verða okkur svo hjartfólgnar að mörgum varð hverft við þegar fréttir bárust af því að íslenski vespustofninn væri í bráðri útrýmingarhættu.

NÚ hafa váleg tíðindi borist á nýjan leik. Fuglarnir vilja okkur illt. Við vitum ekkert hvort óhætt sé að gefa öndunum brauð eða hvaða afleiðingar það hefur að bera gæsaskít inn í hús. Þegar einhver pestin geisaði á 17. öld gengu Evrópubúar með andlitsgrímur sem svipaði til fuglsgogga og sáust vel í þáttunum um kynóða Englandskónginn Karl. Líklega væri viðeigandi að verða sér úti um eitt-hvað svoleiðis og temja sér síðan að kallast á við fólk af margra metra færi eins og hér var gert í spænsku veikinni.

ÞEGAR ég var í frönskunámi í Nice fyrir þremur árum voru nemandurnir stundum beðnir að segja fréttir að heiman. Þá sagði ég oft krassandi dýrafréttir af mbl.is og bar heilsuleysi storksins Styrmis oft á góma. Kínverjunum fannst ekki mikið til þess koma, enda gátu þeir slegið um sig með fréttum af HABL-veirunni ógurlegu sem þá átti að útrýma heimsbyggðinni. Brúnin á þeim léttist þegar frægustu tískuhúsin settu smartar öndunargrímur á markað. Enn eitt dæmið um aðlögunarhæfni mannsins.

PRÁTT fyrir allar heimsendaspar gef ég öndunum enn brauð. Þær eru svo svangar að þegar brauðið er búið líður mér eins og Sophie sem Meryl Streep lék í Sophie's Choice. Þær sem ég sveik um bitann eru mér ofar í huga en þær sem mér þó tókst að metta. Á leið minni til baka eftir Lækjargötunni velti ég því gjarnan fyrir mér hvort þær sviknu eigi eftir að kjaga að mér einn daginn og hósta framan í mig slími. Þær hugsanir rjástlast þó alltaf af mér þegar mér verður gengið framhjá Litla ljóta andarunganum. Á meðan fólk hættir sér enn þangað inn getur varla öll von verið úti enn.



$$1 + 7 = 1$$

Fréttablaðið er
smáauglýsinga-
blaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ